

Skólavarðan

Kennarasamband
Íslands

Haust 2018
2. tbl.

Þórarinn Eldjárn

Íslenska er stórmál

12

Smásagnasamkeppni KÍ

Skólinn hefur drepið mig. Ég hef verið myrt af minni eigin menntun

40

Kolbrún Pálsdóttir

Samvinna er lykillinn að öllu saman

24

Tanya Helgason

Myndræni þátturinn mikilvægur

20





Georg kennir á klukku

Georg og klukkan er nýjasta viðbótin í leikjasafn Georgs. Um er að ræða bráðskemmtilegt app sem inniheldur fjölbreyttar æfingar og leiki fyrir börn sem eru að læra á klukku. Öll öppin hans Georgs eru að sjálfsögðu ókeypis og heita: **Georg og félagar**, **Georg og leikirnir** og **Georg og klukkan**.

Pú finnur öppin hans Georgs á islandsbanki.is/georg



14



Nemendur áhugasamir um menningararfinn

Skólavarðan fékk að fylgja 6. S í Laugarnesskóla í Listasafn Íslands þar sem nemendur fræddust um sýninguna Lífsblómið. Safnkennari Árnastofnunar sagði frá handritunum og fengu nemendur að skrifa sitt eigið handrit á kálfskinn með fjöðurstaf.



Stór hluti ungmenna hefur þörf fyrir frelsi

Skapandi tónlist er ný og spennandi námsleið í Tónlistarskólanum á Akureyri. Hjörleifur Örn Jónsson skólastjóri segir það hafa verið löngu tímabært að efna til þessarar nýbreytni en upplaggið í Skapandi tónlist er leiðbeinandi námsmat í stað dæmandi námsmats.

28



Væntingar félagsmanna eru mikil áskorun


Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður FG, og Hjördís Albertsdóttir, varaformaður FG, hafa haft í nógu að snúast síðan þær tóku til starfa í Kennarahúsinu síðasta vor. Þær vilja vekja kennara til vitundar um mikilvægi kennarastarfsins og efla stéttavitund.



Stétt sérkennara er að deyja út

Árni Helgason, skólastjóri Klettaskóla, hefur unnið með börnum með sérþarfir í ríflega 35 ár. Hann segir stöðugt unnið að því að innleiða nýja tækni nemendum til hagsbóta. Einnig er unnið að innleiðingu atferlisþjálfunar og ákveðinni nálgun í félagsfærnikennslu.

38



Vinátta á Sólhvörfum

Leikskólinn Sólhvörf í Kópavogi hefur innleitt ástralskt verkefni sem heitir Vinátta og gengur út á að vera góður félagi og sýna vinátta, umhyggju, virðingu og hugrekki í verki. Vináttan er forvörn gegn einelti og vinnan gengur út á að styrkja börnin hvert og eitt.

Skólavarðan



Anton Brink tók forsíðumyndina í heimsókn 6. S á sýninguna Lífsblómið í Listasafni Íslands sem er á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Kennarasamband Íslands
Kennarahúsinu
Laufásvegi 81, 101 Reykjavík
Sími 595 1111
Netfang: utgafa@ki.is
www.skolavardan.is

Ritstjórar: Arndís Þorgeirsdóttir og Dagný Jónsdóttir
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þór Pétursson
Hönnun og umbrot: Birgir Þór Harðarson
Prófarkalestur: Urður Snædal
Auglýsingar: Öflun
Prentun: Oddi

- 4 Leiðari
- 6 Fréttir
- 8 Félaginn
- 9 Kennarar leiða vernd íslenskrar tungu
- 10 Fyrstu haldbæru gögnin um stafræn áhrif ensks máls á íslenskt
- 11 Íslenska er leiftrandi tungumál, frábært og flott
- 12 Íslenska er stórmál
- 14 Nemendur áhugasamir um menningararfinn
- 18 Pallborðið
- 20 Myndræni þátturinn mikilvægur
- 22 Stór hluti ungmenna hefur þörf fyrir frelsi
- 24 Samvinna er lykillinn að öllu saman
- 28 Væntingar félagsmanna eru mikil áskorun
- 32 Stétt sérkennara er að deyja út
- 34 Röddin er aðalmálið
- 36 Tugþúsundir kennara vantar á næstu árum
- 38 Vinátta á Sólhvörfum
- 40 Framúrskarandi smásagnahöfundar
- 46 Auka vit 10. bekkinga á fjármálum
- 48 Eru nemendur sérfræðingar í sínu vinnuumhverfi?
- 50 Þörf á vitundarvakningu og beinum aðgerðum
- 51 Svona verður námsefni til
- 52 Gæðastjórnunarkerfi fyrir menntastofnanir
- 53 Allir nemendur Þelamerkurskóla hafa nú aðgang að fartölvu
- 54 Hugmyndafræði KeyWe
- 56 Vekjum athygli á því sem vel er gert
- 57 Aukum réttindi fyrir börn
- 58 Krossgáta

Íslenskan, járnbrautarlestir og nátttröll

Á

skólamálaþingi Kennarasambands Íslands var undirrituð samstarfsfyrirlýsing nokkurra aðila sem eiga það sammerkt að vilja styðja við íslenskuna. Markmiðið er að íslenska verði áfram skrifuð og töluð þrátt fyrir örar samfélagsbreytingar og ásókn enskunnar. Í kjölfarið hefur enn einu sinni blossað upp umræða um stöðu íslenskunnar í samfélaginu, jafnt í fjölmiðlum, heitu pottunum og á samfélagsmiðlum.

Ég hef reynt að halda til haga ýmsum sjónarmiðum sem komist hafa á flot í umræðunni á samfélagsmiðlum. Mig langar að deila nokkrum þeirra með ykkur.

Sumir segja að staða íslenskunnar sé alls ekki eins slæm og af er látið. Sem dæmi um það sjónarmið eru þessi orð þingmanns: „Ég vil meina að staða íslenskunnar

hafi aldrei verið betri. Það tala fleiri íslensku en nokkru sinni áður og fleiri eru að læra íslensku en nokkru sinni áður. Útbreiðslan er meiri en nokkru sinni fyrr og staða íslenskunnar, bæði á Íslandi og erlendis, er sterk enda er hún sterkt tungumál með ríka menningararfleið. Það er virðingarvert að verja málið en við megum ekki detta í einhverja vanhugsaða háfrónskunálgun. Það er í lagi að málið þróist og verði fyrir áhrifum af öðrum málum. Það er helst að það vanti að fólk beri almennt meiri virðingu fyrir tungumálum sem slíkum og sjái mikilvægið í því að vanda mál sitt, tjá sig skýrt og vel og rækta kunnáttu sína í tungumálum.“

Íslenskur tæknifrumkvöðull telur að þjóðin ætti að ihuga af alvöru hvort tímabært sé að stefna á tvítyngi: „Ég held að eitt það besta sem við gætum gert fyrir Ísland og Íslendinga (af öllum aldri, uppruna og gerðum) væri að taka formliga ákvörðun um að við séum tvítyngt samfélag.“ Hann bendir á að þótt vissulega sé flott að tungumálið búi yfir hugtaki eins og „Þórseðla“ þá séu möguleikar áhugasamra til að afla sér frekari upplýsinga (án enska eða latneska heitisins) afar takmarkaðir.

Barnabókaútgáfa á íslensku sé hræðilega takmörkuð og framboð efnis á íslensku á miðlum eins og Netflix allt of lítið. Það eigi að fjárfesta í máltækni og stórefla útgáfu á efni fyrir börn. Að því sögðu myndi íslenskt samfélag stórgreða á því að auka möguleika enskumælandi fólks. Auðvelda eigi ferðamönnum og nýjum Íslendingum að komast inn í samfélagið og einn liður í því ferli sé að kenna þeim íslensku. Íslenska og enska geti vel stutt hvor við aðra. Tungumál sé enda fyrst og fremst tæki notað til samskipta, fræðslu og miðlunar. Nái það ekki að gegna hlutverki sínu fer það að þvælast fyrir fólki og þá mun fólk losa sig við það.

Fjölmiðlamaður brást við þessu og spurði hvort það væri virkilega svo að íslenska þvældist fyrir einhverjum. Þvert á móti væru þess ýmis merki að áhersla þjóðarinnar á íslenskt mál hefði orðið þess valdandi að hér stæði í blóma menningarlíf á íslensku sem væri langtum öflugra og fjölskrúðugra en búast mætti við á örlitlu málsvæði.

Frumkvöðullinn brást við með því að benda á að það væru skýr merki þess að íslenskan þvældist fyrir tveimur hópum: Fróðleiksfúsum börnum og nýjum Íslendingum, en það væru mikilvægustu samfélagsþóparnir og þeir sem myndu skilgreina framtíð íslensks samfélags.

Þá kvað sér hljóðs tónlistarmaður:

„Ég vil minna á að tungumál er meira en tæki. Það er umgjörð, sviðsmynd og litaspjald hugsunar og menningar. Fækkun tungumála og rýrnun fjölbreytileikans rýra um leið fjölbreytileika mannlegrar hugsunar. Það má ekki líta á það sem fórnarkostnað framfara því þá er maður kominn langt yfir grensuna í þjónkun við sálarlausa vélhyggju um samfélagið og mennskuna. Það á ekki að hugsa um tungumál aðeins sem tæki. Ekki frekar en að hugsa eigi um járnbrautarlestir aðeins sem farartæki. Þær eru um leið lífsmáti, sýn á lífið og rómantík. Sviðsmynd ótal leikrita og skáldsagna.“

Þegar Kennarasambandið fór af stað með átak til stuðnings íslenskunni var það í þeirri von að umræður sem þessar myndu fara fram. Þær eru til fyrirmyndar. Sjónarmiðin, þótt ólík séu, eru skynsamleg og vel rökstudd. Svona eigum við að tala og á svona tal eigum við að hlusta. Það þarf að hugsa um þessi mál á víðum grunni og hlusta sérstaklega eftir röddum þeirra sem eru manni sjálfum ósammála. Og eitt þurfum við að forðast alveg sérstaklega. Svo ég vitni í listamann sem sjálfur hefur mikinn áhuga á íslenskunni og framtíð hennar en löngu orðið nóg boðið:

„Ég sagði mig úr öllum málfars- og málnotkunarhópum á facebook. Þar er bara þrjúgandi leiðinleg stemning og þessir hópar eru fullir af nátttröllum sem halda að hægt sé að þvinga betri málnotkun út úr fólki. Tungumálið er lifandi og að sparka viðstöðulaust í það mun drepa það, ekki fríska.“





-10 KR.



Með KÍ dælulykli Atlantsolíu fá félagsmenn 10 kr. afslátt á öllum sjálfsafgreiðslustöðvum félagsins.

Á afmælisdegi dælulykilshafa veitir dælulykill 16 kr. afslátt. Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is



Kennarahúsið í hringiðu stórfamkvæmda

Umhverfi Kennarahúss tekur hröðum breytingum þessa dagana vegna framkvæmda við nýjan Landspítala. Umfang framkvæmdanna er og verður mikið næstu misserin. Þessar vikurnar er sprengt að jafnaði þrisvar á dag við austurenda Kennarahússins. Sprengingarnar fara ekki fram hjá starfsfólki KÍ, húsið hristist duglega við hverja sprengingu en sem betur fer er viðvörunarbjöllum hringt á undan hverri sprengingu þannig að starfsfólk, og þeir sem vinna og dvelja á Landspítalanum, vita hvað er í vændum.

Í þessum fyrsta áfanga jarðvinnu vegna nýja spítalans er gert ráð fyrir að flytja þurfi 339 þúsund rúmmetra af jarðefnum á brott. Verktími þessa áfanga er 20 mánuðir og líklegt að vörubílar fari að meðaltali 49 ferðir á dag eða um þúsund ferðir á mánuði.

Fram undan er að Gömlu Hringbraut verði lokað eða í byrjun næsta árs og þá breytist aðkoman að Kennarahúsinu. Framkvæmdir við Nýja Landspítalann munu standa óslitið næstu fjögur árin en ráðgert er að nýi spítalinn verði tekinn í notkun árið 2024.

Starfsmenn Kennarahúss
þurfa að venjast því að
sprengt er við húsið þrisvar á
dag þessar vikurnar.



SÍ og samninganefnd sveitarfélaganna ekki á sömu blaðsíðu

Ársfundur Skólastjórafélags Íslands, sem fram fór í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ nýverið, mótmælir því harðlega að framhaldsmenntun skólastjórna skuli ekki metin til jafns við undirmenn þeirra. Þetta er meðal þess sem kom fram í ályktunum ársfundarins. Þá mótmælir ársfundurinn því sömuleiðis að samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga meti ekki starfsreynslu við kennslu þegar kennarar eru ráðnir til stjórnunarstarfa í grunnskólum.

„Sérstaklega er þetta athyglisvert í ljósi þess að við ráðningar í

störf skólastjórna í grunnskólum er kennslureynsla ávallt talin kostur eða skilyrði. Í ljósi þessa er það algjörlega óásættanlegt að starfsreynsla við kennslu skuli ekki metin sem ávinningur við launaröðun þegar kennarar ráða sig sem skólastjórna við grunnskóla,“ segir í ályktun fundarins.

Ársfundurinn gerir jafnframt alvarlegar athugasemdir við störf og viðhorf samninganefndar sveitarfélaganna enda sé ljóst að skólastjórna hafi dregist verulega aftur úr í launum á undanförunum árum. Dæmi séu

um að launamunur skólastjórna og kennara í sömu skólum sé óverulegur og sú staða hafi komið upp að farsælir skólastjórna hafi horfið aftur til kennslu af þessum sökum.

Samninganefnd sveitarfélaga brást við ályktunum ársfundarins með yfirlýsingu þar sem sérstök ástæða þótti til að feitiletra að forysta SÍ hefði ekki þegið tilboð nefndarinnar um leiðréttingu launa skólastjórna og umræðu um breytingar á menntunarkla kjarasamnings. Tilboð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga snerist hins vegar um að

skólastjórna fengu aðeins hluta af þeirri leiðréttingu sem áður hafði verið framkvæmd hjá öðrum félagsmönnum annarra félaga innan Kennarasambands Íslands.

Það að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sé ekki tilbúin til sambærilegrar endurskoðunar og leiðréttingar á kjörum skólastjórna og annarra félagsmanna KÍ, í kjölfar samnings SNS og FG á vormánuðum, hlýtur að kalla á frekari skýringar af þeirra hálfu. Forysta SÍ hefur ekki fengið slíkar skýringar og bíður þeirra.



Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla, Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambands Íslands.

Móðurmálið er forgangsmál

Viljayfirlýsing um vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls var undirrituð á Skólamálaþingi KÍ þann 4. október sl. Lögð verður áhersla á að finna viðtækan samstarfsgrundvöll til að vekja athygli og áhuga á íslenskunni, stuðla að virkri notkun tungumálsins og vinna að jákvæðara viðhorfi, ekki síst barna og unglunga, til íslenskrar tungu.

Íslenska er stórmál

„Kennarasamband Íslands, forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Háskóli Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli staðfesta vilja til að standa að vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls. Ofangreindir aðilar munu leggja sig fram við að finna viðtækan samstarfsgrundvöll til að vekja athygli

og áhuga á móðurmálinu, stuðla að virkri notkun þess og vinna sérstaklega að jákvæðari viðhorfum barna og unglunga til íslenskrar tungu.

Íslenskan stendur á tímamótum og mikilvægt er að tryggja að íslensk tunga standi jafnfætis öðrum málum og sé notuð á öllum sviðum þjóðlífsins. Á það bæði við um daglegt líf og sérhæfðari samskipti.“

Umbætur í málefnum tónlistarskóla brýnar

Fundur með menntamálaráðherra á næstunni.

Aðgerðarleysi menntayfirvalda í málefnum tónlistarskóla er farið að standa eðlilegri þróun skólaflokknum fyrir þrifum. Koma þarf forgangsmálum tónlistarskóla í farveg innan menntamálaráðuneytisins. Þetta er meðal þess sem kom fram í ályktun sem samþykkt var á sex svæðisþingum tónlistarskóla sem fóru fram í haust.

Forgangsmál í kerfi tónlistarskólanna eru eftirfarandi:

- ▶ endurskoðun á frumvarpi til nýrra laga um tónlistarskóla,
- ▶ nefnd um mat á menntun og prófgráðum kennara og stjórnenda í tónlistarskólum,
- ▶ lögverndun starfsheitis tónlistarskólakennara,
- ▶ endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla og
- ▶ sérfræðingur á sviði tónlistar/lista hjá ráðuneytinu.

Þessi mál skipta öll sköpum fyrir faglega og rekstrarlega umgjörð tónlistarskóla. „Framangreind forgangsmál hafa verið á dagskrá Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum um árabíl og

eru nauðsynlegar umbætur fyrir löngu orðnar aðkallandi. Aðgerðaleysi í málaflokknum er farið að standa eðlilegri þróun fyrir þrifum,“ segir orðrétt í ályktuninni.

Enn fremur ályktuðu svæðisþingin um að tónlistarskólarnir ættu að fá aðgengi að Sprotasjóði líkt og aðrar skólagærðir í Kennarasambandi Íslands. Með því yrði stutt við þróun og nýjungar í skólaflokknum tónlistarskóla og þróunarstarf í samstarfi við aðrar skólagærðir. Lengi hafa verið til staðar forsendur til framkvæmdarinnar og er ráðherra hvattur til að taka málið í sínar hendur og klára það.

Svæðisþingin eru samstarfsverkefni Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Samtaka tónlistarskólustjóra. Þau eru haldin árlega á Vestfjörðum, Vesturlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Suðurlandi og Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Formaður FT hefur ótulllega komið ályktunum fundanna á framfæri og er staða mála sú að ráðherra mun á næstu vikum funda með formanni.

Jafnréttisnefnd segir

▶ ... að því miður sé ekki hægt að setja upp tilkynningarhapp fyrir kynbundið ofbeldi, áreiti eða mismunun á síðu KÍ eins og beðið hefur verið um. Persónuvernd hefur ályktað um að samkvæmt lögum þarf einstaklingur að koma með ábendingu undir nafni annars eru upplýsingarnar ómarktækar. Sjá frekar á: www.personuvernd.is/urlausnir/nr/1612.

▶ ... að til sé bæklingur á síðu KÍ sem fjallar um kynbundna og kynferðislega áreitni. Hann heitir Kynbundin og kynferðisleg áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Hvetur nefndin félagi til að kynna sér efni bæklingins sem er gefin út í samstarfi ASÍ, BHM, BSRB, KÍ, Jafnréttisstofu og Jafnréttisráðs.



▶ ... að vekja þurfi félagsmenn til meðvitundar um karllægt gildismat í skólaflokknum, hvaða áhrif það hefur og hvernig megi breyta því. Enn fremur þarf að skoða hvaða áhrif skaðleg karlmennsku-ímynd hefur á jafnréttisbaráttu og nemendur allra skólastiga. Jafnréttisnefnd mun beita sér fyrir því að fræðsla um þessi brýnu mál berist stjórnendum og kennurum.

Félaginn

María Hjálmtýsdóttir

Skóli: Menntaskólinn í Kópavogi

Námsgreinar: Spænska, kynjafræði og fleira.

► Ég er kennari vegna þess

Að ég hef svo mikla þolinmæði fyrir unglingum og stundum tekst mér að koma einhverju inn í kollinn á þeim. Ég er líka lotumanneskja svo það hentar mér mjög vel hvernig annirnar rísa og falla eins og öldur.

► Besta stund vikunnar

Er kl. 11.45 á virkum dögum því þá fæ ég góða hádegismatinn í MK. Og líka þegar hringir út úr síðasta tíma vikunnar.

► Þessu myndi ég vilja breyta

Ég myndi vilja hafa skólann í fjögur ár og fá aftur úrvalið af fögum sem var til staðar áður en allir urðu stressaðir og samþjappaðir. Mér þykir nefnilega mikilvægara að þessir krakkar læri að hugsa og séu manneskjur í rólegheitum áður en þau þrusast út í lífið og verða vinnuafli fram til sjötugs.



Ég myndi vilja hafa skólann í fjögur ár og fá aftur úrvalið af fögum sem var til staðar áður



Mynd: Helgi Sverrisson

Kennarar leiða vernd íslenskrar tungu

Myndir: Anton Brink



Skólamálaþing KÍ var haldið þann fjórða október sl. í Veröld – húsi Vigdísar. Í ár var yfirskrifin Íslenska er stórmál. Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ, stóð í brúnni sem formaður Skólamálaráðs KÍ og stýrði málþinginu. Í lokin var ritað undir viljayfirlýsingu um að standa að vitundarvakningu um mikilvægi íslensks máls. Undir yfirlýsingu rituðu Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningar- málaráðherra, Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ, Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður Heimilis og skóla.

Með viljayfirlýsingu stöðfestu fyrrgreindir aðilar vilja til að stuðla að virkri notkun íslenskunnar og vinna saman að jákvæðari viðhorfum barna og unglinga til íslenskrar tungu.

„Við hjá Kennarasambandi Íslands ákváðum að sýna frumkvæði og fá með okkur í lið þessa öflugra aðila til að standa að vitundarvakningu um íslenskuna. Kennarar eru í lykilhlutverki varðandi máltöku barna og það er samfélagsleg skylda okkar að standa vörð um móðurmálið og við bendum jafnframt á að mikilvægt er að auka framboð á vönduðu og fjölbreyttu náms- og kennsluefni á íslensku á öllum skólastigum. Við hlökkum til að taka þetta áfram og sérstaklega í ljósi þeirrar jákvæðni og þess áhuga sem ríkti á málþinginu,“ segir Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður KÍ.



Fullt var út úr dyrum á Skólamálaþingi KÍ. Hér sjást forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og formaður KÍ, Ragnar Þór Pétursson hlýða af athygli á erindi.

Anna María Gunnarsdóttir, varaformaður Kennarasambandsins, setti Skólamálaþing KÍ.

Fyrstu haldbæru gögnin um stafræn áhrif ensks máls á íslenskt

Málumhverfið hérlendis hefur breyst mikið undanfarin 10 ár. Bæði er um að ræða samfélags- og tæknibreytingar sem felast m.a. í fjölgun fólks með annað móðurmál, alþjóðavæðingu, snjalltækjabyltingu og YouTube- og Netflix-væðingu. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor í íslenskri málfræði við Háskóla Íslands, og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor emeritus, kynntu hluta af fyrstu niðurstöðum rannsóknarinnar „Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis“ á Skólamálaþingi KÍ. Segja má að erindi þeirra hafi vakið mikla athygli enda liggja nú í fyrsta skipti fyrir haldbær gögn um stafræn áhrif ensks máls á íslenskt.

Í rannsókninni er m.a. skoðað hvort auknið enskuáreiti í íslensku málumhverfi skerði notkunarsvið íslenskunnar. Það er ljóst að áreitið nær til yngri viðtakenda en áður og þá bæði í gegnum snjalltæki og sjónvarpsáhorf. Í rannsókninni var bæði notast við netkönnun sem náði til 5.000 manns og eins voru tekin fjöldamörg viðtöl.

Athygli vekur að 57% þeirra barna í aldursþópnum þriggja til fimm ára sem nota snjalltæki á annað borð (78% aldursþópsins) hófu að nota snjalltæki og tölvur þegar þau voru tveggja ára eða yngri og átta prósent þeirra byrjuðu fyrir eins árs aldurinn. Stór hluti þessa hóps, þriggja til fimm ára barna, horfir á enskt efni á Netflix eða YouTube tvisvar í viku eða oftar og 19 prósent þeirra nota netið daglega samkvæmt svörum í rannsókninni.

Börn eiga nokkur samskipti sín á milli á ensku, þó svo að þau tali öll íslensku. Hlutfall þeirra sem þetta gera eykst töluvert með hækkandi aldri en gera má ráð fyrir að þá spili inn í viðhorfið til ensku, þannig að að það þyki flott að tala ensku. Athyglivert er einnig að skoða

Það þarf að gera íslenskuna meira spennandi og leika sér með hana, ekki síst í skólum landsins.

mat foreldra á íslensku- og enskukunnáttu barna sinna. Foreldrar yngri barna telja þau góð í íslensku miðað við jafnaldra en foreldrar eldri barna telja þau ekki alveg eins góð miðað við jafnaldra. Þessu er síðan öfugt farið þegar kemur að enskunni.


Lesið er fyrir um 90 prósent barna á aldrinum þriggja til fimm ára a.m.k. tvisvar í viku og er það gleðilegt. Börn verða að heyrna góða íslensku á fyrstu árum ævinnar til að bera málið áfram til næstu kynslóðar. Máltökuskeiðið skiptir þar öllu máli því íslenskan á allt sitt undir máltöku og málproska ungra barna. Hins vegar breyttist myndin hratt eftir því sem börnin eldast og tölvuleikir á ensku og efnisveitur svo sem Netflix og YouTube taka við af lestrinum. Það er þrengt að íslenskunni og veltu þau Sigríður og Eiríkur upp spurningunni hvort næg íslenska sé í málumhverfi barna á máltökuskeiði þannig að þau geti tileinkað sér hana að fullu. Eðlilega getur þessi mikla enskunotkun haft áhrif á þróun íslenskunnar. Skipulag setninga gæti riðlast og beinar þýðingar úr ensku rutt sér til rúms.

Í lokaorðum Sigríðar og Eiríks drógu þau saman þær niðurstöður að enska er áberandi í málumhverfi íslenskra barna og viðhorf þeirra til ensku er jákvætt. Alls ekki má líta á enskuna sem óvin íslenskunnar heldur gagnlegt tól sem við þurfum að hafa vald á ekki síst nú á tímum alþjóðavæðingar. Þau bentu á að þar sem nú liggja

fyrir ítarlegar upplýsingar um stöðuna megi nýta þær til að ákveða viðbrögð og aðgerðir í kennslu, námsefnisgerð og almennri vitundarvakningu. Það þarf að gera íslenskuna meira spennandi og leika sér með hana, ekki síst í skólum landsins.




Kunnáttu miðað við jafnaldra að mati foreldris



Samanburður á enskunotkun

8-9 ára og 10-12 ára börn – athafnir stundaðar að minnsta kosti tvisvar í viku



Íslenska er leiftrandi tungumál, frábært og flott

Forseti Íslands, forsætisráðherra og menntamálaráðherra ávörpuðu Skólamálabing KÍ sem fram fór í Veröld – húsi Vigdísar 4. október síðastliðinn.

Guðni Jóhannesson, forseti Íslands



Íslenska er stórmál. Íslenska er leiftrandi tungumál, frábært og flott. Tungumálið er áskorun og við höfum oft mætt áskorunum í aldanna rás. Það var Arngrímur lærði sem var fyrstur til þess að tala um að efla og vernda íslenska tungu. Einnig hafði Eggert Ólafsson skáld áhyggjur af framtíð íslenskrar tungu. Lærðir menn töldu það ekki þess virði að tala íslensku, en þjóðinni tókst að glíma við allar þessar áskoranir. Þá kom tuttugasta öldin, stríð, kalt stríð, menningarstríð, enska hér og þar og alls staðar, Kanasjónvarp, afþreying og vídeó. Allt áskoranir sem við sigumst á.


Við eigum að leika okkur með tungumálið. Virkjum börnin með okkur og finnum t.d. önnur orð yfir þau orð sem við notum helst. Skemmtunin er mikilvæg þegar að þessu kemur. Orðaforðinn er að dragast saman og málkerfið allt er að breytast. En við ætlum að vera hjartsýn og ákveðin í því að mæta þessum áskorunum öllum saman en við ætlum ekki að stunda málfarsfasisma. Við búum í fjölmenningsamfélagi. Við fáum hingað fólk sem ætlar að búa í samfélaginu með okkur og hefur íslenskuna ekki á hraðbergi og þarf þess vegna að fá aðstoð við að læra málið og umburðarlyndi þeirra sem á hlýða.

Íslenskan verður áfram okkar þjóðtunga en hver veit, kannski þurfum við að setja það í stjórnarskrá? Sum ríki hafa í sinni stjórnarskrá ákvæði um þjóðtöngu og það er umhugsunarefni. Við skulum vera hjartsýn um leið og við tökumst á við áskoranir af þessu tagi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

Kennarar eru ótrúlegir áhrifavaldar í lífi okkar allra og skólarnir eru undirstöðustofnanir í samfélaginu og mikilvægasta jöfnunartæki sem nokkurt samfélag á því þar komum við öll saman og gerum ungu fólki kleift að rækta hæfileika sína og þroska og finna tækifærin. Það er ekkert sem gleður mig meira en þegar synir mínir sem eru þrír, og allir í grunnskóla, koma heim og segja mér hvað kennarinn þeirra var að segja þeim. Maður finnur hversu sterk áhrif kennarar hafa á börn og hvað þeir hafa mikið að segja við þau.

Að rannsókn Sigríðar Sigurjónsdóttur og Eiríks Rögnvaldssonar, þá sýnir hún okkur hvað samfélagsbreytingarnar hafa verið hraðar síðustu ár. Svo gríðarlega hraðar að málumhverfi barna dagsins í dag er allt annað en það sem ég ólst upp við. Það er umhugsunarefni hversu ung og hversu mikið börnin leita í tölvuleiki á



ensku. Áhyggjuefni er að mörgum foreldrum finnst börnin ekki „samkeppnishæf“ nema þau séu í þessu enska málumhverfi. Við berum öll ábyrgð á máluppeldinu og að tryggja það að íslenskan fái að lifa áfram og þar skiptir máli að við höldum áfram að segja sögur; í bókum, í tölvuleikjum, í kvikmyndum, á íslensku um persónur í okkar samfélagi hvort sem þær tala íslensku eða ekki þar sem við erum í fjölmenningsamfélagi.


Við verðum að tryggja að við stöndum vörð um menningarverðmætin sem búa í íslenskrari tungu, eflum þau og skilum þeim áfram til heimsins því þetta snýst ekki bara um okkur, þetta snýst um heiminn og fjölbreytni tungumála í heiminum öllum. Að lokum; það er mikilvægt að hafa gaman af íslensku því það er hægt að gera ótrúlega hluti með tungumálinu okkar og þar eru kennarar í lykilhlutverki því þeir eru áhrifavaldar í lífi okkar og ekki má gleyma foreldrum. Ég þakka kennurum fyrir að eiga þetta frumkvæði því þetta er svo sannarlega stórmál.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

Hamingjuóskir með Alþjóðadag kennara því kennarar eru hreyfiafl og ég man vel eftir mínum kennurum, allt frá leikskóla.

Stjórnvöld eru að fara í mikla vinnu og heildstæða nálgun á því hvernig við eflum íslenskt mál og þar ber hæst endurgreiðslu á útgáfu bóka sem verður heilmikil innspýting inn í þann geira. Einnig er verið að efla starfsumhverfi fjölmíðla en þeir miðla tungumálinu okkar og gegna mikilvægu hlutverki í því. Við höfum fjármagnað að fullu máltækniverkefnið sem skiptir gríðarlega miklu máli.

Íslenskan er jöfnunartæki því ef við



lítum til þess brotthvarfs sem er á framhaldsskólastigi og helstu skýribreytur þess þá er það þannig að þeir nemendur sem sýna litla hæfni í íslensku eru mun líklegri til að hverfa frá námi. Þetta sýnir hversu mikilvægt það er að halda íslenskunni að börnunum okkar.

Skólasamfélagið er breytt og má nefna sem dæmi að í Fella-skóla innritaðist ekkert sex ára barn með íslensku að móðurmáli nú í haust. Þetta er gjörbreytt umhverfi og mikilvægara nú en áður að huga að málumhverfinu okkar og hafa aðgengi að íslenskunni sem greiðast. Við megum ekki vera endalasta að leiðrétta íslenskuna sem mest.

Ég fagna þessari vitundarvakningu sem Kennarasamband Íslands stendur fyrir því við þurfum að halda íslenskunni að öllum og auðvelda aðgengi að henni.

Skólamálaþing

Erindi Þórarins Eldjárns



Íslenska er stórmál

Í

slenska er stórmál. Engin spurning, enda er þessi yfirskrift fullyrðing.

Sjálfsagt er misjafnt hvað fólki finnst og hefur fundist þar um á ýmsum tímum. Enn misjafnara eftir því hvað

átt er við með mál. Hvort það er mál í merkingunni tunga, tungumál eða mál í merkingunni atriði eða viðfangsefni.

Sjálfur er ég á því að þetta sé reyndar satt á allan máta. Íslenska er mál málanna. Hjá okkur.

Sennilega hefur íslensk tunga aldrei verið álitin meira stórmál, eða öllu heldur ætlað stærra hlutverk en fram kemur í kenningum dr. Helga Pjeturss. Samkvæmt þeim er hún eina málið uppi á stjórnunum þangað sem við deyjum öll.

Ef þetta er rétt athugað hjá dr. Helga má ætla að hans íslenska sé þar töluð. Það væru út af fyrir sig nokkur tíðindi því annar höfundur sem gert hefur íslensku að stórmáli, þó með öðru móti sé, það er að segja Halldór Laxness, kemst svo að orði í Grikklandsári sínu að Helgi Pjeturss hafi, á bókum sínum, eins og hann segir „einna fegursta íslensku sem rituð hefur verið á okkar tíð.“

Svo heldur skáldið áfram: „Það er mikið ljósbað að lesa þennan stíl sem við samanburð gerir íslenskan nútímahöfund að hálfgerðu ómálgabarni.“

Loks klykkir Halldór þannig út, áfram af nokkurri hógværð sem vonandi er uppgerð: „Ég veit vel að ég hef ekki túngu úr höfði Helga Pjeturss; reyni það ekki einusinni.“

Þetta er reyndar dálítið hættulegt viðhorf: Ef Halldór Laxness verður eins og ómálgabarn í glímu sinni við tunguna, hvað þá með okkur hin?

Annars er þessi tiltekna stórmálshugmynd heillandi ef



Með réttri blöndu af fastheldni og framsækni, er íslensk tunga hæf í allt og til í allt ef við viljum það sjálf. Og okkur ber að vilja það. Sem hornsteinn íslenskrar menningar er hún ekki aðeins mál málanna heldur stórmál stórmálanna.

Þórarinn Eldjárn, eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar, var heiðursgestur á Skólamálaþingi KÍ.

maður lætur hana ekki stíga sér til höfuðs á jörðu niðri. Ég var svo heppinn að kynnast manni sem hafði beinan aðgang upp þangað gegnum miðilsfundi og hermdi mér mörg tíðindi þaðan.

Um það orti ég eitt sinn prósaljóð sem ég ætla að leyfa mér að fara með þó það heiti ensku nafni: Imagine

Granni minn einn sem ég hittit oft úti í búð hafði stærri loftnet en aðrir og kunni margt að segja frá því mikla ríki á öðrum hnöttum þar sem íslenskan ein er opinber tunga. Fyrirmælin til okkar þaðan væru skýr: Hætta fiskveiðum, virkja tungumálið. Ég gat glatt vin minn með því að segja honum að þetta hefði ég löngu gert fyrir mína parta. Að öðru leyti virtist starfið þarna uppi vera eins og eitt risavaxið námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Það gengur bara vel sagði granni minn. Maó til dæmis orðinn alveg ótrúlega sleipur. Aðeins einn maður léti sér ekki segjast og hængi á móðurmáli sínu eins og hundur á roði: John Lennon. Seigur

alltaf að berjast gegn kúguninni, hugsaði ég en sagði ekki neitt.

Nú er það svo að Himnaríki er auðvitað ekkert annað en stjórnsýslunafnið á þessu mikla ríki framliðinna á stjórnunum, þaðan sem hið mikla samband mun hefjast. Og því verður það að segjast að trúverðugleiki kenningarinnar hefur illu heilli að minnsta kosti ekki aukist upp á síðkastið, nú þegar svo virðist komið að jafnvel guð almáttugur, yfirbjóðandinn engla og þjóða, kunni ekki lengur neitt í íslensku. Þegar ómálgabörn nútímans ljúka upp munni til að ávarpa almættið finnst þeim yfirleitt öruggast að segja: Ómægodd. Kannski má auðveldlega skilja þann málótta sem virðist hafa náð tökum á Lennon. Kannski eru áhrif Lennons, áhrif enskunnar, þar uppi þrátt fyrir allt orðin óþarflega mikil, einmitt af þessum sökum, kynnu

einhverjir að segja. Áhrif enskunnar svo á jörðu sem á himni.

Við erum dálítið gjörn á það nú um stundir að kenna ensku og enskumælendum um allar hremmingar íslenskrar tungu. Við tölum um ásókn hennar og yfirgang. Í henni felist ógn. Enska er vissulega alstaðar og alltumlykjandi eins og hér hefur komið skýrt fram og margt að varast, meðal annars er hún kominn í staðinn fyrir öll önnur erlend mál, jafnvel færeysku og norsku, en hún er ekki persóna með vitund og vilja, ekki skrímsli sem sjálft hefur ákveðið að ásækja okkur, fill sem af eindregnum brotavilja og skemmdarfýsn ætlar sér að brjóta allt og bramla í okkar viðkvæmu postulinsbúð.

Nei, ógnin stafar ekki þaðan, heldur frá sjálfum okkur, sem betur fer held ég. Þó oft sé sagt að sjálfskaparvítin sé verst að varast, þá leggst hér þó sú líkn með þraut að það er þá hægt að gera eitthvað í málunum.

Það var ekki bandarísk málnefnd eða Alþjóðatúristasambandið sem gaf fyrirmæli um að Laugavegurinn endilangur skuli hafður á ensku. Við ákváðum það sjálf.

Það var ekki Alþjóða flugmálastofnunin sem krafðist þess að enska skyldi hafa forgang umfram íslensku á skiltum í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Við ákváðum það sjálf.

Það var ekki Alheimssamband flugfélaga sem fyrirskipaði Flugleiðum að taka upp nafnið Icelandair og Flugfélagi Íslands að kalla sig Air Iceland Connect, við ákváðum það sjálf.

Það var ekki VB, Verslunarmannafélag Bretlands sem gaf fyrirmæli um að afgreiðslu- og þjónustufólk hérlendis þurfi alls ekki að kunna íslensku svo fremi sem það kann ensku. Við ákváðum það sjálf.

Hið sama gildir um ótal margt annað sem við höfum gert og gerum tungu og menningu til óþurftar án þess reyndar enska sé þar sökudólgur:

Engin utanaðkomandi ógn skipaði okkur að skera skólabókasöfnin niður við trog, við ákváðum sjálf að það væri mjög hagkvæmt.

Þannig mætti lengi telja. Ýmsum kann að þykja slík romsa dapurleg en gleymum ekki því jákvæða sem við blasir: Fyrst við ákváðum þetta sjálf þá getum við líka breytt því. Það er ekki of seint. Málið er í okkar eigin höndum, gleðjumst yfir því.

Við eigum að nota málið og nýta við öll tækifæri, alltaf og alstaðar.

Með rétttri blöndu af fastheldni og framsækni, er íslensk tunga hæf í allt og til í allt ef við viljum það sjálf. Og okkur ber að vilja það. Sem hornsteinn íslenskrar menningar er hún ekki aðeins mál málanna heldur stórmál stórmálanna.

Félagsmenn KÍ ávörpuðu Skólamálaþingið.

Guðjón Ragnar Jónasson, íslenskukennari við MR

Hvað varðar framhaldsskólann tel ég mikilvægt að efla kennslu í ritgerðarskrifum og málnotkun. Ég tel rétt að samtal fari í gang milli grunn- og framhaldsskóla. Hugsunin var sú að formlegu málfræðinámi væri lokið þegar upp í framhaldsskólann væri komið. Nú hef ég kennt í grunn-, framhalds- og háskólum. Ég held að rétt sé að endurskoða þessa gömlu skiptingu. Málfræði á auðvitað að kenna í grunnskólum og skólarnir sinna sínu hlutverki vel. En forðast ber þó stagl á unga aldri sem drepur áhugann á tungumálinu. Hvernig væri að efla frekar áhuga á tungunni með umræðum um málið,



sögu þess og máltökuna? Mín reynsla er sú að nemendur hafa áhuga á málinu og með samræðum eykst ást þeirra á tungumálinu.

Jónína Hauksdóttir, skólastjóri Naustatjarnar á Akureyri

Við vitum að uppbygging eðlilegs málproska barna hefst í frumbersku og heldur áfram út ævina en mest gerist á fyrstu fimm árum barnsins. Við vitum líka að mjög mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfisvitund þeirra í gegnum leik og söng þar sem unnið er markvisst með takt, rím, samsett orð og hlustun auk sagnagerðar og endursagna. Börn þurfa að hafa orðaforða til að skilja það sem sagt er við þau og í kringum þau. Þau læra með því að hlusta, með því að leika sér með orðin og með því að fá skilning á þýðingu



orða. Hlustun þarf að fá góðan tíma þar sem hún er grundvallaratriði í öllu námi og samskiptum.

Hulda Dögg Proppé, íslenskukennari við Sæmundarskóla

Þegar ég færi nemendum verkefni legg ég alltaf upp með að þeir fylgi þeim fyrirmælum að nota eins fagra íslensku og hægt er. Ég rita orðin ávallt neðst á verkefnalýsinguna. Ég vil að þeir muni að íslenskan verður ekki fögur og blæbrigðarík nema þeir leggi sig í líma við að vanda sig í hvívetna. Og hvað gerist? Nemendur vanda sig og verða forvitnir. Ósjálfrátt fara þeir að gæta að því hvað þeir segja og hvernig. Þegar ég tek við nýjum hópum fæ ég oft spurninguna: Hvað á þetta að vera mörg orð? Svárið er alltaf það sama: Hér metum



við gæði en ekki magn. Mundu bara að nota eins fagra íslensku og þú getur.

Nemendur rita sín eigin handrit á skinn

Árnastofnun býður nemendum að skoða handrit og fræðast um þau. Auk þess sem nemendur skoða gömul handrit er sagt frá ópreytandi elju og ástríðu Árna Magnússonar við söfnun handritanna, sem og annarra nafnkunnra manna frá 17. öld sem gerðu sér grein fyrir dýrmæti þeirra og björguðu þar með miklu menningargóssi frá því að enda í glatkistunni. Með myndasýningu fá nemendur innsýn í mismunandi leturgerðir sem finna má í handritum í aldanna rás; útskýrð eru styttingatákn og önnur skammstafanatakni, sem skrifarar handritanna beittu óspart í ritmiðum sínum, og lesin eru textabrot úr ólíkum handritum allt frá 12. öld og fram undir 1700.

Mikill metnaður er lagður í að kynna fyrir nemendum sjálfst handverkið við gerð og ritun handritanna en ríkulegur hluti safnfræðslunnar felst í að leiða þá inn í heim verkmenningar miðalda með fræðslu um bókagerðina og það sem henni fylgdi. Útskýrt er með sýnikennslu hvernig verkun skinnis í bókkell til að rita á fór fram og úr hverju hlífðarkápur handritanna voru gerðar. Bleksuðunni eru gerð skil og hvernig blekið var samansett úr jurtum, berjum o.fl. úr lífríkinu og fjölbreytilegir litir til skreytinga fengnir úr náttúruvefnum — að því ógleymdu hvernig fjaðrapennar voru skornir til forðum daga og fleiru merkilegu sem tilheyrði skrifarastofum / ritstofum miðalda.

Að síðustu fá nemendur að spreya sig við skrifir með tilskornum fjöðurstaf og heimalöguðu jurta- og krækiberjableki á sérverkað bókkell (kálfskinn) og geta þannig sett sig í spor forfeðra og -mæðra sem skráðu hinar fornu bækur. Ritmiðarnar, nemendanna eigin handrit, taka þeir með sér í skólann að heimsókn lokinni.

Markmið og tilgangur fræðslustarfsins er að veita nemendum fræðslu við hæfi um fornan kvæða- og sagnaarf, munnmenntir og ritlist — svo og rúnameninguna sem fær sinn sess í fræðslunni — með það að leiðarljósi að vekja athygli ungu kynslóðarinnar á þeim mikilvæga og fjölbreytta menningararfi sem handritin geyma. Handritasýningin og safnfræðslan fellur mjög vel að námsefni 6. bekkjar í samfélagsfræði þegar Íslandssöggunni (930 til 1262) eru gerð skil og í tengslum við lestur Snorra sögu eftir Þórarin Eldjárn.

Börn læra handritagerð

Nemendur áhugasamir um menningararfinn

Nemendum í sjötta bekk í grunnskólum býðst að skoða sýninguna Lífsblómið sem er í Listasafni Íslands og fjallar um fullveldi Íslands. Safnkennari frá Árnastofnun tekur á móti nemendum og leggur áherslu á handritahluta sýningarinnar sem samanstendur af sex handritum úr safni Árna Magnússonar (1663–1730). Skólavarðan fékk að fylgja 6.S úr Laugarnesskóla í Listasafn Íslands þar sem Svanhildur María Gunnarsdóttir, safnkennari Árnastofnunar, tók á móti hópnunum og svaraði nokkrum spurningum Skólavörðunnar.

T

akið þið á móti öllum skólahópum sem óska eftir að koma?

Já, ég tek á móti skólahópum frá miðstigi að háskólastigi — auk hvers kyns námshópa — á handritahluta sýningarinnar og þar sem hægt er að skoða handrit úr

eigu Árna Magnússonar.

Þegar sýningunni í Listasafninu lýkur 16. desember nk. flyt ég mig og mitt hafurtask um set yfir í Safnahúsið við Hverfisgötu þar sem ég tek upp þráðinn frá því sýningin Sjónarhorn — ferðalag um íslenskan myndheim var opnuð í mars 2015 en í einu rými hússins eru handrit úr eigu Árna Magnússonar einnig á sýningu (auk handrita úr fleiri söfnum). Í Safnahúsinu mun ég sum sé taka á móti skólahópum frá og með næstu áramótum en á jarðhæð hússins hef ég aðgang að fyrirtaks móttöku- og kennsluherbergi sem hentar vel undir ítarefnið sem ég ber á borð fyrir gesti mína, myndasýningar, ritun eigin handrita o.fl.

Ég legg mjög mikið upp úr því að kynna fræðsluna sérstaklega fyrir umsjónarkennurum 6. bekkja og sendi þeim/ skrifstofum grunnskóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu kynningar- og boðsbref með tölvupósti bæði á haust- og vorönn með það að markmiði að fá sem flesta kennara til að koma með nemendur sína í fræðslustund til mín þegar þeir eru komnir svoltið áleiðis í námsefninu um Íslandssöguna frá 930–1262 í samfélagsfræði og lestur Snorra sögu í því sambandi.

Finnst þér nemendur almennt áhugasamir um efnið?

Um áhuga nemenda á efninu get ég fullyrt að þessi 22 ár sem ég hef sinnt starfi safnkennara við stofnunina hef ég svo gott sem undantekningarlaust fengið til mín ákaflega áhugasama, forvitna og fróðleiksfúsa nemendur sem kunnað hafa að meta fyrirkomulag fræðslunnar og miðlun mína á stórmerkum menningararfi íslensku þjóðarinnar. Þetta gildir hvort sem umfjöllunarefnið er innihald handritanna, handverkið við gerð þeirra og varðveislusagan fram á okkar tíma eða handleiðsla við lestur úr ævafornum skræðum, útskýringar á ólíkum

Myndir: Anton Brink

leturgerðum og styttingartáknum, umbroti texta á síðum og svona mætti lengi telja.

Við það að fá að sjá þessar merku menningarmínjar okkar — Handritin — með eigin augum, hvort sem það eru eftirlíkingar sem nemendurnir að auki fá að handfjatla eða hin raunverulegu í gegnum gler, verða margir afar uppnundir og oft og tíðum eitt spurningamerki og velta gjarnan vöngum yfir því hvernig það hafi eiginlega verið mögulegt að gera svona glæsilega gripi í gamla daga; blekið, litina, skrifa svona þráðbeint og fallega og þar fram eftir götum — já og hvernig fólk hafi yfir höfuð nennt þessari miklu „handavinnu“ sem býr að baki gerð eins einstaks handrits — hvað þá fleiri?! Og ekki minnkar áhuginn og einbeitingin þegar nemendum býðst í lok heimsóknarinnar að setja sig í spor foræðra okkar og -feðra, sem fyrir mannsöldrum skráðu á skinnblöð texta á móðurmálinu og gerðu úr þeim bækur, og skrifa sjálf hér og nú á kálfskinn með fjöðurstaf og heimalöguðu jurtableki sitt eigið handrit.

Geta kennarar á landsbyggðinni fengið efni frá ykkur til að sýna skólabörnum?

Vegna nemenda á landsbyggðinni þá hef ég ekki verið með neinn sérstakan kynningarpakka — fyrir utan að hafa á árunum 2014–2016 heimsótt nemendur miðstigs í 46 grunnskólum víðs vegar um landið með fræðsluna mína — en hef bent kennurum á fræðsluvefinn Handritin heima. Hugmyndin að þeim vef má með nokkru sanni segja að sé rakin til fræðslustarfsins sem ég fór af stað með í litlum sýningarsal í Árnagarði í október 1996 (að frumkvæði og hvatningu Stefáns Karlssonar þáverandi forstöðumanns stofnunarinnar) og hef sífellt verið að þróa og endurhuga svona síðan.

Hvaða gildi hefur það fyrir Árnastofnun að rækta tengslin við skólana?

Árnastofnun er rannsóknastofnun sem hefur jafnframt ríkar skyldur til

Inga Rut Gunnarsdóttir,
umsjónarkennari
6. S í Laugarnesskóla,
rýnir í handrit ásamt
nemanda sínum.





Ég hef svo gott sem undantekningarlaust fengið til mín ákaflega áhugasama, forvitna og fróðleiksfúsa nemendur sem kunn að hafa að meta fyrirkomulag fræðslunnar og miðlun mína á stórmerkum menningararfi íslensku þjóðarinnar.

miðlunar. Þar sem stofnuninni hefur verið falið að varðveita bæði handrit frá miðöldum, söfn Orðabókar Háskóla Íslands og fleiri mikilvæg gagnasöfn er henni lífsnauðsynlegt að miðla þessum sömu hlutum til eigenda sinna, nefnilega íslensku þjóðarinnar.

Með því að rækta tengsl við skólana er Árnastofnun að kynna sig fyrir því fólki framtíðarinnar – hvað svo sem það tekur sér fyrir hendur – sem vonandi á eftir að sjá möguleika í þeim gríðarlega fjársjóði sem felst í íslenskrri menningu og láta sér detta eitthvað nýtt og stórkostlegt í hug til að þróa menningararfinn áfram eins og hefur verið gert síðan á dögum Snorra Sturlusonar.

Nemendur á yngstu skólastigunum eru yfir höfuð gífurlega áhugasamir um heiminn og í margvíslegum gögnum Árnastofnunar er geymdur heill heimur sem unga fólkið þarf að fá að kynna.

Með þeim orðum kveðjum við Svanhildi Maríu sem höfðaði heldur betur til nemendanna í 6.S og kvaddi alla með handabandi eftir fróðlega og skemmtilega stund í Listasafni Íslands.



Nemendur spreyta sig við skriftir á sérverkað bókfell (kálfskinn).



Svanhildur María Gunnarsdóttir, safnkennari Árnastofnunar, útskýrir fyrir nemendum handritagerð fyrir alda.



MYNDASÖGUR

Mjólk
er góð

MJÓLK ER GÓÐ... MEÐ MYNDASÖGULESTRI!



KALK!

NAMM!

WWW.MS.IS

Pallborðið

Formenn aðildarfélaganna KÍ tjá sig um menntastefnu og kennaraskort



Guðríður Arnardóttir,
formaður Félags fram-
haldsskólakennara



Haraldur F. Gíslason,
formaður Félags leikskóla-
kennara



Sigrún Grendal, formaður
Félags kennara og stjórn-
enda í tónlistarskólum



Sigurður Sigurjónsson,
formaður Félags stjórnenda
leikskóla

— Hvaða væntingar hefurðu til nýrrar menntastefnu? —

► Ég tel núverandi mennta- og menningarmálaráðherra hafa mikinn metnað fyrir hönd kennara og skólastarfs almennt. Þetta fyrsta ár hefur hún auðvitað verið að setja sig inn í málaflokkinn, læra og hlusta. Uppsetning þeirrar vinnu sem er fram undan við mótun nýrrar menntastefnu lofar góðu – og ég vona að niðurstaðan verði góð í samræmi við það.

► Að setja góðar stefnur er mikilvægt og gott. Hvað varðar leikskólastigið er hins vegar mikilvægara að fjölga leikskólakennurum til að vinna eftir stefnunni.

► Að hún beri fyrir brjósti mikilvægi tónlistar/lista fyrir fólk og samfélög og að tónlistarskólinn verði hluti heildstæðrar menntastefnu þar sem horft er til lista og menningar sem einnar grunnstoðar sjálfbærrar þróunar. Einnig vona ég að tónlistarkennslu verði gert jafnhátt undir höfði og öðrum námsgreinum og hið íslenska tónlistarskólakerfi verði nýtt í þágu framsýnnar stefnumórkunar.

► Ég er jákvæður í garð nýrrar menntastefnu og finnst ráðherra gera ágætlega þegar kemur að samstarfi við þá sem starfa að kennslu og skólastjórnun. Ásetningurinn er að þessu leyti góður en honum verður að fylgja eftir; þ.e. tryggja verður faglega og árangursríka innleiðingu stefnunnar þegar þar að kemur.

— Hvernig fjölgum við í kennarastéttinni og stétt skólastjórnenda? —

► Borgum samkeppnishæf laun og tölum starfið upp. Flóknara er það nú ekki.

► Til að fjölga leikskólakennurum og bæta starfsumhverfi þeirra höfum við lagt mesta áherslu á fjóra þætti:

- Laun þurfa að vera samkeppnisfær við aðra sérfræðinga.
- Auka þarf rými fyrir börn og fækka á hvern starfsmann.
- Fjölga undirbúningstímum.
- Færa starfsumhverfið nær því sem þekktist á öðrum skólastigum hvað varðar vinnutíma og starfstíma.

► Starfsumhverfi og starfskjör gegna lykilhlutverki í aðlöðun og samkeppnishæfni starfanna en skapa þarf starfsemi tónlistarskóla lagagrundvöll í samræmi við lagaumgjörð annarra skólagerða. Þannig verði starfsfólki og störfum skapaður sess og viðurkenning til jafns við kennara og stjórnendur annarra skólagerða í vaxandi samstarfi skólastofnana. Einnig þurfa laun að standast samanburð við laun annarra sérfræðinga og stjórnenda á vinnumarkaði.

► Mikilvægt er að hækka laun kennara og skólastjórnenda og gera kjör þessa hóps samkeppnishæf við sérfræðinga með sambærilega háskólamenntun. Þá er brýnt að bæta starfsaðstæður og þar horfi ég einkum til leikskólans þar sem við viljum stefna að betri vinnuaðstöðu og betri vinnutíma fyrir okkar fólk.

Menntastefna Íslands til 2030

Vinna við nýja menntastefnu Íslands til ársins 2030 hefur staðið yfir í nokkurn tíma og í haust hófst fundaröð í tengslum við þá vinnu, en áætlaðir voru alls 23 fræðslu- og umræðufundir um allt land. Eitt af markmiðum nýrrar menntastefnu er að tryggja að allir í skólasamfélaginu

liti á skólastarf án aðgreiningar sem grundvöll gæðamenntunar fyrir alla nemendur í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Menntun fyrir alla er menntastefna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig. Hún verður liður í fyrstu heildstæðu menntastefnunni

sem mótuð verður fyrir öll skólastig og atvinnulíf á Íslandi. Menntastefna Íslands til ársins 2030 mun ávarpa og setja í forgang þær áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í mennta- og velferðarmálum og hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um



Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, formaður Félags grunnskólakennara



Þorsteinn Sæberg, formaður Skólafélags Íslands

► Væntingar mínar byggja á þeim grunni að við séum sammála um að menntun skuli vera fyrir alla. Okkur þarf að takast að skilgreina í hverju menntun sé fólgin og hvaða veganesti öllum íbúum þessa lands eigi að standa til boða. Menntastefnan á að stuðla að vísýni og umburðarlyndi.

► Ég er jákvæður gagnvart mótun nýrrar menntastefnu og trú í því að nýr ráðherra muni vinna í samvinnu við skólasamfélagið að mótun hennar, enda hefur ráðherrann sýnt ríkan vilja til samvinnu og samstarfs. Ég undirstrika þó mikilvægi faglegrar innleiðingar og eftirfylgni sem hefur að mati fjölmargra skólafélagsmanna oftast en ekki hallað á og þar skiptir ekki síst máli samvinnu við skólafélagsmenn.

► Tvö atriði spila stórt hlutverk í því að fjölga kennaramenntuðu fólki og halda þeim sem hafa menntað sig í starfinu. Annars vegar er það viðurkenning á mikilvægi starfsins og virðing fyrir fagmennsku kennarans í starfi og samfélagslegum álitafnum. Hins vegar verða launakjör kennara og skólafélagsmanna að vera í samræmi við ábyrgð.

► Laun í skólasamfélaginu þurfa að verða samkeppnishæf við sambærilegar stéttir sem kallar að mínu mati á viðhorfsbreytingu stjórnvalda til þeirra sem í skólunum starfa. Þetta lýsir sér einna best þegar horft er á launakjör skólafélagsmanna í grunnskólum sem gætu í dag jafnvel fengið hærri laun sem kennarar við sama skóla. Þetta verður að leiðrétta og meta þarf framhaldsmenntun skólafélagsmanna til launa.

sjálfbæra þróun til hliðsjónar.

Eins og fram kom í máli Lilju Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, á þingi KÍ í vor, þá eru skólar í raun einu stofnanir samfélagsins sem gefa öllum þegnum þess tækifæri til að mæta og læra að takast á við

ólíkar félagslegar aðstæður og menningarheima. Það er einmitt þess vegna sem verður kappkostað að í hverjum skóla, á öllum skólastigum, sé fjölbreytilegur hópur nemenda sem rúmast innan stefnunnar um skóla án aðgreiningar, eða skóla margbreytileikans.

Einu sinni var ...

Nærgætni og kurteisi í orði og verki

Skólaíþróttir er handhægt rit fyrir kennara sem var gefið út af Fræðslumálastjórninni árið 1941. Bókin er auðvitað hálfgerður forngrípur en efni hennar er þó forvitnilegt og vafalaust á sumt ágætlega við í dag.

Meginefni bókarnar eru lýsingar á leikfímiafingum og eru kennarar hvattir til að iðka æfingarnar sjálfir á degi hverjum; „þá veitist þeim kennslan léttari og um leið eru þeir börnunum til fyrirmyndar“.

Hér að neðan má sjá tíu baðreglur sem sundkennarar voru hvattir til að fylgja í hvívetna.

10 baðreglur



1. Ætli þú til sundiðkana í sundlaug, þá þvoðu allan líkama þinn rækilega.
2. Hræktu í hrákarennuna. Aldrei í laugina eða á gangstéttir.
3. Sýndu öðrum bað- og sundgestum nærgætni og kurteisi í orði og verki.
4. Farðu varlega á gangstéttum og stigum.
5. Hlýddu sundkennara og eftirlitsmönnum tafarlaust.
6. Dveldu ekki lengur í vatninu en 45 mínútur.
7. Farðu aldrei lasinn eða með opið sár ofan í laugina. Kuldinn og vatnið hafa þá engin bætandi áhrif.
8. Verndaðu eyrnargönginn og þar með eyrnagöngin gegn of miklum vatnsaga, með baðmullarhnoðrum.
9. Varastu kulda á höfði, þegar þú syndir baksund eða heldur því lengi með votu hári ofan vatns.
10. Þerraðu líkama þinn tafarlaust, og gleymdu þá ekki, fremur en við þvottinn, hári, eyrum, hálsi, handkrikum, nárnum og bilunum milli tanna. Að sitja blautur í sólskini eða sóllausu veðri er aðeins til að bjóða sjúkdómum velkomna í líkama þinn.



T

anya Helgason fæddist og ólst upp í rússnesku borginni Vladivostok.

Hún er með próf í alþjóðasamskiptum og eftir útskrift kenndi hún bæði börnum og fullorðnum ensku. „Ég fann að mig langaði til að verða kennari,“ segir Tanya.

Móðir hennar bjó á Íslandi. Tanya heimsótti hana og sótti um að komast í kennaranám í Háskóla Íslands en þar sem hún talaði hvorki né skildi íslensku þá skráði hún sig í staðinn í BA-nám í íslensku fyrir útlendinga. Á þessum tíma hitti hún eiginmann sinn, Hauk Helgason, og saman eiga þau þrjú börn. Þegar hún gerðist íslenskur ríkisborgari breytti hún rússneska nafni sínu Tatiana Sukhovolskaya í Tanya Helgason.

„Mér fannst nauðsynlegt að læra íslensku ef ég ætlaði að búa á Íslandi. Mér hefði ekki liðið vel ef ég talaði ekki íslensku.“

„Erlend börn í íslenskum skólum sem kunna ekki eða eru ekki góð í íslensku skilja oft ekki hvers er ætlast til af þeim,“ segir Tanya Helgason.

Myndræni þátturinn mikilvægur

Svava Jónsdóttir skrifar

Tanya Helgason útskrifaðist sem kennari í vor og kennir í vetur stærðfræði á unglingsstigi. Hún fékk í hittifyrri viðurkenningu úr Minningarsjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefni sitt til B.Ed.-prófs við Menntavísindadeild Háskóla Íslands fyrir ritgerðina *Að læra íslensku og stærðfræði samtímis. Stærðfræðinám nemenda af erlendum uppruna. Tanya er rússnesk og er fjölmenn- ing ofarlega í huga hennar. Tanya reynir í kennslu að leggja áherslu á þörf nemenda af erlendum uppruna en sumir skilja jafnvel litla sem enga íslensku.*

Viðurkenning fyrir B.Ed.-ritgerðina

Eins og þegar hefur komið fram hafði Tanya ánægju af að kenna löndum sínum ensku og hún segir að eftir þrjú ár í íslenskunáminu hafi hún fundið að kennarastarfið væri það sem hún hafði mestan áhuga á. „Mér fannst skemmtilegt að vinna með börnum og sérstaklega unglingum. Ég hugsaði með mér að ég myndi vilja kenna ensku vegna þess að ég er örugglega ekki hæfasta manneskjan til að kenna íslensku eða samfélagsgreinar. Mér fyndist það ekki rétt þrátt fyrir að tala góða íslensku.“

Tanya tók tvö kjörsvið í kennarnáminu – ensku og stærðfræði. „Ég elskaði alltaf stærðfræði þegar ég var krakki, fannst alltaf spennandi að leita að lausnum og brjóta heilann.“

Þegar kom að B.Ed. ritgerðinni ákvað Tanya að leggja áherslu á stærðfræði og fjölmenningu og ber ritgerðin heitið *Að læra íslensku og stærðfræði samtímis. Stærðfræðinám nemenda af erlendum uppruna*. Tanya fékk í hittifyra viðurkenningu fyrir ritgerðina úr Minningar-sjóði Ásgeirs S. Björnssonar fyrir lokaverkefnið úr B.Ed. náminu. Í umsögn dómnefndar segir meðal annars: „Í ritgerðinni sýnir Tanya gott vald á að vinna með fræðilegan texta og fjallar á þroskaðan en jafnframt agaðan hátt um viðfangsefnið. Hún hefur kynnt sér vel fjölbreyttar rannsóknir og hugmyndir um atriði sem talin eru skipta máli fyrir nemendur sem eru að ná föfestu í skólakerfi í nýju landi. Um efnið hefur lítið verið ritað á íslensku og ekki með því sjónarhorni sem Tanya velur.“

Tungumál stærðfræðinnar

„Erlend börn í íslenskum skólum sem kunna ekki eða eru ekki góð í íslensku skilja oft ekki hvers er ætlast til af þeim. Ég fjalla um þetta í ritgerðinni. Það er stundum sagt að erlendum nemendum gangi illa í stærðfræði og séu mállausir – þeir eru ekki mállausir heldur er enginn sem skilur þá. Þeir hafa mikið að sýna sem kennarinn er ekki vanur að sjá og hann gerir sér kannski ekki grein fyrir af hverju þeir velja að reikna svona þar sem aðferðir þeirra eru kannski aðrar en á Íslandi. Áherslan á ekki að vera á það sem kennarinn segir heldur hvernig á að leysa málið. Kennarinn á líka að reyna að vera aðeins opnari.“

Í ritgerðinni segir meðal annars: „Þannig er mikilvægt að kennarar skilji og muni hvað erlendir nemendur eru að fást við þegar þeir læra stærðfræði.



Það er stundum sagt að erlendum nemendum gangi illa í stærðfræði og séu mállausir – þeir eru ekki mállausir heldur er enginn sem skilur þá.

Þar má nefna skólatungumál og tungumál stærðfræðinnar, það er öðruvísi menning og þar af leiðandi venjur í samskiptum við kennara og samnemendur, tengsl skóla, heimilis og svo framvegis. Því allt þetta hefur áhrif á hvernig venjur nemendur temja sér þegar þeir læra stærðfræði og hvernig mætti hjálpa þeim að aðlagast breytingum. Það er augljóst að stærðfræðikennarar þurfa meiri þekkingu og hjálp til að geta tryggt að allir nemendur í kennslustofunni njóti sín í stærðfræðinámi sínu.“

Tanya bendir einnig á það í ritgerðinni að erfiðleikar fyrir nemendur af erlendum uppruna felist einnig í því að tungumál stærðfræðinnar innihaldi ekki aðeins sérstök orð og hugtök, eins og margfeldi, líkindi, samsíðu og ótal fleiri, heldur líka venjuleg orð sem notuð eru með sérstakri merkingu í stærðfræðilegu samhengi, til dæmis orðið horn. Í ritgerðinni segir: „Þar að auki þarf að læra orðasambönd, setningarfræði og merkingarfræði í stærðfræðitungumáli. Það getur verið stórt verkefni fyrir nemanda með annað móðurmál en íslensku, að skilja, hvað þýðir: Hver er heildin, deila 4 í 8 og fleiri dæmi í þeim dúr. Meira að segja eru tákni stærðfræðinnar notuð á mismunandi hátt frá landi til lands.“

Í lokaorðum segir Tanya meðal annars að kennarar verði að til-einka sér þá hugmynd að allir kennarar geti verið tungumálakennarar ef þess er krafist þar sem stærðfræði- og íslenskunám eigi sér stað samtímis. Hún segir að einnig sé mikilvægt að styðja og hvetja nemendur til að læra móðurmál sitt og viðhalda menningu sinni því virkt tvítyngi sé farsælt bæði fyrir nám og líf barna. Allt þetta þýði að kennarar þurfi að fá viðeigandi fræðslu og stuðning til að geta skipulagt kennslu sína þannig að allir nemendur njóti sín í námi.

Fjórar megináherslur

B.Ed. ritgerðin fjallar að miklu leyti um fjórar megináherslur í stærðfræðikennslunni:

1. Skiljanlegt inntak. „Það eiga að vera tungumálavinnupallar og kennarinn á að skilja að nemendur eiga fyrst og fremst erfitt með tungumálið og að það hjálpar að gera sýnilegt hvað hugtök þýða; það hjálpar að nota alls konar hjálpar-tæki myndrænt.“
2. Kennsla sett í samhengi. „Það á að vera skýrt hvernig viðfangsefnið þann daginn tengist því sem gert var daginn áður og hvernig það

tengist því sem á að gera næsta dag. Námið á að vera tengt og skiljanlegt út á hvað það gengur. Hugtök sem nemendur læra til dæmis í rúmfræði eiga líka að hjálpa í algebru.“

3. Stresslítið námsumhverfi. „Það er mikilvægt að búa til stresslítið umhverfi fyrir nemendur sem tala ekki íslensku og skilja ekki hvað er að gerast. Þeir læra ekkert ef þeim líður illa og ef það eru til dæmis hópumræður. Það er í lagi að leyfa þeim nemendum sem tala sama tungumál að tala saman á móðurmálinu. Það er ekki alltaf slæmt.“
4. Virk og þýðingarmikil þátttaka í námi. „Það á að leggja áherslu á móðurmál nemenda en móðurmál þeirra skiptir máli í stærðfræðikennslu. Nemendur geta fengist t.d. við námsefni á móðurmáli þeirra eða vinna í ýmsum forritum á móðurmáli, t.d. í GeoGebru.“

Mikilvægi myndræna þáttarins

M.Ed. ritgerðin fjallar svo að miklu leyti um mikilvægi myndræna þáttarins í stærðfræðikennslu – það er að segja mikilvægi þess að hafa kennsluna sem mest myndræna og hvað teikningar hjálpa mikið til að útskýra þannig að allir skilji. „Það er til dæmis erfitt að útskýra með orðum hvað flatarmál þýðir en nemendur skilja það betur ef maður útskýrir það með teikningum. Það sama má segja þegar útskýrt er til dæmis hvað er horn, beint horn og gleitt horn. Það að teikna dæmið í stærðfræðitímum hjálpar nemendum að skilja betur. Eins og máltækið segir: Mynd segir meira en þúsund orð.“

Jafnvægi mikilvægt

Tanya segir að finna þurfi jafnvægi og fara hinn gullna meðalveg. Hún segir að það sé ekki svo einfalt að fara eftir öllum þessum áherslum þegar inn í skólastofuna sé komið. „Maður veit þetta allt saman eins og að tala hægar og sýna sem mest myndrænt en þetta gleymist oft allt saman – maður fer að tala of hratt eða vantar að útskýra eitt-hvað betur, gerir ráð fyrir að allir séu búnir að skilja þetta því það er kannski kristalskýrt fyrir kennaranum. Ég er til dæmis með nemanda sem skilur ekki íslensku og ég reyni að leggja áherslu á myndir og þá gengur honum betur. Ég er annars stöðugt að þróa áfram hugmyndir við kennslu. Maður þarf að vera trúr sjálfum sér og ekki vera hræddur við að prófa eitthvað nýtt. Það þarf þó að finna jafnvægi og fara hinn gullna meðalveg til að öllum líði vel – bæði kennara og nemendum. Það þarf að þjóna öllum hópnum svo það komi ekki niður á einstaklingi sem væri þá skilinn út undan og endaði að lokum eins og þögull draugur í bekknum.“



Stór hluti ungmenna hefur þörf fyrir frelsi

Stúdentispróf í skapandi tónlist er ný námsleið sem Tónlistarskólinn á Akureyri hefur hrint úr vör. Hjörleifur Örn Jónsson skólastjóri segir námsleiðina henta þeim sem hafa ekki fundið sér farveg innan hins hefðbundna tónlistarskólakerfis.

Það var löngu tímabært að breyta til og víkka námið út með þessari nýju námsleið sem kallast Skapandi tónlist. Byrjunin lofar mjög góðu og hægt er að fullyrða að viðbrögðin hafa verið jákvæð, jafnt í kennarahópnum sem og hjá nemendum,“ segir Hjörleifur Örn Jónsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri.

Á vef Tónlistarskólans á Akureyri, tonak.is, segir að nemendur í Skapandi tónlist þurfi að hafa haldgóða reyngu af hljóðfæraleik, söng, hljóðversvinnu,

eða tónsköpun og síðast en ekki síst að sýna fram á og skilgreina markmið með náminu.

„Við erum einkum að horfa til krakkanna sem fóru sem börn í tónlistarskóla, höfðu gaman af tónlist en vildu ekki læra það sem þar er verið að kenna. Oft og tíðum eru þetta hæfileikaríkir nemendur, ekki síst vegna þess að þeir hafa mjög fastmótaðar hugmyndir um hvað þeir vilja og hvert þeir vilja stefna en hafa ekki fundið farveg innan hins hefðbundna menntakerfis,“ segir Hjörleifur.

„Það má segja að með námsbrautinni Skapandi tónlist séum við að opna

Tónlistarskólinn á Akureyri hóf starfssemi sína árið 1946. Margrét Eiríksdóttir, píanóleikari og kennari, var ráðin sem skólastjóri og á fyrsta starfsárinu, sem stóð í fjóra mánuði, var 27 nemendum kennt á píanó auk tónfræði og annarra hliðargreina.

leið fyrir þessa krakka og um leið tryggjum við að þessi risastóra fjárfesting sem er fólgin í tónlistarskólum landsins skili sér til fleiri aðila og um leið betur inn í hagkerfið,“ segir Hjörleifur og bætir því við að mýmörg dæmi séu um tónlistarfólk sem hafi hætt í tónlistarskóla vegna þess að það hafi ekki fundið neitt við sitt hæfi þar en síðan blómstrað sem tónlistarmenn og skilað miklum tekjum inn í hagkerfið.

„Uppleggið í Skapandi tónlist er leiðbeinandi námsmat í stað dæmandi námsmats. Frelsi í listsköpun er ótakmarkað en á sama tíma er stífur rammi um vinnuframlag, vinnubrögð og sjálfsaga. Við erum að hjálpa þessu unga fólki að verða sjálfstæðir listamenn,“ segir Hjörleifur.

Markþjálfun og vel skilgreind markmið

Spurður um tilurð hinnar nýju námsbrautar segir Hjörleifur: „Við erum að vinna eftir námskrá sem hefur ekki verið endurnýjuð frá árinu 2000 – fyrir utan hina rytmísku greinanámskrá sem er frá 2010. Okkur hefur í áranna rás langað að gera ýmislegt sem ekki hefur verið mögulegt innan ramma þessara

námskráa; það er að segja innan greinanna; klassísk tónlist annars vegar og rytmísk tónlist hins vegar. Aðallega tengist þetta sköpunarþættinum í tónlistarkennslunni.“

Eitt af því sem nemendur í Skapandi tónlist gera er að semja tónlist. „Það er hluti af náminu en líka að útsetja og vinna með aðrar stíltegundir en við kennum í hefðbundnu námi, læra að vinna tónlist í tölvum, upptökutækni og margt fleira. Það hefur lengi verið kallað eftir þessum þáttum og við ákváðum að ekki væri hægt að bíða lengur. Við höfum nú skrifað okkar eigin námsleið og höfum hafið kennslu í framhaldsnámi í samstarfi við Menntaskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Tröllaskaga, Framhaldsskólann á Laugum og Framhaldsskólann á Húsavík.“

Skapandi tónlist er þannig í boði sem tónlistarkjörsvið innan framhaldsskólakerfisins og að sögn Hjörleifs er það nokkurs konar útvíkkun á gömlu tónlistarbraut skólans. Til að ljúka námi til stúdentsprófs í Skapandi tónlist þurfa nemendur að ljúka 200 einingum; að lágmarki 90 einingum við tónlistarskólann í Skapandi tónlist og 86 til 102 einingum í sínum skóla eftir því í hvaða framhaldsskóla þeir eru.

Eins og áður sagði þurfa nemendur í Skapandi tónlist að hafa reynslu í hljóðfæraleik og söng og hafa lokið miðstigi í tónfræði. „Allir nemendur fara í inntökuviðtal þar sem farið er yfir verkefnaáætlun sem þeir hafa sett fram; skoðað er hvort áætlunin standist námskröfur og kröfur um vinnuframlag og vinnubrögð. Námið byggir á hugmyndafræði markþjálfunar og við spyrjum nemendur hvað þeir ætli að gera næstu þrjú árin. Þeir bera sjálfir ábyrgð á að skilgreina sín verkefni í samstarfi við sinn aðalkennara. Þar með talið skilgreina þeir hvernig þeir ætla að framkvæma verkefni sín. Nemendur fá síðan aðstoð hjá markþjálfara en við erum í samstarfi við markþjálfafyrirtæki sem heitir Happy Bridges,“ segir Hjörleifur.

Fyrsta árið í Skapandi tónlist gekk vel að sögn Hjörleifs og nemendur skiluðu af sér vönduðum og spennandi verkefnum. Til dæmis einsetti einn nemandi sér að semja tónverk, útsetja það fyrir kór og hljómsveit og flytja síðan á tónleikum án þess að hafa formlega hljómfraðimenntun. „Það spannst umræða í skólanum um hvort þetta væri raunhæft



Vinátta, gleði og viðsýni eru einkunnarorð Tónlistarskólans á Akureyri.

markmið en við ákváðum að sjá hvernig þetta færi. Skemmt er frá því að segja að þessi nemandi hélt tónleika síðastliðið vor þar sem þrjú verk eftir hann voru flutt – útsett fyrir kór og hljómsveit eins og til stóð. Til þess að ná að gera þetta lagði þessi nemandi á sig að vakna eldsnemma alla morgna til að læra tónfræði,“ segir Hjörleifur og bætir við að kennarahópurinn hafi jafnframt tekið afar vel í vinnuna sem fylgir Skapandi tónlist.

„Við erum svo heppin að vera með stóran skóla sem samanstendur af mjög færu og sérhæfðu fólki. Sumir hafa sýnt þessu verkefni meiri áhuga en aðrir og við höfum getað sett ramma utan um það.“

Áherslan á leikni meiri en á þekkingu

Hjörleifur segist hugsa mikið um hvernig menntun verði best háttáð í því samfélagi sem við lifum í og ekki síst með tilliti til óvissunnar um framtíðina. „Hvaða hæfni eignum við að byggja upp hjá börnunum okkar í dag? Við vitum ekki hverjar kröfurnar verða á næsta ári, hvað þá eftir tuttugu ár. Hvað er það þá sem við getum gefið nemendum okkar? Jú, við getum kennt þeim gagnrýna hugsun, þjálfun í að skapa hluti og vinna sig út úr ófyrirséðum aðstæðum. Áherslan á leikni verður meiri en á þekkingu. Þetta er hluti af þróun sem er orðin svo hröð að við höfum ekki lengur stjórn á henni,“ segir Hjörleifur.

Hefðbundna tónlistarnámið verður áfram á sínum stað og segir Hjörleifur nýju brautina bara lítinn hluta af

stúdentsprófs- eða kjörnámsbrautinni. Nú hefur nám til stúdentsprófs verið stytt úr fjórum árum í þrjú en þess má geta að Tónlistarskólinn á Akureyri var í hópi fyrstu tónlistarskóla landsins sem buðu upp á nám til stúdentsprófs, sem hann gerði strax á níunda áratug síðustu aldar.

„Við vitum að grunnskóla- og framhaldsskólakennarar hafa horft mjög til tónlistarskólanna og verið sannfærðir um að þar sé alltaf svo mikil sköpun í gangi. Staðreyndin er aftur á móti sú að hefðbundið tónlistarnám í tónlistarskóla er jafnvel meira hæfnimiðað en almennt grunnskólanám. Ég tel að við séum missa rosalega mikið er varðar þroska barnanna okkar og í samfélagsþróuninni vegna þess að skólakerfið gengur svo mikið út á að leiðrétta mistök. Við búum við svipaðan vanda í tónlistarskólunum,“ segir Hjörleifur.

Hann segir kennara og starfsfólk tónlistarskólans sinna sínum störfum vel. „Við erum með fjölmarga nemendur sem eru árangursmiðaðir, hafa þörf fyrir að leysa sín verkefni afar vel og ljúka þeim á tilsettum tíma. Við erum að þjónusta þennan hóp mjög vel. Aftur á móti er líka stór hluti ungmenna sem hefur meiri þörf fyrir frelsi; vill viðra eigin skoðanir og finna sína leið í lífinu, vera í andstöðu við viðtekna venjur. Við höfum ekki þjónustað þennan hóp nægilega vel og þar kemur Skapandi tónlist sterk inn. Það má segja að þetta sé okkar viðleitni og tilraun til að gefa þessum krökkum tækifæri – og um leið nýta það fjármagn sem við höfum til að veita fleirum þjónustu,“ segir Hjörleifur Örn Jónsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akureyri.

Hægt er að kynna sér Skapandi tónlist, aðrar námsleiðir og öflugt starf tónlistarskólans á www.tonak.is.

Frelsi í listsköpun er ótakmarkað en á sama tíma er stífur rammi um vinnuframlag, vinnubrögð og sjálfsaga. Við erum að hjálpa þessu unga fólki að verða sjálfstæðir listamenn.

Samvinna er lykillinn að öllu saman

Kolbrún Þ. Pálsdóttir tók í sumar við starfi forseta Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Hún segir að samvinna allra hagsmunaaðila sé lykillinn að því að efla menntakerfið og fjölga kennaranemum. „Námið þarf að vera aðlaðandi og áhugavert og við þurfum að vekja athygli ungs fólks á þeim möguleikum sem kennarastarfið gefur til að hafa áhrif til góðs í samfélaginu.“

Svava Jónsdóttir skrifar

Kolbrún Þ. Pálsdóttir starfaði á vettvangi skóla- og frístunda- starfs sem fagmanneskja og stjórnandi áður en hún gerðist fræðimaður, rannsakandi og háskólakennari. Hún á fimm börn og hefur tekið virkan þátt í foreldrasamstarfi, ekki síst á framhaldsskólastigi. Það leynir sér ekki að hún hefur brennandi áhuga á að taka þátt í að efla menntun þeirra fagstétta sem halda uppi menntakerfi landsins.

„Ég vann á leikskólum frá 18 ára aldri samhliða námi og vissi að ég stefndi á störf innan menntageirans. Ég ákvað samt að reyna að skilja heiminn aðeins betur og lauk fyrst BA námi í heimspeki þar sem maður fær þennan breiða grunn og heildstæðu sýn til manneskjunnar og samfélagsins; hvert við stefnum og hvað skiptir máli í lífinu. Heimspekin hefur nýst mér vel og mótaði í raun sýn mína á menntun. Hún gaf mér einnig tækifæri til að kenna um hríð í heimspekiskóla fyrir börn. Að loknu meistaranámi í menntunarfræðum fór ég að vinna hjá Reykjavíkurborg; fyrst sem forstöðumaður í skóladagvist sem þá var og hét og síðar hjá Íþrótt- og tómsundaráði Reykjavíkurborgar sem deildarstjóri barnastarfs og tók þátt í að móta og innleiða starfsemi frístundaheimila fyrir 6-9 ára börn. Þar heillaðist ég af þessum tengslum og þessari heildstæðu sýn til menntunar þar sem unnið er með börn og ungt fólk bæði á formlegum og óformlegum vettvangi og stuðlað að allhliða þroska þeirra og velferð. Ég starfaði á þeim vettvangi í nokkur ár og áttaði mig á að það var lítið skrifað og talað um mikilvægi óformlega námsins og það vægi sem frístundastarf getur haft í lífi barna og ungmenna. Ég ákvað

því að fara í doktorsnám og rannsaka hlutverk og markmið frístundaheimila út frá sjónarhóli barnanna sjálfra, frístundaleiðbeinenda og kennara. Þetta var mjög skemmtilegt og spennandi viðfangsefni.“ Kolbrún fór samhliða doktorsnáminu að kenna við Háskóla Íslands og fékk í kjölfarið fasta stöðu sem lektor og síðan dósent í tómsunda- og félagsmálafræði.

Áskorun

Kolbrún sótti um stöðu forseta Menntavísindasviðs fyrir á þessu ári. Hún segir að sér hafi fundist spennandi áskorun að fá að taka þátt í að móta og þróa þá menntun sem boðið er upp á við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og að vera talsmaður menntavísinda. Menntavísindasvið varð til þegar að Kennaraháskólinn sameinaðist Háskóla Íslands árið 2008.

„Það er mikil gróska í rannsóknum á sviði menntunar og hér eru stundaðar þverfaglegar rannsóknir sem skapa þekkingu er skipta samfélagið miklu máli. Mér finnst mikilvægt að kynna námið vel svo að fólk viti af því fjölbreytta námi sem er í boði. Það eru margar leiðir til kennaranáms í dag en við bjóðum líka upp á nám í uppeldis- og menntunarfræði, tómsunda- og félagsmálafræði, þroskaþjálfarafræði og íþrótt- og heilsufræði.“ Kolbrún segir að doktorsnemum hafi fjölgað mikið á síðustu árum sem sé jákvætt og styðji við rannsóknir og nýsköpun á sviði menntunar.

Kolbrún segir að nýja starfið leggist vel í sig. „Auðvitað er staðan alvarleg hvað varðar skort á nýliðun í kennarastéttinni. Það er krefjandi verkefni sem við þurfum að takast á við saman. Ég finn að það er ákveðin vitundarvakning í samfélaginu. Við þurfum virkilega að íhuga hvernig við styðjum við

bakið á skólakerfinu, menntakerfinu og fagfólkinu og hvernig við löðum ungt fólk og fólk á öllum aldri til að velja sér kennslu sem framtíðarstarf. Við erum að fá inn mjög breiðan nemendahóp – sumir koma beint úr framhaldsskóla en við fáum líka fólk sem hefur aflað sér annarrar menntunar og áttar sig síðan á að það hefur áhuga á að starfa með börnum og ungu fólki og fer því í nám við Menntavísindasvið.“ Einn af helstu styrkleikum námsins er, að sögn Kolbrúnar, einmitt nemendurnir sjálfir, áhugi þeirra, drifkraftur og fjölbreytt reynsla og hún telur mikilvægt að virkja þá til þátttöku í náminu.

Margar vígstöðvar

Aðsókn í leik- og grunnskólakennaranám dalaði verulega eftir að kennaranámið var lengt úr þremur árum í fimm. Kolbrún bendir á að árið 2012 þegar breytingin kom til fullra framkvæmda hafi orðið helmings fækkun á fjölda útskrifaðra kennara. Hún segir að tekist hafi að snúa þróuninni við á síðustu tveimur árum en á þeim tíma hafi aðsókn í leikskólakennaranám t.d. aukist um 86% og grunnskólakennaranám um 36%. „Það er auðvitað mjög jákvætt en við þurfum samt að sjá mun fleiri sækja í kennaranám. Norðmenn hafa glímt við svipaðar áskoranir og tóku ákvörðun um fjárhagslega hvata til kennaranáms og þetta tel ég að við þurfum að skoða vel hér á landi.“

Kolbrún segir að það þurfi að vinna á mörgum vígstöðvum þegar kemur að því að fjölga kennaranemum. „Námið þarf að vera aðlaðandi og áhugavert og við þurfum að vekja athygli ungs fólks á þeim möguleikum sem kennarastarfið gefur til að hafa áhrif til góðs í samfélaginu. Hefja þarf kennarastarfið til vegs og virðingar og vekja athygli á öllum vaxtarsprotum

Myndir: HÍ/Kristinn Ingvarsson



og styrkleikum sem búa í skóla- og frístundastarfi hér á landi. Sérstaða okkar menntastefnu felst meðal annars í þeirri heildstæðu sýn sem endurspeglast í grunnþáttum menntunar: læsi, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og sköpun. Við verðum að standa vörð um fjölbreytt skólastarf þar sem áherslan er á valdeflingu, hæfni og þroska nemenda á breiðum grunni, læsi í víðum skilningi, list- og verkgreinar, heilsueflingu og félags- og tilfinningaþroska – í raun menntun til farsældar. Við eigum að vera stolt af íslensku menntakerfi, þannig verður um leið eftirsóknarvert að starfa innan þess.“

Fagmennska í sífældri þróun

Kolbrún leggur áhersla á að lagður sé grunnur að fagmennsku kennara í náminu en að í raun sé menntun þeirra ævilöng. „Fagmennska byggist upp á þremur þáttum. Það er í fyrsta lagi þekking á viðfangsefninu og í öðru lagi verkleg þjálfun eða hæfni, það að kunna vel til verka. Þriðji þátturinn er svo ekki síður mikilvægur en það er

sjálf hugsjón starfsins: þetta siðferðilega innsæi sem felst í hvað það er að vera góður fagmaður, hver eru gildi starfsins, hvaða hugsjónir búa þarna að baki og hvert sé meginhlutverk kennarans. Þetta þarf að fléttast saman í náminu öllu. Fagmanneskja fullmótast ekki í tveggja til fimm ára háskólanámi heldur tekur við áframhaldandi þróun og við þurfum að hlúa að lærdómssamfélagi skólanna sjálfra. Kennarar eru sífellt að afla sér nýrrar reynslu og þekkingar; fylgjast með, læra og þróa nýjar aðferðir. Gerðar eru ríkar kröfur til kennara af hálfu stjórnvalda; það er búið að móta aðalnámskrá og það er búið að móta hæfniviðmið og lykilhæfni og það koma alls konar tilskipanir um námsmat og annað slíkt sem kallar á vinnu, endurskoðun og breytingar. Þetta er gríðarlega flókið og fjölbreytt starf sem kennarar sinna og margir boltar sem þeir halda á lofti í daglegu starfi.“ Hér kemur mikilvægi starfsþróunar inn og Kolbrún vill sjá mun skýrari aðkomu háskólanna að því að bjóða upp á námskeið, fræðslu og ráðgjöf til starfandi

Kolbrún Þ. Pálsdóttir. „Auðvitað er staðan alvarleg hvað varðar skort á nýliðun í kennarastéttinni. Það er krefjandi verkefni sem við þurfum að takast á við saman. Ég finn að það er ákveðin vitundarvakning í samfélaginu. Við þurfum virkilega að íhuga hvernig við styðjum við bakið á skólakerfinu, menntakerfinu og fagfólkinu og hvernig við löðum ungt fólk og fólk á öllum aldri til að velja sér kennslu sem framtíðarstarf.“

kennara. „Vissulega koma kennarar mikið til okkar í framhaldsnám og stök námskeið en starfsþróun kennara þarf að taka mun fastari tókum, til dæmis með því að skilgreina hana betur sem eitt af verkefnum háskólakennara og veita til þess fjármagni.“

Menntun kennara

Kennaranám hefur tekið miklum breytingum í árunna rás samfara breyttum tíðaranda og heimi. „Það sem hefur gerst undanfarin misseri er að fjölbreytni er meiri, sveigjanleiki hefur aukist og námsleiðum hefur fjölgað – eins og ég minntist á áðan þá erum við til dæmis með námsleiðir fyrir fólk sem hefur lokið öðru námi sem er þá nám sem tengist faggrein eða námssviði sem nýtist til kennslu hvort sem um er að ræða leik-, grunn- eða framhaldsskóla.“

Kolbrún segir að sú ákvörðun að lengja kennaranámið í fimm ár hafi verið mikilvæg til að auka faglega hæfni kennara í takti við auknar kröfur til skólanna. „Við erum að útskrifa fagfólk og sérfræðinga sem leiða þróun



skólastarfs og þarf alltaf að vera að endurnýja þekkingu sína og þróa nýja starfshætti. Þetta var djarft og framsækið skref sem mun skila árangri til lengri tíma lítið, efla kennarastéttina og íslenskt menntakerfi.

Við verðum alltaf að vera á tánum og við hættum aldrei að þróa kennararnámið. Það er mikilvægt að námið og inntak þess sé skipulagt í samstarfi við skólana, kennarana, hagsmunaaðila og fagfélögin og síðast en ekki síst nemendur okkar. Nemendur hafa til að mynda kallað eftir auknu vettvangsnámi og þegar hafa verið stigin skref í þá átt.

Eitt sem ég legg ríka áherslu á er að kennaramenntun, líft og annað fagnám, þróast og mótast í samstarfi við samfélagið og hagsmunaaðila.“ Kolbrún bendir á að á Menntavísindasviði þurfi að leggja grunn að samvinnu allra þeirra fagstétta sem sviðið menntar. „Þessar fagstéttir þurfa allar að vinna saman í menntakerfinu og ég tel ýmis sóknarfæri liggja í því að leiða ólíka nemendahópa markvissar saman meðan á náminu stendur.“

„Skólar og kennarar bera ekki einir ábyrgð á velgengni nemenda, velferð þeirra eða þroska. Foreldrar eru lykilaðilar og einnig annað fagfólk sem starfar bæði innan og utan skólanna.“

Heildstæð sýn á menntun

Kolbrún segir að samvinna og heildstæð sýn sé lykillinn þegar kemur að menntun. „Skólar og kennarar bera ekki einir ábyrgð á velgengni nemenda, velferð þeirra eða þroska. Foreldrar eru lykilaðilar og einnig annað fagfólk sem starfar bæði innan og utan skólanna. Það þarf að líta heildstætt á líf barna og ungmenna. Við vitum að börn sem eiga undir högg að sækja, börn sem standa höllum fæti félagslega eða eru með fötlun eiga það til að lenda utanveltu í kerfinu. Við erum öll sammála um að skólakerfið og menntakerfið eigi að koma til móts við þarfir allra og að allir eigi að fá að njóta sín. Í félags- og tómstundastarfi eru fjölmörg tækifæri til þess að styrkja og vinna með börn og ungmenni á þeirra forsendum. Við vitum að betri árangur næst til dæmis í Danmörku og Svíþjóð þar sem skóla- og frístundastarf er orðið samofnara. Nemendum sem eiga erfitt uppdráttar í skipulögðu skólastarfi getur gengið gríðarlega mikið betur í frístundastarfinu þar sem þeirra styrkleikar fá notið sín. Svo getur það verið öfugt,

sum börn geta átt erfitt með að afla sér vana, njóta sín ekki í frjálsum umhverfi og þurfa markvissa þjálfun í samskiptum og félagatengslum.“

Kolbrún viðrar að lokum hugmyndir sínar um framtíðarskólann. „Skóli framtíðar á að leggja höfuð-áherslu á þá þætti menntunar sem börn og ungmenni geta síður öðlast í gegnum tölvur og tæki. Hér á ég við viðfangsefni eins og samskipti, félags- og tilfinningaþroska, lýðræði, verklegt og skapandi starf, siðvit og gagnrýna hugsun. Skólinn á að hverfast um virka þátttöku nemenda og efla skilning þeirra á náttúru og samfélagi með sterkri tengingu við nærumhverfið. Auðvitað eigum við að nýta hið stafræna umhverfi markvissar til náms og kennslu, ekki síst í hinum ólíku faggreinum. En menntun er ekki fyrst og fremst tæknilegt viðfangsefni, heldur siðferðilegt. Þess vegna er það svona flókið. Ég hef mikla trú á þeim krafti sem býr í ungu fólki hér á landi og endurspeglast í skóla- og frístundastarfi. Það er ástæða til að við horfum bjartsýn til framtíðarinnar.“

Sjá nánar á
chromebook.is

Af hverju Chromebook?

Þær henta fjölbreyttu skólastarfi, eru vandaðar, hraðar, á góðu verði og gríðarlega öruggar. Koma í ýmsum stærðum og gerðum og fást líka höggheldar og einnig með vatnsheldu lyklaborði. Á chromebook.is eru allar nánari upplýsingar um Chromebook og Google for Education umhverfið, einnig má senda fyrirspurnir á firma@tolvutek.is

Úrval af Chromebook á tolvutek.is



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Væntingar félagsmanna eru mikil áskorun

Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Hjördís Albertsdóttir tóku við stjórnartaumum í Félagi grunnskólakennara síðastliðið vor. Þorgerður Laufey er formaður félagsins og Hjördís varaformaður. Þær hafa haft í nógu að snúast síðan þær hófu störf í Kennarahúsinu; fyrsta verk þeirra var að landa kjarasamningi fyrir félagið og síðan hafa önnur verkefni verið ærin. Þorgerður Laufey og Hjördís settust niður með ritstjórum Skólavörðunnar og ræddu fyrstu mánuðina í starfi.

Þið tókuð við formennsku og varaformennsku í Félagi grunnskólakennara síðastliðið vor og fenguð stórt verkefni í fangið, að gera nýjan kjarasamning fyrir félagið. Hvernig var að hefja störf við samningaborðið?

HJÖRDÍS: Þetta var auðvitað svolítið brött byrjun en það tók viku að ljúka gerð kjarasamningsins eftir að við tókum formlega við embættum. Ég var enn föst í minni kennslu fyrir norðan og komst ekki á alla samningafundina. En jú, það má kannski segja að þetta hafi verið nokkurs konar eldskírn fyrir okkur.

ÞORGERÐUR LAUFEY: Leikreglurnar eru þannig að formaður félagsins er jafnframt formaður viðræðunefndarinnar sem fer fyrir samninganefndinni. Kosningar í stjórn FG fóru fram snemma árs og áður en við tókum við embættum gekk fyrri stjórn frá kjarasamningi sem var felldur í atkvæðagreiðslu. Við tókum raunverulega við samningaviðræðunum áður en aðalfundur félagsins fór fram í maí enda er betra að þeir sem taka við samningagerð og er ætlað að koma samningi til framkvæmda séu jafnframt í viðræðunefndinni. Þannig að við vorum byrjaðar að vinna áður en við tókum formlega við.

HJÖRDÍS: Þetta verkefni kom á okkar borð á meðan ég var enn í fullri kennslu í Reykjahliðarskóla. Það fór því svo að ég mætti ekki að fullu til starfa í Kennarahúsinu fyrr en kennslu lauk síðasta vor. Maður stekkur ekki burt fyrr en önninni er lokið.

Nýi kjarasamningurinn var borinn undir félagsmenn um mánaðamótin maí-júní. Mikill meirihluti félagsmanna samþykkti samninginn eða 74% þeirra sem greiddu atkvæði. Voru þið sáttar við niðurstöðuna?

ÞORGERÐUR LAUFEY: Við getum verið ánægðar með þessa niðurstöðu en við erum ekki síður stoltar af því sem er kannski ekki sýnilegt. Þegar verið er að kjósa til starfa í félaginu þá bjóða margir sig fram og það er ekkert launungarmál að við Hjördís buðum okkur báðar fram til formennsku í FG. Það er ekki sjálfgefið að þeir sem eru kosnir og þeir sem eru ekki kosnir falli saman og geti unnið saman. En þannig er það í okkar tilfalli.

Þekktust þið ekki áður?

HJÖRDÍS: Nei, það gerðum við ekki. Ég verð að segja að okkur fyrstu kynni hafa gengið mjög vel og þetta hefur verið ánægjulegt. Við erum ólíkar og bætum hvor aðra upp.



Þorgerður Laufey Dýrskjöld, formaður FG, og Hjördís Albertsdóttir, varaformaður FG, kunna vel við sig í Kennarahúsinu. Þær hafa haft mikið að gera frá því þær tóku við embættum síðasta vor og fram undan er verkefna- hlaðinn vetur.

ÞORGERÐUR LAUFEY: Kostir Hjördísar eru miklir og eitthvað sem maður hefði kosið að hafa með sér. Það er rólyndi, hún er fylgin sér og tekur vel utan um fólk. Hún íhugar vel hlutina.

Félagið á að vera fyrir félagsmenn

Þið hafið verið á ferð og flugi og hitt marga kennara víða um land. Hvernig hefur ykkur tekist að ná sambandi við félagsmenn þessa fyrstu mánuði ykkar í embætti?

HJÖRDÍS: Það er afar mikilvægt að halda góðum tengslum við félagsmenn og heyra hvað brennur helst á þeim. Við höfum því farið víða þessa fyrstu mánuði í embætti og lært mikið. Það má segja að búið sé að hrífa okkur af „gólfinu“ og við þurfum tengingu við kennarana. Við höfum fengið mjög góðar móttökur og átt mörg gagnleg og góð samtöl við okkar félagsmenn.

ÞORGERÐUR LAUFEY: Þótt við Hjördís séum nýjar í þessu hlutverki þá erum við báðar reyndir kennarar og við höfum lengi lifað og hræst í kennslunni. Við finnum fyrir væntingum meðal félagsmanna um að við stöndum okkur. Það leiðir hugann að því hversu mikil áskorun það er að taka að sér svona

hlutverk. Við þurfum oft sinnis að setja okkur strax inn í mál, oft einstaklingsmál sem þola enga bið. Við erum afar þakklátar fyrir að fólk skuli telja sig geta leitað til félagsins enda á félagið að vera fyrir félagsmanninn.

Þá hafa heimsóknir okkar í skóla víða um land verið lærdómsríkar. Ég hef sjálf unnið í litlum skóla og stórum skóla en ég hef til dæmis aldrei verið kennari í litlu sveitarfélagi þar sem nálgunin er önnur. Við höfum svo víða fundið hvernig grunnskólinn er hjartsláttur samfélagsins. Sveitarfélag sem hefur á að skipa góðum grunnskóla og ánægðum kennurum fær í staðinn gleði inn í samfélagið.

HJÖRDÍS: Félagsmenn gera kröfu til þess að við séum tilbúnar í öll verkefni og við höfum lært mikið þessa fyrstu mánuði. Það er nánast alltaf önnur okkar úr húsi og annirnar eru meiri og fjölbreyttari en ég bjóst við. En hver dagur er mjög ánægjulegur.

Á nýju ári biður það ykkar að gera nýjan kjarasamning. Er undirbúningur hafinn að þeirri samningagerð?

HJÖRDÍS: Þetta er náttúrlega endalaus fjallganga þegar kemur að gerð kjarasamninga. Við höfum haldið samráðsfundi og munum að sjálfsögðu halda fleiri slíka.

ÞORGERÐUR LAUFEY: Það er stutt á milli kjarasamninga stundum. Ég hitti kennara úti á landi sem velti því fyrir sér hvort þessi eilífa samningagerð, að kjósa um samninga o.s.frv. gerði kennara-stéttina svolítið þreytta. Við værum alltaf í baráttu. Við munum að sjálfsögðu leggja okkur fram við samningaborðið. Ég get alveg sagt að reynsla mín í þetta nýja hlutverk kemur ekki af gólfinu sem kennari heldur er það miklu frekar reynsla mín sem manneskju og reynsla mín af því að vita og fylgjast með hvað brennur á okkur kennurum á hverjum tíma. Þannig má segja að hæfni mín til að sitja við samningaborðið komi úr ólíkum áttum.

Ég hef líka oft haft á orði að það sé jafnmikilvægt að gera kjarasamning og að koma honum til framkvæmda. Þá á ég við að tryggja þarf að samningurinn gefi það sem hann átti að gefa og rætt var við samningaborðið. Það gengur ekki upp að standa í ágreiningi um einhver atriði í samningi og ætla sér bara að semja um þau næst. Þetta hefur því miður verið svolitil lenska í þessum málaflökki.

Í núgildandi kjarasamningi eru fjölmörg atriði sem við þurfum að ná til framkvæmda. Því hefur verið haldið fram að kjarasamningur grunnskólakennara sé svo flókinn. Það er að hluta til rétt enda erum við oft að semja um marga ólíka hluti. Við erum að sjálfsögðu að semja um kaup og kjör okkar félagsmanna en á sama tíma erum við að kannski að semja um ákveðin atriði í starfsumhverfinu sem jafnvel eru þegar bundin í lög. Við höfum verið að blanda þessu saman og semja um hluti sem þegar er að finna í lögum, svo sem vinnuverndarlögum.

Við þurfum að taka betur utan um grunnskólakennarar sem halda félaginu okkar saman. Þar á ég við félagslega trúnaðarmannakerfið sem hefur það hlutverk að sjá til þess að kjarasamningum sé fylgt og öryggrúnaðarmannakerfið sem fer inn á vinnuverndarlöggjöfina. Þá eru ótaldir skólanefndarfulltrúar, sem eru kennarar og eiga sæti í skólanefndum í hverju sveitarfélagi fyrir sig, og hafa það hlutverk að stýra skólunum. Þessar þrjár stöðir eru allar jafnmikilvægar.



ÞORGERÐUR LAUFEY DÝRSKJÖLD

Síðasti vinnustaður:

Arbæjarskóli.

Námsgrein:

Ég er grunnskólakennari með textíl sem sérsvið.

Helstu áhugamál:

Samfélagsmál eru mitt aðaláhugamál. Heima ræðum við mikið um samfélagsmál, lífeyris- og kjaramál, líka á jólnunum.

Bókin á náttborðinu:

Ég las síðast Hina hliðina eftir Guðjón Ragnar Jónasson. Hún er stutt og hnitmiðuð og ég heyrði rödd Guðjóns allan tímann sem ég las og hló heil ósköp. Ég hef þann vana að lesa mikið og nota mikið hljóðbækur. Þá stilli ég leshraðann á fimm og get þannig lesið fimm sinnum fleiri bækur en ella.



HJÖRDÍS ALBERTSDÓTTIR

Síðasti vinnustaður:

Reykjahliðarskóli í Skútustaðahreppi.

Námsgrein:

Ég er grunnskólakennari með samfélagsfræði sem kjörsvið.

Helstu áhugamál:

Ég á mér draum um að hafa að áhugamáli að elda alltaf rosagóðan mat. Svo finnst mér ofboðslega gaman að lesa bækur en mætti vera duglegri. Og ég nýt íslenskrar náttúru.

Bókin á náttborðinu:

Það er bókin Svörtuloft eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Ég hef byrjað nokkuð oft á henni síðustu mánuði en hefur ekki alveg tekist að ljúka henni. Ég hef þó lesið nokkrar bækur í millitíðinni.



HJÖRDÍS: Vinnan við kjarasamninginn, á milli kjarasamninga, er mikið meiri en ég hefði getað ímyndað mér. Ég sit í skólamálaráði og er formaður skólamálanefndar FG. Skólamálanefndin okkar hefur hist þrisvar og við erum komin ágætlega á veg með að móta stefnu. Eitt af því er að koma á samstarfi okkar og skólamálanefnda annarra skólastiga; annarra félaga hér í Kennarahúsinu. Þar sjáum við fyrir okkur að ræða málefni sem brenna á öllum kennurum.

Góður taktur skólaársins

Hvernig hafa vistaskiptin farið í ykkur? Skrifstofuvinna hefur tekið við af fjölbreyttu starfi í skólastofunni og skólanum. Saknið þið skólans og nemendanna?

HJÖRDÍS: Ég sakna nemandanna minna mikið og ég fer í gamla skólann minn reglulega og fæ þá gríðarlegan söknuð í hjartað. En viðbrigðin eru kannski ekki svo mikil. Þetta er líkt kennarastarfinu að því leyti að annirnar eru miklar á hverjum degi og maður hefur varla tíma til að sinna vinnunni fyrir vinnunni. Það er mikið að gera hér og það er mikið að gera í skólanum.

ÞORGERÐUR LAUFEY: Ég held að munurinn á því að vera kennari og formaður FG sé ekki svo gríðarlegur. Nú erum við að fara inn í jólin og það er einhver taktur sem félagsmenn okkar sigla líka eftir. Skóladagatalið er líka svolítið inni í okkur. Það gefur okkur þessa siglingu sem skólinn býður upp á því þótt þú sért að koma fimmta veturinn í röð til kennslu þá mætirðu alltaf ferskur

Stjórn FG

Efri röð: Þorgerður L. Diðriksdóttir formaður, Hjördís Albertsdóttir varaformaður, Anna Guðrún Jóhannesdóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir. Neðri röð: Jens Guðjón Einarsson, Sigurður „Bibbi“ Sigurðarson ritari, Hreiðar Oddsson gjaldkeri.

að hausti, með autt blað. Það gildir það sama hér. Ég held að við finnum meira fyrir þessum öldugangi heldur en til dæmis stéttarfélög sem eru með reglulegra ár og þar sem vinnutíminn fer eftir þessum rauðu dögum. Boðin um að koma inn í skólana fylgja líka svolítið þessum takti. Þetta er góður taktur.

Lokaorð?

ÞORGERÐUR LAUFEY: Við finnum til ábyrgðar í störfum okkar fyrir Félag grunnskólakennara; að efla stéttarvitund og vekja kennara til vitundar um mikilvægi kennarastarfsins og eflingu fagmennskunnar í sjálfum sér. Við þurfum að taka utan um kennara og minna þá á að starfið sem þeir inna af hendi á degi hverjum er mjög mikilvægt.

Fylgið okkur á Instagram
@Kennarasamband



KENNARA
SAMBAND



belladonna

Skeifunni 8, 108 Reykjavík. S: 517-6460

Flott föt, fyrir flottar konur. Stærðir 38-58

Söguferðir

Við höfum langa og farsæla reynslu af skipulagningu og fararstjórn víða um álfur þótt Austur-Evrópa sé í uppáhaldi. Pólland hefur þar sérstakan sess.

Við aðstoðum kennara við undirbúning skipulagðra ferða s.s. við að koma á tengslum við skóla, veitum fararstjórn og stöndum fyrir námskeiðum sé þess óskað.

Ef Pólland er ekki nógu framandi, hvað þá með að skella sér í ævintýri til Albaníu, Króatíu, Serbíu, Moldavíu, Aserbaídsjan, Georgíu, Armeníu; í kúltúrferð til Hvíta-Rússlands eða jafnvel til Norður-Kóreu? Hvernig væri að kynnst menntamálum evrópskra „hulduþjóða“ eins og Kasjúba, Sorba, Sama eða Frísa?



Nánari upplýsingar gefur Þorleifur Friðriksson
Sími: 564-3031, 611-4797

Netfang: soguferdir@soguferdir.is
Sjá einnig heimasíðu og Facebooksíðu Söguferða.

Stétt sérkennara að deyja út

Aðalbjörn Sigurðsson skrifar

Árni Einarsson hefur helgað nemendum með sérþarfir ríflega þrjátíu og fimm ára starfsferil sinn. Þegar hann hóf störf árið 1985 urðu fatlaðir fyrir mun meiri fordómum en í dag, hann varð m.a. vitni að því þegar hópi þeirra var meinaður aðgangur að sundlaug á höfuðborgarsvæðinu. En tímarnir breytast og þjónusta við fatlaða hefur aldrei verið öflugri en um þessar mundir. Árni hefur þó enn áhyggjur, nú af því hversu fáir kennarar fást til að starfa með þessum viðkvæma nemendahópi.

Það er leit að fjölbreyttari nemendahópi en í Klettaskóla í Reykjavík. Skólinn er sérskóli og nemendur þar glíma við misalvarlegar fatlanir og broskahamlanir. Síðustu þrjú ár hefur Árni Einarsson verið skólástjóri á þessum einstaka vinnustað en þangað er ég einmitt mættur til að ræða við hann starfið, skólakerfið og daglegu verkefni. Ég á hér persónulegra hagsmuna að gæta því dóttir mín er greind með dæmigerða einhverfu og hóf nám við skólann í haust. Á mér brenna því fjölmargar spurningar þegar ég sest niður með Árna í litlu fundaherbergi í skólanum og við hefjum spjall okkar.

„Í skólanum eru um 130 nemendur og nánast jafn margir starfsmenn, þar af um 50 kennarar. Við hefðum gjarnan viljað hafa þá fleiri en okkur hefur reynst mjög erfitt að finna kennara. Það sækja engir um þegar við auglýsum og ég hef sérstakar áhyggjur af því að háskólarnir eru ekki að útskrifa kennara sem sérhæfa sig í að vinna með þessum nemendahópi. Það er því ekki útlit fyrir að ástandið batni, nema síður sé. Þetta er ekki alls staðar svona og við höfum fengið hingað kennaranema frá Evrópu í starfsnám. Allt þetta hefur leitt til þess að síðustu ár höfum við ráðið hingað færri kennara en áður en við reynum að mæta því með því að ráða aðrar háskólamenntaðar stéttir, t.d. þroskaþjálfar. Við skipuleggjum þá starfið þannig að unnið sé í teymum sem í eru t.d. kennari, þroskaþjálfari, stuðningsfulltrúar o.s.frv.“ segir Árni.

Nemendahópurinn hefur breyst

Klettaskóli tók formlega til starfa árið 2011 en hann byggir á gömlum grunni enda varð hann til við sameiningu Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. „Báðir þessir skólar voru sérskólar fyrir fatlaða nemendur,“ segir Árni. „Skömmu fyrir

sameininguna voru inntökuskilyrðin í skólana hert talsvert sem þýðir að nemendur þurfa að glíma við alvarlegri fatlanir en áður til að fá að stunda nám hér. Raunar er það þannig að ég held að enginn af þeim 120 nemendum sem voru í gamla Öskjuhlíðarskóla myndu fá pláss í Klettaskóla eins og hann er starfræktur í dag.

Það er greinileg þörf fyrir skólann enda hefur nemendum hér fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Þeir eru í dag 130 talsins en upphaflega var gert ráð fyrir að hér myndu um 90 nemendur stunda nám. Þetta þýðir að við glímum við ákveðið plássleysi, en þó að skólinn hafi nánast algerlega verið endurbýggður hefur kennslurýmið lítið sem ekkert stækkað. Mörgum nemendum hér fylgir mikill búnaður þannig að við þurfum mikið pláss, en þrátt fyrir ákveðin þrengsli er erfitt að kvarta, enda er hér við skólann til dæmis glæný sundlaug og íþróttastaða.“

Lærður sérkennari

Árni byrjaði kennsluferilinn árið 1985 og tilviljun réði því að hann hóf störf hjá Þjálfunarskóla Ríkisins sem staðsettur var við hliðina á Kópavogshælinu. „Margir fatlaðir höfðu fram til um 1980 ekki gengið í skóla en upp úr því urðu ákveðin straumhvörf. Skólakerfið var opnað fyrir þessum nemendum en einnig var stofnað til fullorðinsfræðslu fyrir þá sem höfðu aldrei fengið skólagöngu. Til að sinna þeim hópi var komið á laggirnar nokkrum skólum, þar á meðal Þjálfunarskólanum, sem er grunnurinn að því sem í dag heitir Fjölmenn. Ég starfaði við Þjálfunarskólann í nokkur ár við að skipuleggja starfseminna en fór þaðan í Brúarskóla sem er sérskóli fyrir börn með hegðunarfrávik. Þar starfaði ég allt þar til ég réði mig til starfa hér. Þannig að þó það hafi aldrei verið planað þá hef ég verið í þessari sérkennslu alla tíð og svo fór að ég sérhæfði mig í faginu og er lærður sérkennari.“

Faglegra starf

Það segir sig nokkuð sjálft að það hlýtur að vera gríðarlegur munur á þeirri þjónustu sem fötluðum nemendum er veitt er í dag og því sem var þegar Árni var að hefja störf. „Augljóslega og í raun má í því sambandi nánast tala um byltingu. Þjónustan í dag er miklu meiri, starfið faglegra og það hafa orðið alls konar jákvæðar breytingar. Til að skýra muninn segi ég stundum frá því þegar ég var að vinna í Þjálfunarskólanum. Nemendurnir höfðu margir lítið tekið þátt í samfélaginu en voru samt vel sjálfbjarga. Þeir höfðu lítið við að vera þannig að við ákváðum að kenna þeim að nota sundlaugina sem var rétt hjá skólanum þarna í Kópavogi. Við

Þegar Árni getur fer hann út í frímínútur með nemendum. Hér er hann með Magdalenu Ósk Aðalbjörnsdóttur, dóttur greinarhöfundar.



fórum með hóp af fötluðu fólki í sund, ég og íþróttakennari sem var að vinna með mér á þessum tíma. En þar sem við sátum í heita pottinum, í annað skipti sem við mættum í laugina, þá kom forstöðumaðurinn, rak okkur upp úr og sagðist ekki vilja sjá þetta fólk í lauginni. Þetta var árið 1985 eða 1986. Ég fór að reyna að kvarta, skrifa bréf og svona, en það voru ekkert mikil viðbrögð. Þetta myndi ekki gerast í dag.“

Tæknin breytir miklu

Mikill búnaður fylgir nemendum Klettaskóla sem skapar fjölmörg verkefni fyrir starfsmenn skólans. „Við erum stöðugt að vinna með og innleiða nýja tækni sem oft tengist boðskiptum, enda eru þau lykilþáttur í náminu hér. Eitt dæmi er að einn starfsmaður skólans hefur sérhæft



sig í augnstýribúnaði fyrir nemendur sem hafa ekki möguleika á að tjá sig öðruvísi en með því að nota augun til að stjórna tölvu. Sá starfsmaður er í fararbroddi á þessu sviði á Íslandi enda tekur hann þátt í viðamiklu samstarfi erlendis, sækir mikið námskeið o.s.frv. Klettaskóli innleiddi snemma spjaldtölvur enda geta þær hjálpað nemendum við boðskipti, við erum að innleiða atferlisþjálfun og hópur starfsmanna vinnur nú út frá ákveðinni nálgun í félagsfærnikennslu. Þannig að verkefni eru mörg og við erum stöðugt að skoða einhverjar nýjungar enda skiptir það miklu máli í svona starfi.“

Í frímínútum með nemendum

Það hefur vakið athygli að Árni stendur úti á hverjum morgni með öðrum starfsmönnum og tekur á móti

„Þjónustan í dag er miklu meiri, starfið faglegra og það hafa orðið alls konar jákvæðar breytingar.“

nemendum sem streyma í skólann um og upp úr klukkan átta. „Ég reyni að mæta snemma í vinnuna enda nýttist tíminn fyrst á morgnana vel, ég næ að fara í tölvupóstinn o.s.frv. en svo tek ég einmitt alltaf á móti nemendum hér á morgnana enda finnst mér það

mjög skemmtilegt. Þrátt fyrir ótal verkefni legg ég líka áherslu á að taka tíma í að vera úti í frímínútum með nemendum og þannig í tengslum við þá.“

Að lokum berst talið rétt sem snöggvast að skóla án aðgreiningar. Hvaða skoðun hefur Árni þar? „Skóli án aðgreiningar virkar víða mjög vel og margir nemendur sem áður voru settir í sérúrræði standa sig vel í almenna skólanum í dag. Ég þekki það frá því ég var að vinna í Brúarskóla, þar sem voru nemendur með hegðunarerfiðleika, að fyrir kennara getur verið mjög strembið að takast á við nemendur með alls konar frávik, fatlanir o.s.frv. Þannig að til hliðar þurfum við að hafa skóla eins og Klettaskóla. Til að sinna nemendum sem best þurfum við að hafa fjölbreytt úrræði.“

Röddin er aðalmálið!

Sigrún Birna Björnsdóttir
sérfræðingur í vinnuumhverfis-
og jafnréttismálum hjá Kennara-
sambandi Íslands

Röddin er atvinnu-
tæki kennara, því
án hennar er lítið
hægt að kenna.

Söngvarar hugsa afar vel um
rödd sína, hita hana upp, gera
raddæfingar og slökunaræfingar
og ótal margt fleira. Kennarar
ættu sömuleiðis að huga að
rödd sinni og undirbúa hana
fyrir kennslu dagsins. Ef röddin
fer þarf kennari að skipta um
starfssvettvang. Hér eru nokkrar
hugmyndir að því hvernig verja
má röddina álagi og eymslum.
Frekari upplýsingar má fá á
vefnum www.rodd.is.

Þeir sem þurfa að tala mikið
yfir daginn ættu að:

- Hita röddina upp t.d. með því
að humma lag, segja RRRR
og PTK til skiptis og ÍÍÍ-ÚÚÚ
með ýktum varahreyfing-
um og puðra svo slakni á
andlitsvöðvum.
- Gæta þess að tala eða lesa
með nægu lofti.
- Tala alltaf með slakan kjálka
svo tungan liggir aðeins á milli
tanna í öllum öðrum hljóðum
en /S/
- Drekkja reglulega vatn yfir
daginn.
- Liðka kjálka, tungu, kinnar

- og varir þegar tækifæri gefst.
- Slaka á talfærunum með því
að blása fast út í kinnar, snúa
upp á varir, slaka á kjálkum
og hreyfa þá.
- Láta tungu liggja slaka út úr
munni í smástund.
- Tala hægt og leggja áherslu á
hvert atkvæði ef rödd er veik.
- Fordást að spenna röddina.
- Fordást að kalla. Betra er
að ganga til þess sem er
ávarpaður.

Er röddin komin í þrot?

Raddþrotseinkenni eða álagsein-
kenni má finna með því að fara
yfir eftirfarandi lista. Lestu hann
og merktu við ef þú finnur fyrir
einhverju oft eða að staðaldri.

- Þurrkur í hálsi
 - Erting eða kittilfinning
 - Særindi
 - Kökktilfinning
 - Ræskingarþörf
 - Röddin brestur
 - Röddin endist illa
 - Viðvarandi hæsi án kvefs
 - Viðvarandi ræma
 - Röddin er eintóna
 - Raddþreyta við upplestur
 - Raddþreyta við söng
 - Raddþreyta við samræður
- Ef þú finnur fyrir þremur

eða fleiri einkennum af listanum
hér að ofan er kominn tími til að
fara til háls-, nef- og eyrnalækn-
is. Ef þú finnur stundum fyrir
einhverjum einkennum ættirðu
að huga að raddheilsunni því
viðvarandi álag getur valdið
raddþroti.

Góðir og slæmir raddsiðir

Ýmsar líkamstöður geta haft
áhrif á gæði raddar. Það að
bíta eillíft á jaxlinn, gnista
tönnum, spenna tungu og halla
stöðugt höfði getur haft áhrif
á raddheilsu. Slæmir raddsiðir
geta stuðlað að raddveikum eða
óþægindum í radd- og talfærum.
Gott er að lesa eftirfarandi lista
og athuga hvort einhver atriði
hans eiga við þig:

- Skekkir þú höfuðið þegar þú
talar?
- Lest þú, talar eða syngur án
þess að hafa til þess nægilegt
loft?
- Talarðu hratt?
- Talarðu óskýrt?
- Talarðu með samanbitna
kjálka?
- Gnístir þú tönnum og skekur
til kjálka?
- Spennirðu röddina upp?
- Spennirðu tungu út í tennur?



Erasmus+

Umsóknarfrestir 2019

Rannís auglýsir umsóknarfresti í menntahluta Erasmus+
Nám og þjálfun – umsóknarfrestur **5. febrúar 2019**
Samstarfsverkefni – umsóknarfrestur **21. mars 2019**

Sjá nánar á www.erasmusplus.is



Erasmus+
Vikkar sjóndeildarhringinn



rannís
www.rannis.is

- Ertu með tungukæki?
- Talar þú á innsoginu?
- Syngur þú í tónhæð sem þér er ekki eiginleg?
- Reynirðu að yfirgnæfa hávaða með röddinni?
- Hvíslarðu með spenntri röddu, t.d. með kvef?
- Öskrarðu?

Ef einhver þessara atriða eiga við þig er gott að afla sér upplýsinga um hvernig laga megji stöðuna á einfaldan hátt. Á heimasíðu KÍ undir flípanum vellíðan í vinnu (ki.is/um-ki/annad/vellidan-i-vinnu) má finna ýmsar mikilvægar upplýsingar, m.a. um hávaða. Þar má einnig finna bæklinga um hvernig hlúa má að röddinni.

Er röddin í lagi?

Til eru ýmsar aðferðir til að gæta að hvort röddin sé í lagi. Hér á eftir fara nokkrar æfingar sem gera má með þá rannsókn í huga.

Renndu tóni hægt upp frá dýpsta tóni til þess efsta. Styddu fingrum á bringubein þegar þú myndar dýpsta tóninn. Þar á að vera titringur. Ef ekki er eitthvað að. Hlustaðu eftir hvort tóninn helst heill án þess að brotna frá neðsta tóni til þess efsta. Ef röddin brestur eða hleypur yfir tóna er eitthvað að.

Haltu tóni um stund. Hlustaðu



Dr. Valdís Jónsdóttir gaf á dögnum út bók um raddheilsu. Hana má fá í helstu bókabúðum landsins.

eftir hvort hann heldur styrk og hljómi. Ef hann hverfur, er skjálfandi eða hleypur til bendir það til raddveilu.

Líttu í spegil og kannaðu stöðu höfuðsins. Hallast það fram eða til hliðar? Lýtur það fram eða hallar aftur? Okkur hættil til að festa höfuð í rangri stöðu ef við festum okkur á of háu eða lágu raddsviði. Ef höfuð er skakkt gæti það bent til vöðvafestu eða vöðvabólgu sem hefur líka áhrif á raddbeitingu.

Leggðu fingur á barkakýli og segðu ydd. Skýst barkinn upp? Leggðu fingur á barkakýli og segðu dönn. Skýst barkinn niður? Ef ekki er þar mögulega að finna festumein sem þarf að meðhöndla.

Ertu með stífar axlir og grunna öndun? Styddu annarri hönd á öxl og hinn á kvið og andaðu eðlilega inn og út. Hvor höndin hreyfist? Ef sú á öxlinni hreyfist andardu grunnt og axlir stífna. Ef magahöndin hreyfist er allt í stakasta lagi.

Brestur röddin eða þreytistu í venjulegu tali? Ertu rámm(ur) eða mis háss? Ertu hætt(ur) að geta sungið? Þetta eru einkenni sem þarf að láta háls-, nef- og eyrnalækni athuga.

Ef hugað er að röddinni rétt eins og öðru í lífinu má bæta lífsgæði og vinnuumhverfi til muna. Röddin skiptir alla máli – sérstaklega kennara.

Punktar og peningar

LÆKKADU VERÐIÐ MEÐ VILDARPUNKTUM

PUNKTAR

PENINGAR

Eru punktar í kladdanum?

Stundum er gott að komast í burtu, þótt ekki sé nema yfir helgi. Nýttu þér Punkta og peninga og láttu Vildarpunktana þína ganga upp í flugmiðann. Kannaðu stöðuna. Verðið gæti komið þér ánægjulega á óvart.

+ icelandair.is



Gott að glósa: Þú safnar líka Vildarpunktum þegar þú bókar flug með Punktum og peningum.

ICELANDAIR



Tugþúsundir kennara vantar á næstu árum

Borgþór Arngrímsson skrifar

Skortur á kennurum er alvarlegt og vaxandi vandamál í Skandinavíu- löndunum þremur, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Verst er útlitið í Svíþjóð en þar mun árið 2035 vanta tæplega áttatíu þúsund kennara.

Fyrir þingkosningarnar sem voru í Svíþjóð fyrir skömmu gerði rannsóknastofnunin Novus viðamikla könnun meðal sænskra kjósenda þar sem spurt var hver væru mikilvægustu málefni í sænsku samfélagi. Að mati mörg þúsund Svía sem tóku þátt í könnuninni er heilbrigðisþjónustan mikilvægust, málefni innflytjenda númer tvö og í þriðja sæti skólamál. Þar á eftir komu húsnæðis- og samgöngumál. Sænskir stjórnsmálaskýrendur telja þessa niðurstöðu bæði eðlilega og skiljanlega, þar sem heilbrigðismál séu Svíum ætíð ofarlega í huga. Í ljósi þess að flóttamannastraumurinn til Evrópu hafi verið eitt erfiðasta mál sem margar þjóðir, ekki síst Svíar, hafi staðið frammi fyrir á síðustu árum, og enn er að verulegu leyti óleyst, sé einnig skiljanlegt að innflytjendamálin séu næstefst á listanum. Þessi tvö málefni voru mjög fyrirferðarmikil í aðdraganda þingkosninganna. Að skólamál skuli vera eitt mikilvægasta verkefnið fram undan í sænsku samfélagi kemur heldur ekki sérlega á óvart að mati sérfræðinganna, en áhyggjur Svía varðandi skólamálin snúa einkum að einu atriði: kennaraskorti.

Sívaxandi vandi

Skortur á kennurum er ekki nýtilkomið vandamál. Um langt árabil hefur gengið illa að manna kennara- stöður í sænskum grunnskólum og á allra síðustu árum hefur gengið æ verr að fá menntaða kennara til starfa. Ástandið er verst í dreifbýlinu en samkvæmt könnun sem sænska sjónvarpið, SVT, gerði síðastliðinn vetur voru 37% kennara á landsbyggðinni án kennaramenntunar. Í stærri bæjum var talan 27%. Í sumum skólum á landsbyggðinni er meira en helmingur kennara án réttinda og „kennaraveltan“ mikil milli ára.

Talsmenn sænskra kennarasamtaka segja þetta algjörlega óviðunandi og fullyrða að ástandið eigi eftir að versna til muna á næstu árum og áratugum ef ekkert verði að gert. Tvær mikilvægar staðreyndir liggja að baki þessari fullyrðingu: Í fyrsta lagi eru rúmlega 10% sænskra kennara eldri en 60 ára og því fyrirséð að sá hópur fer á eftirlaun á næstu árum. Í öðru lagi sóttu um það bil 250 þúsund manns um hæli í Svíþjóð á árunum 2014 og 2015. Þótt talan undanfarin tvö ár sé nokkru lægri er fjöldinn þó umtalsverður. Stærsti hluti þessa hóps kom með börn með sér og mun sömuleiðis að líkindum eignast börn á næstu árum. Samkvæmt útreikningum sænska kennarasambandsins þýðir þetta að eftir sautján ár, árið



2035, muni vanta 79 þúsund kennara. Einhverjir sænskir stjórnálmenn drógu þessa háu tölu í efa þegar kennarasambandið birti hana, en eftir að hafa skoðað útreikninga og spálíkon kennaranna víðurkennu allir stærðargráðu vandans.

Sensku kennarasamtökin telja að á undanförunum árum hafi um það bil 38 þúsund grunnskólakennarar hætt kennslu og snúið sér að öðrum störfum. Inni í þessari tölu eru ekki þeir sem hafa hætt vegna aldurs. Þegar spurt er um ástæður kemur í ljós að tvennt er langofkast nefnt: vinnuálagið og launin. Flestir í kennarastétt virðast sammála um að vinnuálagið hjá sænskum kennurum sé miklu meira en eðlilegt geti talist og hafi aukist til muna á síðustu árum. Launin hafi hins vegar ekki hækkad og séu langtum lakari en hjá mörgum stéttum sem kennarar beri sig saman við. Kennarar tala líka um skilningsleysi stjórnvalda og almennt virðingarleysi gagnvart kennarastéttinni.

Kennarar hafa bent á að sænska skólakerfið hafi á undanförunum árum hríðfallið í alþjóðlegum samanburði (t.d. PISA könnunum) og þeir kenna þar um auknu álagi, fjölmennari bekkjum og þar af leiðandi takmarkaðri tíma til að sinna hverjum og einum.

En er ekki bara hægt að mennta fleiri kennara?

Þessari spurningu var margoft varpað fram í umræðum og framboðsfundum í aðdraganda kosninganna.

Sú spurning er hins vegar óraunhæf, því miðað við fjölda þeirra sem muni

útskrifast samkvæmt spám á næstu árum yrði fjórði hver háskólanemi að velja kennaranámið. Margar hugmyndir hafa verið nefndar til að fjölga þeim sem velja kennaranám, þar á meðal stóraukið fjarnám og að kennaranám verði í boði á mun fleiri stöðum í landinu en nú er raunin. Einnig hefur verið nefndur sá möguleiki að umbuna sérstaklega menntuðum kennurum sem setjist að í dreifbýlinu og hvetja þannig fleiri til að setjast að á landsbyggðinni. Eitt eru allir sammála um: eitthvað verður að gera, annars stefnir í algjört óefni.

Líka dökkt útlit í Noregi og Danmörku

Eins og nefnt var í upphafi þessa pistils er kennaraskorturinn ekki bundinn við Svíþjóð þótt þar sé myndin dekkst. Í Noregi mun á næstu árum vanta mörg þúsund kennara, fyrir utan þá sem hætta vegna aldurs eða annarra ástæðna. Ástæðan er fyrst og fremst breyting sem gerð var á lögum og reglugerðum um fjölda nemenda í bekkjum sem nú mæla fyrir um færri nemendur í hverjum bekk. Aukinn kostnaður fylgdi þessari breytingu en fjármagnið fylgdi hins vegar ekki með, þrátt fyrir ábendingar kennara og sveitarstjórnarmanna. Norska Hagstofan (SSB) telur að eftir sjö ár, árið 2025, muni vanta um það bil 30 þúsund kennara. Nú í haust var pláss fyrir 4217 nemendur í grunnskólakennaranámi í Noregi, sem var talsverð aukning frá fyrra ári en hrekkur þó hvergi til. Í Noregi eru um það bil 60 þúsund kennarar, þar af

rúmlega 4 þúsund án réttinda og fer fjölgandi. Rétt er að geta þess að í þriðja hverjum skóla í Noregi eru færri en 100 nemendur sem skýrir, ásamt stærð bekkja, fjölda kennara samanborið við Danmörku. Norskir og sænskir skólar hafa reynt að auglýsa eftir kennurum í dönskum fjölmiðlum en þrátt fyrir að launin séu hærri en í Danmörku hefur það ekki freistað margra danskra kennara.

Mikið brottfall úr kennaranámi

Danskir kennarar þurfa svo sem ekki að leita út fyrir landsteinana eftir vinnu. Í Danmörku hefur um árabil verið skortur á réttindakennurum, en samtals eru um það bil 46 þúsund kennarar starfandi í landinu og um 10% þeirra án réttinda. Kennurum án kennaramenntunar hefur fjölgað ár frá ári og forystumenn danska kennarasambandsins segja að ef svo fer sem horfir verði kennarar án kennaramenntunar orðnir fleiri en þeir menntuðu eftir átta ár.

Til að halda í horfinu þyrfti tæplega 3 þúsund nýja menntaða kennara á hverju ári en undanfarin ár hafa þeir að jafnaði verið um það bil 1500. Hluti kennaraskortsins skýrist af miklu brottfalli úr kennaranámi, en hvorki meira né minna en 40% hætta í náminu. Þar að auki hætta um það bil 5% þeirra sem byrja í kennslu eftir eitt ár.

Í Danmörku eru um það bil 17 þúsund menntaðir kennarar sem ekki starfa við kennslu. Anders Bondo Christensen, formaður dönsku kennarasamtakanna,

sagði í viðtali við danska kennarablaðið að kennarar nefndu oftast þrennt þegar spurt væri um ástæður þess að þeir hefðu hætt kennslu: allt of mikið vinnuálag, ekki nægur tími til að sinna einstökum nemendum og að þeir ráði sjálfir of litlu um hvernig þeir hagi kennslunni, skipulagið sé niðurnjörvað. Anders Bondo sagði að einu nafni mætti kalla þetta óviðunandi vinnuskilyrði og það hljóti að vera markmið og hagar allra að bæta úr þeim í þeirri von að fá fleiri menntaða kennara til að snúa til baka í skólana og koma í veg fyrir að kennarar hætti vegna óánægju. Anders Bondo nefndi einnig nýja rannsókn danska menntamálaráðuneytisins þar sem kemur fram að í tíundu hverri kennslustund hjá nemanda í grunnskóla sé kennarinn afleysingakennari eða tíminn falli hreinlega niður. „Þetta er algjörlega óviðunandi,“ sagði Anders Bondo Christensen. Hann sagði jafnframt að stjórnálmenn segðust allir sammála því að gera þyrfti ráðstafanir til úrbóta, en svo gerist ekkert. Hann klykkta út með að nefna að í könnun sem danska hagstofan gerði nýlega hjá sveitarfélögum í landinu kæmi fram að á síðastliðnum þremur árum hefði reynt æ erfiðara að manna kennarastöður í skólunum. Það ætti bæði við um menntaða kennara og fólk án kennaramenntunar. „Ef það er vilji þeirra sem ráða að við Danir höldum í við aðrar þjóðir á menntasviðinu verður að grípa til aðgerða, fögur orð á hátíðastundum hrökkva skammt,“ sagði formaður dönsku kennarasamtakanna.

37%

Í dreifbýli í Svíþjóð eru 37% kennara án kennaramenntunar, en 27% í stærri bæjum. 10% sænskra kennara eru eldri en 60 ára.

Árið 2025 mun vanta 30 þúsund kennara í Noregi. Þar eru nú um það bil 60 þúsund starfandi kennarar og 4 þúsund þeirra hafa ekki kennararéttindi. Í þriðjungnum norskra skóla eru færri en 100 nemendur.

79000

Árið 2035 mun vanta 79 þúsund kennara í Svíþjóð.

40% þeirra sem byrja í kennaranámi í Danmörku hætta áður en þeir ljúka námi. 5% útskrifaðra kennara hætta eftir eitt ár í kennarastarfinu. Í Danmörku starfa 17 þúsund menntaðir kennarar við annað en kennslu.



Gerður Magnúsdóttir leikskólastjóri ásamt hópi barna á Sólhvörfum.

Vinátta á Sólhvörfum

Að kenna börnunum okkar frá upphafi að vera góður félagi og sýna vináttu, umhyggju, virðingu og hugrekki skiptir okkur hér í leikskólanum Sólhvörfum miklu máli. Það er ástæðan fyrir því að við tókum upp ástralskt verkefni sem heitir Vinátta og höfum verið að tileinka okkur hugmyndafræði þess síðustu fjögur ár,“ segir Gerður Magnúsdóttir, leikskólastjóri Sólhvarfa. Barnaheill leitaði til Kópavogsbæjar til að fá leikskóla í tilraunaverkefni og sló leikskólinn Sólhvörf strax til. Verkefnið gerir ráð fyrir að þátttakendur tileinki sér fyrrnefnd grunnildi við vinnu og í samskiptum innan skólasmfélagsins. Vinátta er forvörn gegn einelti og vinnan gengur út á að styrkja börnin hvert og eitt þannig að þau öðlist hugrekki til að vera læs á aðstæður og takast á við þær.

Gerður bendir á að fyrir utan það að vinna með þolanda

og geranda í eineltismálum sé mikilvægt að efla börnin þannig að þau geti staðið fyrir sig sjálf og tekið á aðstæðum þar sem annar er í vandræðum. Hópurinn sem oft stendur hjá og aðhefst ekkert öðlast nú hugrekki til að skerast í leikinn, en þetta er oft stærsti hópurinn.

Verkefnið er mjög aðgengilegt og því fylgir taska sem inniheldur allt námsefnið. Verkefni og annað efni er ætlað börnum, foreldrum, kennurum og öðru starfsfólki og á í raun erindi við alla. Hver skóli getur útfært efnið út frá eigin stefnu og sérstöðu og segir Gerður að mikill kostur við verkefnið sé að það sé ekki verið að flækja hlutina um of og það þarfnast ekki mikils undirbúnings kennara. Þau hafa ekki rekist á neinar hindranir og sér Barnaheill um að mennta starfsfólkið og verkefnið er í sífelldri þróun. Á Sólhvörfum voru elstu börnin fyrst þátttakendur en nú eru börn niður í þriggja ára með og Vinátta mun fylgja krökkunum áfram þar sem nú er verið að þýða efnið fyrir grunnskóla

yfir á íslensku. Áskorunin er ekki að halda börnunum við efnið því sífellt koma inn nýir árgangar sem eru að upplifa verkefnið í fyrsta skipti og því þreytast þau ekki. Áskorunin er frekar að passa upp á að starfsfólk fái góða endurmenntun og þrói verkefnið áfram þannig að það sé lifandi og taki breytingum.

Gerður segir að áhrif Vinátta séu ótvíræð en fyrst og fremst skynjar hún að svokölluðu vinastund hafi gefið börnunum orðaforða sem þau séu ekki vön og passi við ýmsar aðstæður sem geta verið flókna. Sem dæmi má nefna að þau skilja vel þýðingu þess að skilja ekki útundan og að standa fyrir sig sjálf. Færni til að leika við fleiri hefur aukist, þau koma vel fram og sýna öðrum virðingu. Í samfélaginu er umburðarlyndi dvínandi og þar erum við fullorðna fólkíð fyrirmyndir barnanna. Gerður bendir í lokin á að verkefnið eigi fullt erindi við fullorðna og þar þurfi líka að passa upp á að orðræðan sé boðleg, umburðarlynd og beri með sér virðingu.

Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.

Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.



Mary krónprinsessa er verndari verkefnisins.

VINÁTTA GENGUR VEL Í DANMÖRKU

Rannsóknir frá Danmörku sýna að börnum líkar vel við verkefni í Vináttu og efnið í töskunni. Þau hafa sýnt meiri hjálpssemi, samhyggð og umhyggju. Eldri börn hjálpa þeim yngri og ný tengsl hafa myndast í leik. Börn úr leikskólum sem unnið hafa með verkefnið fá umsógn um hlýju, samkennd og góða framkomu þar sem þau koma. Foreldrar barnanna úr leikskólum þrýsta gjarnan á grunnskólann sem þau fara í um að taka upp verkefnið í grunnskólanum og vinna þar áfram með þessa hugmyndafræði. Mary, krónprinsessa Danmerkur, er verndari verkefnisins og hér er mynd af henni ásamt stórrí útgaflu af Blæ þar sem þau voru stödd á Grænlandi.

NOTAÐ FÆR NÝTT HLUTVERK FRÆÐSLA HJÁ SORPU

SORPA býður fræðslu- og vettvangsferðir fyrir nemendur á öllum aldri. Fræðslan tekur mið af þörfum hópsins og er boðið upp á mismunandi leiðir.

- Fyrirlestur og vettvangsferðir nemenda í móttökustöð SORPU í Gufunesi.
- Vettvangsferðir nemenda á endurvinnslustöð.
- Ráðgjöf og fræðsla í skólann fyrir nemendur og starfsfólk.

Í fræðslunni er lögð áhersla á umhverfisávinninginn sem felst í því að draga úr úrgangi og flokka og skila til endurnýtingar. Hinir ýmsu hlutir geta öðlast framhaldslíf, í höndum nýrra eigenda eða sem nýjar vörur, ef við flokkum rétt.



Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir, er að finna á sorpa.is

SORPA

Framúrskarandi smásagnahöfundar



Verðlaunahafarnir Margrét Þrastardóttir, Jón Halldór Stefánsson, Raket Björk Heimisdóttir og Guðrún Elena Magnúsdóttir. Á myndina vantar Köttlu Bríeti Líndal Benediktsdóttur en hún var erlendis þegar athöfnin fór fram.



erðlaun í Smásagna-samkeppni KÍ og Heimilis og skóla voru veitt við hátfólega

athöfn í Hannesarholti að morgni 5. október – á Alþjóðadegi kennara.

Þetta er í fjórða skipti sem efnt er til keppinnar og var þátttaka með allra besta móti frá upphafi en vel á fjórða hundrað smásögur bárust. Keppendum var sem fyrr skipt í fjóra flokka; leikskólaflokk, þrjá grunnskólaflokka (1. til 4. bekk, 5. til 7. bekk og 8. til 10. bekk) og framhaldsskólaflokk.

Krakkar í 5. til 7. bekk eru duglegastir að senda sögur í keppnina og átti þessi hópur nær þriðjung innsendra sagna.

Dómnefndina skipuðu Kristín Ómarsdóttir skáld, Kristján Jóhann Jónsson, lektor á Menntavísindasviði, og Bryndís Jónsdóttir, hjá Heimili og skóla. Dómnefndin var mjög ánægð með innsendar sögur, sagði þær alltaf verða betri og betri með hverju árinu. Ekki þyrfti að hafa áhyggjur af unga fólkinu á meðan það gæti skrifað jafngóðar sögur.


Verðlaunasögurnar eru allar birtar hér í Skólavörðunni. Við vonum að þið njótið þeirra vel.

Jón Halldór Stefánsson

nemandi í leikskólanum Álfaborg á Svalbarðsströnd

Jón Halldór hlaut verðlaun í leikskólaflokki fyrir söguna Vélmennin. Hann segir að upphaldsbókin sín sé smásagan Páskahérinn sem hann fékk frá Helga vini sínum og einnig bókina Ævintýri fyrir yngstu börnin. Jón Halldór kann vel að meta leikskólann og segir að skemmtilegast sé að búa til bækur og fönndra í hóp.

► **Umsögn dómnefndar:** Barn er ekki orðið stórt þegar það byrjar að greina mynstrin í samfélögnum eins og



sagan Vélmennin eftir Jón Halldór Stefánsson sýnir okkur og sannar: Einhver er tilbúinn að kaupa upp nýjungar og nýta þær í einhvers eða eigin þágu. En svona talar aðeins fullorðinn, einsog upphaf þessarar umsagnar sýnir og sannar, og þess vegna þarf hann, hinn fullorðni, svo mikið á umsögnum barnanna um heiminn að halda, að barnið reki upp mynstrin og vefi myndir og mynstur heimsins upp á nýtt, til að sýna hinu stóra og alvörugefna fullorðna fólki fegurð þráðarins og nýjar, glænýjar teikningar.

Vélmennin


Einu sinni var lítill smiður sem bjó til helling af vélmönnum. Þegar hann var búinn að setja batterí í þau fór hann með þau út til að skoða hvernig þau virkuðu. Vélmennin gerðu allt sem hann bað um og þá gerði hann fleiri. Hann seldi þau vöndum manni sem var vöndur við þau. Þau vildu ekki gera eins og hann sagði. Þau bjuggu líka til hljóð sem maðurinn þoldi ekki. Þau flýðu

svo heim til litla smiðsins. Hann faldi þau inni í skáp þegar vöndi maðurinn kom að leita að þeim. Vöndi maðurinn fann þau ekki og fór heim og kom aldrei aftur. Smiðurinn og vélmennin fóru út að ganga og þá kom vöndi maðurinn aftur og vélmennin gerðu þá aftur hljóð sem hann þoldi ekki og þá kom löggan og handtók hann.

Katla Bríet Líndal Benediktsdóttir

nemandi í 2. bekk Grunnskóla Þórshafnar

Katla Bríet hlaut verðlaun í grunnskólaflokki, 1. til 4. bekkur, fyrir söguna Vandræðalegi skóladaurinn. Katla Bríet les mikið og upphaldsbókin hennar þessa dagana er Fíasól á flandri. Hún segir að það hafi verið þínu erfitt að skrifa söguna en þó ekkert rosalega. Stærðfræði er skemmtilegasta námsgreinin að mati Kötlu Bríetar en henni finnst líka mjög gaman í íþróttum og hún æfir bæði fótbolta og frjálsar íþróttir.



burtu pollana úr – setningunum – þá rennur hugmyndin og efnið saman í eitt og maður getur vegið orðið, þyngd þess, um leið og í sömu svipan og maður horfir á orðið fljúga sem fiðrildi úr lófa manns. Plíng: galdur hefur gerst! Okkur fannst við jafnvel horfa á japanska teiknimynd þegar við lásum söguna Vandræðalegi skóladaurinn eftir Kötlu Bríeti Líndal Benediktsdóttur um leið og við þekktum rokið og veðrið jafnvel og okkur sjálf við lestur þessara fallegu sögu af degi á eyju einsog okkar þar sem vindurinn sveiflar skólatöskunum upp í loft og fullorðna fólki hlustar á veðurfréttirnar á kvöldin til að undirbúa sig fyrir útlit morgundagsins.

► **Umsögn dómnefndar:** Þegar orðin hreyfa teiknimyndina jafnvel og sýningarvélina, jafnvel og forritið og appið, og þegar krakkarnir lofta orðunum jafnvel og stígvélunum sínum og losa

í mötuneytið voru allir krakkarnir að fara út og þá missti hún bara af matartímanum því það var búid að taka matinn af borðum. Hún fór þá aftur út í skóla að ná í útifötin sín og fór svo út að leika sér. Eftir smá stund var komin rigning og þá fór hún inn og fór í pollafötin sín. Svo fór hún út aftur og byrjaði að hoppa í pollunum. Og svo sá hún risastóran poll og hann var mjög djúpur. Katla fór í pollinn og þá byrjaði að renna vatn í stígvélina hennar og þá voru allir krakkarnir að fara inn aftur því frímínúturnar voru búnar. Hún fór inn líka og þurfti að segja kennaranum sínum að það væri vatn í stígvélunum hennar. Kamila, kennarinn hennar, sagði að hún þyrfti að fara út og sturta vatninu úr stígvélunum sínum úti og setja þau svo á ofninn svo þau yrðu orðin þurr þegar hún færi heim eftir skóla.

Því næst fór hún inn í kennslustofuna sína og þá var stærðfræði að byrja. Kamila kennari sagði öllum að taka upp nemendabókina sína og muna eftir áætlunum sínum og taka penna-veskið sitt upp. Svo fóru allir krakkarnir að læra. Þau áttu að gera mínus og plús. Kötlu fannst erfitt að gera mínus en mjög létt að gera plús. Þegar kennslustundin var búin þá merkti Katla á áætlunina sína hvað hún var búin að gera. Og svo var hún komin í næstu línu í áætluninni. Þegar stærðfræðin var búin þá var skólinn búinn.

Eftir skóla þá labbaði Katla á æfingu, en hún er bæði að æfa fótbolta og frjálsar íþróttir. Henni finnst mjög gaman að æfa íþróttir, sérstaklega fótbolta. Í dag er fótbolti. Þegar allir krakkarnir

Framhald ►

Vandræðalegi skóladaurinn

Þessi saga er um Kötlu sem er stelpa í 2. bekk í grunnskóla. Hún býr í litlu þorpi út á landi og labbar í skólann á hverjum degi.

Einu sinni var Katla að labba í skólann í óveðri. Allt í einu fauk skólataskan hennar og Katla litla fór þá að hlaupa til að reyna að ná töskunni og hún fann töskuna upp í tré. En hún náði henni alls ekki og þá þurfti hún að fara heim að ná í pabba sinn. Pabbi hennar, hann Jóhannes, kom til að hjálpa stelpunni að ná töskunni út trénu. Hann náði töskunni úr trénu

fyrir stelpuna sína og hún hélt áfram að ganga í skólann.

Eftir smá stund var hún komin í skólann sinn og þá var enginn í skólann! Hún var mjög hissa en svo sá hún kennarann sinn, hana Kamilu, labba á ganginum. Katla spurði kennarann hvar allir krakkarnir væru eiginlega. Þá sagðu Kamila sem var mjög hissa að sjá hana að það væri komið hádegi og að allir krakkarnir væru í mötuneytinu í hádegismat. „Ó, ég verð að drífa mig í mat,“ sagði Katla. Þegar hún kom

eru komir í klefann þurfa þeir að klæða sig í íþróttafötin sín og svo þegar æfingin byrjar segir þjálfarinn krökkunum að byrja á því að hlaupa þrjá hringi í salnum til að hita upp. Þegar allir eru búinir að hita upp þá segir þjálfarinn sem heitir Atli að þau ætli að spila fótbolta og skiptir hópnum í tvö lið. Svo fóru þau að byrja að spila. Það gekk rosalega vel og Katla skoraði eitt mark fyrir liðið sitt og allir krakkarnir fögnuðu þegar Katla skoraði. Þá var fótboltinn búinn og Atli þjálfari sagði öllum krökkunum að koma til sín og sagði þeim að núna væri æfingin búin. Þá fóru allir krakkarnir aftur í klefann og skiptu um fót. Þegar krakkarnir voru búin í klefanum þá þurftu allir að fara heim til sín.

Katla þurfti að labba aftur heim. Hún þurfti að halda fast í töskuna sína á leiðinni heim því það var ennþá óveður. Þegar hún var komin heim þá var mamma hennar þar. Katla spurði mömmu sína hvar pabbi hennar væri og hún sagði að hann væri ennþá í vinnunni. Næst var bankað og Katla hljóp til dyra. Það var pósturinn að koma með pakka. Pakkinn var merktur Kötlu. Hún var rosalega spennit og opnaði hann strax. Á kortinu stóð að pakkinn væri frá ömmu og afa í Reykjavík. Í pakkanum voru þrjú pakkar. Í þeim fyrsta voru náttföt sem voru rosalega mjúk kisu náttföt. Í næsta pakka var tígrisdýra kósýgalli og Katla elskaði tígrisdýr og fór strax í gallann sem var rosalega þægilegur. Í síðasta pakkanum var ný íþróttataska. Hún var eins og regnbogi með bleikum lit, grænum, gulum og bláum og hún var meira að segja með fullt af litlum regnbogum á líka. Katla var mjög glöð með allar þessar finu gjafir og fékk að hringja hjá mömmu sinni í ömmu sína og afa í Reykjavík til að þakka þeim fyrir.

Þegar Katla var búin að hringja í ömmu og afa þá fór hún inn í herbergið sitt til að leika sér. Þegar hún var búin að leika sér í smá stund þá kallaði mamma á hana. Mamma spurði Kötlu: „Þorir þú að vera ein heima á meðan ég fer í búðina?“ Katla sagðist ekki þora því og fór því með mömmu í búðina. Í búðinni vildi Katla fá melónu og spurði mömmu sína, mamma sagði já og Katla setti þá melónuna í kórfa. Katla fékk líka að velja sér nesti fyrir næsta skóladað. Hún valdi sér brauð og kæfu sem er hennar uppahald. Þær kláruðu að versla og fóru svo aftur heim.

Þegar heim var komið þá þurfti að ganga frá innkaupunum. Þegar þær voru að ganga frá þá kom pabbi heim úr vinnunni. Katla þurfti að klára heimavinnuna sína og gerði verkefni í stærðfræði og las fyrir pabba sinn. Pabbi og Katla fóru að spila á meðan mamma eldaði kvöldmatinn.

Þegar þau voru að borða þá voru veðurfréttirnar í sjónvarpinu. Pabbi hætti að borða á meðan þær voru því hann hefur svo mikinn áhuga á veðrinu. Sem betur fer spáði góðu veðri næstu daga þannig að Katla ætti að komast í skólann án þess að taskan hennar fjúki.

Eftir matinn fór Katla að bursta tennurnar sínar og græja sig fyrir háttinn og dreif sig svo í rúmið til að hvíla sig fyrir næsta skóladað. Góða nótt!

Endir.

Margrét Prastardóttir

nemandi í 7. bekk Vatnsendaskóla

Margrét bar sigur úr þýtum í flokki 5. til 7. bekkjar grunnskólans fyrir söguna Dúfurnar. Þetta er ekki fyrsta smásagan sem Margrét skrifar heldur hefur hún skrifað nokkrar áður. Margrét segir bækkurnar Loforðið eftir Hrund Þórsdóttur í uppáhaldi. Þá segist hún einnig halda upp á Gunnar Helgason og Rachel Renée Russell sem er höfundur bókarinnar Leyndarmál Lindu. Uppáhaldsnámsgreinar Margrétar eru danska og skrift.

► **Umsögn dómnefndar:** Lokum augunum: í kringum strák og stelpu, annað á ekki mömmu



og hitt hefur gervifót, báðum krökkunum hafa allir hinir krakkarnir alla tíð strítt, fljúga dúfur einsog í alvöru ævintýragaldrasögu. En sagan er ekki bara glans og glamúr því það tekur sannarlega tíu daga að smíða dúfnakofann og mála hann í gráum lit. Og með þessum kofa verður eilíf vinátta innsiglið. Sagan Dúfurnar eftir Margrétu Prastardóttur glitir af gullnum þráðum úr elstu ævintýrum heimsins og á meðan við lesum söguna birtist okkur falleg litil mynd sem færir manni traust og bjartsýni á meðan dúfurnar fjórar, þau Viska, Heba, Putti og Máni, fljúga yfir hausamótum manns.

Dúfurnar

Hann hét Ívar. Hann átti ekki nein systkini, og það sem verra var, mamma hans var dái. Þegar Ívar var lítill hafði mamma hans dáið í bílslysi. Hann man ekkert eftir því, það er líka ekkert skritið – hann var bara tveggja ára. Ívar átti heima í venjulegum bæ í venjulegri götu í venjulegu húsi. Hann langaði að eitthvað myndi gerast í staðinn fyrir allt þetta venjulega. Honum fannst eiginlega allt leiðinlegt nema dúfur. Hann gat leikið sér að dúfum allan liðlangan daginn. Hann átti að vísu ekki neinar dúfur en sá af og til dúfur, greip þær og lék sér með þær. Ívar átti ekki marga vini, hann átti eiginlega enga vini. Honum var strítt en hann vissi ekki alveg út af hverju. Krakkarnir í bekknum voru alltaf að stríða honum, bara alveg stanslaust, og hann var búinn að fá nóg.

En einn daginn kom ný stelpa í skólann. Hún var mjög lágvaxin og með rauð gleraugu. Hún hét Selma. Selma neyddist til þess að setjast við hliðina á Ívari því það var eina sætið sem var laust. Hún sagði ekki mikið, en þennan venjulega dag var Ívar að labba heim til sín þegar Selma kom á harðahlaupum niður brekkuna. Hún snarstansaði þegar hún sá Ívar og Ívar spurði hana hvort hún vildi verða samferða. Og þau löbbuðu saman og spjölluðu um lífið og tilveruna. Selma leyfði Ívari að sjá gervifótinn sinn, og á þessu augnabliki fannst þeim eins og þau hefðu alltaf verið vinir. Ívar spurði af hverju hún hefði fengið þennan gervifót. Og hún sagði að hún hefði fæðst án fótar og sagði að það væri nú ómögulegt að fara að lifa án hans. Hann samsinnti því og spurði hvort henni hefði eitthvað verið strítt út af honum. Hún sagði að hún og fjölskylda hennar hefðu ákveðið að flytja út af því að henni var svo mikið strítt. Hann sagði henni að honum væri líka strítt og þá sagði hún að þau ættu nú margt sameiginlegt. Þau kvöddust og ákváðu að verða samferða í skólann daginn eftir.

Ívar er í fimmta bekk í Húnaskóla. Húsið hans er frekar langt frá skólunum og húsið hennar Selmu sömuleiðis. Um leið og Ívar kom heim ætlaði hann að fara að byrja að smíða dúfnakofann sem hann hafði dreymt

um svo lengi. Hann hafði fengið timbrið á haugunum því þeir feðgar voru nú ekkert ríkir og þeir höfðu ekki efni á timbri. Hann ætlaði að spyrja Selmu hvort hún vildi hjálpa honum á morgun að byggja. Þegar Ívar var kominn upp í rúm hugsaði hann með sér að nú væri hann loksins búinn að eignast alvöru vin.

Daginn eftir voru Selma og Ívar samferða heim úr skólunum og hann spurði Selmu hvort hún vildi hjálpa. Hún sagðist alveg vilja hjálpa honum. Þau fóru heim til Ívars og Selma sagði að sér þætti rosalega vænt um dúfur svo þau þyrftu að passa vel upp á þær og gefa þeim nóg að borða og Ívar samsinnti því. Þau urðu þreytt mjög fljótt og ætluðu því að halda áfram á morgun að byggja. Á meðan þau drukku appelsínusafa ákváðu þau hvað þau ætluðu að hafa margar dúfur í kofanum. Selma vildi hafa fjórar en Ívar vildi hafa fimm. Loks komust þau að samkomulagi og ákváðu að hafa fjórar.

Daginn eftir héldu þau áfram með kofann og eftir svona tíu daga var hann tilbúinn. Hann stóð þarna í garðinum hjá Ívari í allri sinni dýrd. Þau áttu bara eftir að mála kofann og setja dúfurnar inn í hann. Þau ákváðu að mála hann gráan og pabbi hans Ívars hjálpaði þeim með það. Daginn eftir fóru þau og keyptu dúfur af gömlum manni sem átti heilan helling af dúfum. Hann sagði að þau mættu velja sér dúfur. Þau völdu sér tvo stráka og tvær stelpudúfur. Loks keyrðu þau heim á leið eftir langt spjall við manninn um hvernig maður ætti nú að hugsa um litlu greyin. Um leið og þau komu aftur heim til Ívars ákváðu þau að þau skyldu finna nöfn á dúfurnar. Loks fundu þau nöfn á þær og þau voru svona: Viska, Heba, Putti og Máni. Þau voru sáttn með afraksturinn þennan dag og hugsuðu vel og lengi um dúfurnar sínar. Selma og Ívar eru orðin stór néfa. Þau eru samt ennþá vinir og ef þau hefðu ekki fundið hvort annað væri lífið hjá þeim einstaklega dapurlegt. Vinátta þeirra skipti mjög miklu máli þegar þau voru ung og þau hittast reglulega og lifa einstaklega góðu lífi sem vinir. Þau munu aldrei gleyma þessu augnabliki þegar þau hittust. Svona getur vinátta skipt máli.

Rakel Björk Heimisdóttir

nemandi í 8. bekk Víðistaðaskóla

Rakel Björk hlaut verðlaun í grunnskólaflokki, 8. til 10. bekk, fyrir smásöguna Tveir skrítnir skóladaðar. Rakel Björk segist ekki hafa skrifað margar sögur – og aðeins sinnt söguskrifum í skólanum. Hún segir tvo höfunda í mestu uppáhaldi um þessar mundir; þau Hallveigu Thorlacius og Gunnar Helgason.

Spurð hvaða námsgrein sé skemmtilegust svarar hún því til að þar sé stærðfræðin efst á blaði.

► **Umsögn dómnefndar:** Okkur fannst merkilegt og þakklátt og gott að þrátt fyrir að við búum svona mikið fyrir framan skjá og skerma og hugarflugið geti flogið vítt og breitt með aðstoð rafmagns – og að án þess að hreyfa okkur getum við verið í sambandi við allan heiminn – þá höfum við – þrátt fyrir viðvaranir, þrátt fyrir tortryggni í umræðum,

ekki tapað okkur í blekkingunum, heldur verður áþreifanleikanum aldrei jafn vel lýst og með orðum. Og þegar það tekst – þegar orðunum tekst að byggja upp skafla og byl og veðurfarslegar hindranir jafn áþreifanlega í sögu – þá blikna öll önnur tæki í samjöfnuði, og þannig hefur sagan Tveir skrítnir skóladaðar eftir Rakel Björk Heimisdóttur báða færurnar á jörðinni svo vel að orðin ná þessu einstaka sambandi við skynjun lesandans að hann festist líka í rútnni í Héðinsfirði með persónunum og þungi daganna verður áþreifanlegur.



Kennarasambandið

@kennarasamband

Það er betra að vakna ekki upp við valtarann, forgangsröðum strax. #skólavardan

Tveir skrítnir skóladaðar

Hæ, ég heiti Ríkey, er 14 ára og semsagt í 9. bekk. Hér byrjar sagan mín. Ég vaknaði rétt áður en klukkan hringdi. Það var dimmt í herberginu og þegar ég kíkti út um gluggann sá ég að það var stórhírd úti. Snjórinn var í stórum sköflum á götunni og ég var viss um að margir þyrftu að ganga í vinnuna sína þennan morgun. Heppin erum við að pabbi er á stórum jeppa. Ég fór fram og pissaði og tannburstaði mig en fór svo og klæddi mig. Þegar ég kom fram í eldhús var pabbi búinn að setja morgunmat á borðið og var til í að gefa mér far niður í bæ svo ég næði skólarútnni. „Drífðu þig, Ríkey,“ sagði hann, „rútan fer korter í átta.“ Ég skelli mér í úlpuna, tók töskuna og flýtti mér út í bílinn. Jeppinn komst í gegnum skafana og við vorum mætt í tæka tíð fyrir rútna. Ég flýtti mér úr bílnum í rútna, það var skítkalt úti. Andrea, besta vinkona mín, var mætt og ég settist við hliðina á henni. Við hliðina á okkur sátu bestu vinir okkar, þeir heita Teitur, Hrannar, Einar og Birkir sem er kærasti Andreu. Teitur og Hrannar eru 15 ára og eru í 10. bekk, en Einar og Birkir eru 14 ára og með okkur í 9. bekk.

Við spjölluum öll saman alla leiðina inn á Ólafsfjörð. Það er dálítið kósi að keyra úr dimmunni inn í göngin tvö þar sem birtan er sérstök. Á leiðinni fattaði Birkir að hann gleymdi skólatöskunni og nestinu sínu, en það var víst lítið hægt að gera í því. Þegar við komum fyrir framan skólann á Ólafsfirði sáum við lögreglubíl fyrir utan og þegar við komum út sáum við að það var búíð að vinna skemmdarverk á skólanum. Búíð var að brjóta þrjár rúður. Inni var búíð að henda öllu úr hillum og rífa bækur. Einnig var búíð að velta um borðum og stólum og brjóta tölvu og ípad. Skólastjórinn og lögregla bentu öllum krökkunum á að fara inn í íþróttahúsið og setjast þar á gólfíð. Þegar allir voru sestir þá byrjaði lögreglustjórinn að tala.

„Eins og þið sjáið þá er búíð að skemma heimlíkið í skólanum. Ef þið hafið einhverjar upplýsingar til að hjálpa okkur að ná í þá sem gerðu þetta, þá vil ég biðja ykkur um að koma til mín og segja frá.“ Enginn stóð upp og ég var viss um að enginn hefði séð neitt því að veðrið hafði verið svo vont í gærkveldi að það var örugglega enginn úti. Skólastjórinn sagði að allir ættu að fara aftur heim, það væri ekki hægt að kenna í dag. Við fórum því aftur upp í rútna og ókum til baka til Siglufjarðar. Áður en ég fór heim kom ég við hjá pabba og

sagði honum hvað hafði gerst. Svo fór ég heim og fékk mér að borða. Síðan fór ég til Andreu og við pældum mikið í því hver hefði getað gert þetta, en okkur datt enginn í hug. Eftir kvöldmat hitti ég Andreu aftur og við fórum að hitta strákana. Við fórum öll í sjoppuna að kaupa ís og settust niður og spjölluum um innbrotið. Strákarnir höfðu frétt að þeir í 10. bekk hefðu viðurkennt að hafa brotist inn. Engin sérstök ástæða, bara leiddist.

Næsta dag var rosalega vont veður. Inni í Héðinsfirði var svo rosalega hvasst að ein vindhviðan feykta rútnni út af veginum og hún endaði á hliðinni. Allir öskruðu af hræðslu og reyndu að komast út, en hurðin var föst. Það var strax hringt í 112, en við þurftum að bíða um stund eftir lögreglunni og sjúkrabílnum. Allir virtust hafa sloppið vel nema Teitur. Hann hafði ekki verið í bílbelti og hafði kastast til í sætinu og skolið með höfuðið í rúðuna. Það blæddi mikið úr enninu á honum og hann kvartaði mikið um verk í bringunni. Svo varð hann hvítur í framan og virtist vera að líða út af. Akkúrat þá kom lögreglan og sjúkrabíllinn á fleygiferð með ljós og sírenu. Strax á eftir kom líka björgunarsveitarbíllinn. Björgunarsveitarmennirnir drifu strax í að spenna upp hurðina svo við kæmumst út. Svo bjuggu sjúkráflutningamennirnir um Teit og ákváðu að keyra með hann til Akureyrar í staðinn fyrir að fara með hann á sjúkrahúsið á Siglufirði. Nú voru fleiri bílar komnir, af því að fréttir af slysinu bárust hratt um bæinn. Björgunarsveitarmenn fullvissuðu sig um að við öll værum ómeidd og skipulögðu far fyrir alla aftur í bæinn.

Aftur kom ég við hjá pabba. Hann knúsaði mig fast og sagðist vera rosalega þakklátur fyrir að ég væri ómeidd. Ég fór svo með fleiri krökkum í félagsmiðstöðina og þar sátum við og ræddum slysið og biðum eftir fréttum af Teiti. Seinni partinn komu fréttir um að hann væri minna meiddur en talið var. Hann hafði tvírfifbeinsbrotnað og svo fengið þetta stóra sár á ennið sem þurftu að sauma saman. Læknarnir vildu að hann yrði á spítalanum að minnsta kosti eina nótt til að jafna sig. Mikið vorum við feigin að hann skyldi hafa sloppið svona vel.

Nú er að krossa fingur og vona að við komust slysalaut í skólann á morgun og eigum venjulegan skóladað.

Endir

3052

manns fylgja KÍ á Facebook. Við viljum endilega fjölga fylgjendum enda er KÍ stéttarfélag með meira en 10 þúsund féлага. @Kennarasambandslands

962

Skólavardan á Facebook nálgast þúsund fylgjendur. Nýjustu fréttir úr blaðinu og af vef Skólavörðunnar. @skolavardan

119

fylgir KÍ á Instagram. Erum nýbyrjuð að nota hinn skemmtilega samfélagsmiðil Instagram. Endilega fylgir okkur þar. @kennarasamband

575

fylgja KÍ á Twitter. Þar fer oft fram ágæt umræða um menntamál. Verið með okkur á @Kennarasamband



facebook.com/
Kennarasambandslands



facebook.com/
skolavardan



@kennarasamband



@Kennarasamband

Guðrún Elena Magnúsdóttir

nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð

Guðrún Elena hlaut verðlaun í framhaldsskólaflokki fyrir smásöguna Skólinn hefur drepit mig. Ég hef verið myrt af minni eigin menntun. Guðrún Elena segist ekki hafa skrifað ýkja margar sögur – helst ritgerðir og sögur í skólanum. Hún á sér marga uppáhaldsrithöfunda og má þar nefna Isabel Allende, Mikhaíl Búlgakof, Michael Ende, Naomi Novik og J.R.R. Tolkien. Spurð hvaða bók sé á náttborðinu stendur ekki á svari; Meistarinn og Margaríta. Guðrún Elena stundar nám í MH og segir íslensku og ensku uppáhaldsnámsgreinararnar um þessar mundir.

► **Umsögn dómnefndar:** Skemmtilega á óvart – og með bragði af fyndnum útúrsnúningi – skýtur upp í huga manns línu úr frægu ljóði:



„myrtur af himninum,“ þegar maður byrjar að lesa söguna Skólinn hefur drepit mig. Ég hef verið myrt af eigin menntun, eftir Guðrúnu Elenu Magnúsdóttur sem eins og hugumprúður riddari stígur fram og tekur skrefið eins langt og hún getur, án þess að fipast, óttast og af fullkomnu hispurleysi. Sverðið hennar heitir dramatík og hún sveiflar því af list. Sagan er djörf lýsing tilfinninga og líðanar á spennu bláþræði og hún er kröftug og sönn, og það er bragð af orðunum, betra getur það varla verið. Maður freistast til að lesa upp lokalinu sögunnar, af því að setningin er djörf og líka kannski af því að við þekkjum öll þessa tilfinningu, þessa dramatísku niðurstöðu – megum við það? – með leyfi höfundar: „Ég vil þakka skólakerfinu, menntun minni, og auðvitað prófunum fyrir að drepa mig áður en ég gat lifað.“

Skólinn hefur drepit mig. Ég hef verið myrt af minni eigin menntun

Ég get ekki andað. Hjartslátturinn verður hærri og hærri, púlsinn vex og vex. Hvar er ég? Ég veit ekki neitt, ekki hver ég er, ekki hvað ég heiti, ekki hvað ég á að gera. Allir eru að horfa á mig. Ill augu skjóta mig í hjartað úr öllum áttum. Það hlær einhver í öftustu röðinni og ég veit að hann er að hlæja að mér, hverjum öðrum ætti hann að vera að hlæja að? Það blæðir úr hjarta mínu, öll von og allur styrkur hverfur er

ég finn veröldina kremja mig og henda mér í sólinu. Rödd mín er horfin og háls minn þurrari en allar eyðimerkur veraldarinnar. Ég þarf vatn, ég á erfitt með að anda, mig svimar, ég svitna. Svitinn lekur af enni mér og dettur niður á blaðið.

Mig langar til að gráta en ég get það ekki, það eru of margir að horfa, það má enginn sjá einhverja aumingjahögðun í mér. Ég klára að skrifa en

þori ekki að rétta upp hönd því ég veit að ég geti ekki haldið grátnum niðri ef ég segi eitt einasta orð. Það er svitablettur á buxunum mínum, á bakinu, undir brjóstunum og höndum. Skórnir mínir eru orðnir blautir af svita og enni mitt glampar meira en nokkuð annað sem áður hefur sést.

Sál mín grætur en tárin sleppa ekki úr augunum. Ég er svo hrædd, svo hrædd við augnaráð foreldra minna og kennara míns er þau fréttu af galla mínum. Dagurinn er fagur en inni í stofunni finn ég aðeins fyrir nærveru skrímslis. Að lokum brotnar þrjóska mín og tár sleppa niður kinnar mínar. Kennarinn spyr hvort allt sé ekki í lagi en ég get ekki svarað því eina hljóðið sem ég heyri er minn dúndrandi hjartsláttur sem tekur yfir líkama minn og sál. Kennarinn fer að lokum er hann sér að ég muni ekki svara.

Fleri tár svíkja mig. Allt er orðið óskýrt. Ég sé ekkert og finn ekki fyrir neinu. Það eina sem ég finn er hávaði hjarta míns er það grætur af sorg.

Ég verð að komast út, verð að komast út. Get ekki verið hérna lengur, allir eru að horfa á mig, að dæma mig. Hvernig hef ég syndgað í mínu fyrra lífi til að enda svona? Hvað hef ég gert rangt í drottins augum sem lætur hann hata mig svona mikið? Af hverju get ég ekki hætt að gráta? Ég verð að komast út.

Aðeins tuttugu mínútur, koma svo, ég get þetta. Ekki fara að gráta, ekki fara að gráta, ekki fara að gráta. Augun hlusta ekki á mig og leyfa sársaukans sannasta formi að renna niður kinnar mér líkt og flóði. Það tekur enginn eftir gráti mínum í þetta sinn því ég ligg á borðinu, sem betur fer.

Ég rétti kennaranum prófið og labba út úr stofunni, vitandi að þetta próf hafi ekki gengið vel og ekki kemur það mér á óvart, því sama hvað ég geri, sama hversu mikið ég legg á mig, endar þetta alltaf eins. Upplýsingarnar hverfa úr höfðinu um leið og ég sé orðið 'próf' á blaðinu.

Það eru engin pabbi og mamma til að spyrja mig hvort allt sé í lagi þegar ég kem heim svo ég get grátið hljóðlega í friði án nokkurrar truflunar.

Kannski ætti ég að hætta að reyna og samþykka bara þá staðreynd að ég sé heimsk í augum kennara minna, samnemanda minna og ættingja minna. Kannski ætti ég að hætta að reyna, það breytir nefnilega engu hvort ég læri heilan mánuð eða bara eitt kvöld fyrir próf, niðurstaðan er ávallt sú sama, vonir mínar brotna og sjálfmynd mín deyr hægt og sigandi með angist raunveruleikans. Aðeins brot af sjálfri mér helst eftir í þreyttri sál minni og persónuleikinn minn er við dauðans dyr.

Ég vil þakka skólakerfinu, menntun minni, og auðvitað prófunum fyrir að drepa mig áður en ég gat lifað.


ULLARFATNAÐUR
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA

JANUS
Sofa

Ullarkistan
ULLARKISTAN.IS

SKEIFAN - LAUGAVEGUR - GLERÁRTORG

FRÆÐSLA OG NÁMSEFNI FRÁ HEIMILI OG SKÓLA OG SAFT



FRÆÐSLUEFNI OG ERINDI FYRIR:



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

SAFT
SAMFÉLAG FJÉLSEFNA OG TÆKN



Fjármagnað sameiginlega af Evrópusambandinu
Tengir aðstöðu í Evrópu

INHOPE
insafe

H

vort sem okkur líkar það betur eða verr þá skipta peningar máli. Það er víst betra að eiga pening en að skulda, betra að græða en að tapa og betra að hafa vit á peningum og fjármálum en að vita ekki neitt – eins

og á svo sem við um flesta hluti. Vandinn er að í aðalnámsskrá og í skólakerfinu almennt er ekki nægilega mikið framboð af fjármálakennslu. Það stafar ekki af áhugaleysi kennara eða almennu þekkingarleysi heldur er þeim einfaldlega ætlað að kenna annað. Því eru dæmi um ungmenni sem hefja þátttöku á vinnumarkaði án þess að hafa grundvallarþekkingu á fjármálum. Hvernig les maður út úr launaseðli? Hvað er lífeyrissjóður? Hvað er yfirvinna? Eða dagvinna? Má borga manni jafnaðarkaup? Hvað eru vextir? Er ekki í finu lagi að kaupa nýjan I-phone á VISA-rað? eru þessi smálán ekki bara þægileg og einföld?

Leiðir fjármálavit

Árið 2007 funda Samtök fjármálafyrirtækja fyrst með þáverandi menntamálaráðherra Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, vöktu athygli á litlu vægi fjármálafræðslu í aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla og buðu fram aðstoð sína. Sumarið 2008 hafði ráðherrann samband við samtökin og óskaði eftir aðstoð SFF við að útbúa námsefni í fjármálalæsi. Hrunið setti strik í reikninginn og ekkert gerðist í verkefninu um tíma. Árið 2011 tekur SFF málið aftur upp með nýjum menntamálaráðherra Katrínu Jakobsdóttur sem leiddi til þess að ráðherrann tilnefndi stýrihóp þar sem m.a. fulltrúar fjármálafyrirtækja, lífeyrissjóða, sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, Námsgagnastofnunar og Neytendasamtakanna áttu sæti. Hópurinn skilaði árið 2014 skýrslu til menntamálaráðherra sem innihélt tillögur um aðgerðir. Þar kom fram að kennarar teldu vanta tíma inn í þegar pakkaða stundaskrá til að koma fyrir kennslu í fjármálalæsi og að auka þyrfti stuðning við kennara og útbúa námsefni. Einnig benti hópurinn á að bæta þyrfti kennslu um fjármál inn í aðalnámsskrá. Á allt þetta hlustuðu forsvarsmenn Samtaka fjármálafyrirtækja en í staðinn fyrir að bíða eftir stjórnvöldum var ákveðið að ýta úr vör verkefni sem í dag heitir Fjármálavit. Fyrst á dagskrá var að ráða starfsmann til að leiða verkefnið og fyrir valinu varð Kristín Lúðvíksdóttir. Hún hóf störf hjá SF árið 2014 og leiðir Fjármálavit enn þann dag í dag.

„Fyrsti veturinn fór í að gera námsefni og við fengum nokkra kennaranema frá Háskóla Íslands til að helga lokaverkefni sín fjármálalæsi. Það tókst svo vel að við erum ennþá að nota þessi verkefni öllum þessum árum síðar,“ segir Kristín þegar spurt er um hvernig verkefninu var ýtt úr vör. „Við leggjum ennþá áherslu á námsefnið og náðum þeim ánægjulega áfanga í fyrria að gefa út kennslubók sem heitir „Fyrstu skref í fjármálum“ eftir Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra Almenna lífeyrissjóðsins. Í dag sendum

við bókina í alla þá grunnskóla sem hafa áhuga, þeim að kostnaðarlausu. Bókinni fylgir síðan stuðningsefni sem hægt er að nálgast á vefnum okkar, www.fjarmalavit.is, m.a. spurningar sem hægt er að leggja fyrir nemendur og auðvitað svör við þeim. Einnig er á vefnum hægt að finna verkefni, myndbönd og alls konar áhugavert efni sem ég hvet áhugasama kennara til að skoða,“ bætir Kristín við.

Áhersla á gott námsefni

Forsvarsmenn Fjármálavits hafa frá upphafi gert sér grein fyrir að besta leiðin til að auka við fjármálakennslu í skólakerfinu sé að styðja áhugasama kennara. „Það er ástæðan fyrir því að við höfum lagt svona mikla áherslu á að búa til aðgengilegt námsefni, sem fjölmargir kennarar um land allt eru þegar farnir að nýta sér. En við vildum gera meira og niðurstaðan var að bjóða skólum og þar með kennurum upp á að fá starfsmenn fjármálafyrirtækja í heimsókn.“

Það verður að segjast að við fyrstu sýn hljómar sú aðferðafræði frekar langsótt enda eru skólar landsins ekki beint opnir fyrir fyrirtækjum eða öðrum sem hafa áhuga á að kynna sig eða sína þjónustu. Forstöðumenn Fjármálavits áttuðu sig á þessu og mikil áhersla var því lögð á að tryggja

hlutleysi verkefnisins, sem og útfærslu þess. „Þessar heimsóknir eru þannig að við sendum tvo fulltrúa á okkar vegum í hverja þeirra. Við leggjum mikla áherslu á gott samstarf við kennara og erum alltaf búnir að setja okkur í samband við þá fyrirfram. Þeir undirbúa komu okkar með því að taka til ákveðin verkfæri en við komum með annað kennsluefni með okkur. Okkar fulltrúar fá tvær kennslustundir í tíunda bekk til að leggja fyrir nemendur stöðluð verkefni og ræða almennt við þá um fjármál og fjármálalæsi. Við erum með fjögur verkefni sem við getum lagt fyrir og velur kennarinn hvert þeirra verður fyrir valinu. Eitt fjallar um að setja sér markmið í fjármálum, í öðru spyrjum við nemendur hvað þeir haldi að þeir kosti, í því þriðja er farið yfir hefðbundinn launaseðil og í því fjórða er fjallað um traust fjármál. Mikil áhersla er lögð á hlutleysi og til að mynda tilgreinum við ekki hjá hvaða fyrirtæki við störfum og erum augljóslega ekkert að selja eða kynna þá þjónustu sem fyrirtækin sem við vinnum hjá bjóða. Það er líka rétt að taka það fram að okkar reynsla er að það skipti höfuð-

máli að kennararnir séu með okkur í kennslustundunum. Þeir þekkja nemendurna best og sjá til dæmis um að skipta þeim t.d. í hópa, enda er um að ræða hópavinnu, og aðstoða okkur. Við erum ekki kennarar og reynslan sýnir að ef þeir eru ekki í kennslustofunni með okkur... ja, eigum við ekki bara að segja það eins og það er... þá er oft fjandinn laus.“

Markmiðið að verða óþörf

Kristín segir verkefnið njóta góðs af því að hafa aðgang að stórum og öflugum hópi starfsmanna í bönkum, lífeyrissjóðum, tryggingafélögum, verðbréfafyrirtækjum og kortafyrirtækjum. „Það þýðir í fyrsta lagi að við getum boðið upp á skólaheimsóknir um allt land. Í öðru lagi þá finnst okkur

Auka vit tíundu- bekkinga á fjármálum

Aðalbjörn Sigurðsson skrifar



Reynslan sýnir að ef þeir eru ekki í kennslustofunni með okkur... ja, eigum við ekki bara að segja það eins og það er... þá er oft fjandinn laus.





Kristín Lúdvíksdóttir hóf störf hjá Samtökum fjármálafyrirtækja árið 2014 við að innleiða og þróa Fjármálavít.

Þetta svo skemmtilegt að flestir taka þátt ár eftir ár auk þess sem alltaf eru einhverjir nýjir sem vilja prófa. Hópurinn fer því stöðugt stækkandi sem þýðir að í dag getum við t.d. tryggt að það fari aldrei tveir starfsmenn frá sama vinnuveitanda í einstaka heimsókn, en það gerum við til að tryggja enn betur hlutleysi verkefnisins. Einnig þöllum við að ef einhver er að fara í fyrsta sinn í heimsókn á vegum Fjármálavíts sé alltaf einhver með reynslu sendur með. Allt þetta þýðir að síðustu misseri hefur byggst upp þekking í verkefninu sem nemendur njóta auðvitað góðs af“.

En hvernig var að hafa samband við skólana í upphafi verkefnisins og spyrja hvort ekki væri tilvalið að fá tvo starfsmenn úr fjármálageiranum í heimsókn til að ræða við nemendur um fjármál?

„Já, það er von að þú spyrjir. Það var einmitt verkefni mitt fyrstu mánuðina að hringja í skóla landsins og kynna mig sem starfsmann Samtaka fjármálafyrirtækja og bera upp þetta erindi – viljið þið ekki fá okkur í heimsókn? Það varð oft smá hik en þegar skólarnir áttuðu sig á að þetta er í grunninn samfélagslegt verkefni og markmiðið með því væri að bæta fjármálalæsi hjá ungu fólki þá var mér undantekningarlaust vel tekið. Í dag hafa um 300 starfsmenn fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða heimsótt um 12.000 nemendur í tengslum við verkefnið og ég hef ekki enn heyrt af heimsókn sem gekk illa.“

En að öllu þessu sögðu vil ég taka sérstaklega fram að það er fullt af kennurum um allt land sem gera frábæra hluti í fjármálakennslu. Hún er þá oft fléttuð inn í aðra kennslu, stærðfræðikennarar kenna prósentureikning, heimilisfræðikennarar fara yfir heimilisfjármálin og svo mætti lengi telja. Við viljum styðja við þessa kennara, koma fjármálalæsi inn í aðalnámskrá og verða að lokum óþörf.“

300

**Starfsmenn
fjármálafyrirtækja og
lífeyrissjóða
hafa heimsótt
um 12.000 nemendur.**



Eru nemendur sérfræðingar í sínu vinnuumhverfi?

Manstu eftir illa lyktandi klósetti í skólanum þar sem allt var á rúti og stúi? Klósetti sem þig langaði ekki vitund inn á en varðst vegna þess að þetta var eina salernið í nágrenni við stofuna þína og þú varst í spreng? Ég man.

Skólar eru fjölmennir vinnustaðir og þar, eins og annars staðar, skiptir vinnuumhverfið máli. Við leiðum kannski ekki hugann að því daglega en meirihluti þeirra sem dvelur langdvölum við leik og störf í skólum eru nemendurnir. Skólastjórinn er ábyrgur fyrir vinnuumhverfi skólanna og öryggi inni í og utan við skóla en hver og einn hefur ábyrgð líka. Í skólanum eru reglur sem allir eiga að fylgja og flestir gera það. Reglurnar eru bæði skráðar og óskráðar og lærast með tímanum. Við göngum vel um og vöndum samskipti, svona flesta daga, gleymum okkur stundum en það gerist á bestu bæjum.



*Sigrún Birna Björnsdóttir
sérfræðingur KÍ í vinnuumhverfis-
og jafnréttismálum*

Samkvæmt Lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum 46/1980, 65. grein ber atvinnurekandi ábyrgð á að unnin sé áætlun um heilsuvernd og öryggi á vinnustaðnum. Í áætluninni er áhættumat. Áhættumatið greinir vinnuumhverfi eftir fyrirfram gefnum þáttum, s.s. félagslegum, andlegum, líkamlegum og umhverfislegum. Áhættumatið er mjög mikilvægt svo meta megi alla þætti vinnuumhverfisins. Samkvæmt 20. grein Reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006 er matið unnið af atvinnurekanda í samvinnu við öryggisnefnd, öryggistrúnaðarmann, öryggisvörð eða



Mynd: Anton Brink

félagslegan trúnaðarmann, allt eftir stærð vinnustaðarins. En hvað með skóla? Þar er unnið áhættumat og farið yfir alla þætti – en hafa nemendur rödd?

Vissulega er víða hlustað eftir hugmyndum nemenda og settar upp aparólur og körfuboltaspjöld á skólalóðum en hvað um allt hitt? Hafa nemendur verið spurðir um líðan, hljóðvist, loftgæði og hreinlæti í skólanum? Ef svo er er það gott en líklega má alltaf gera gott betra. Svíar, sem eru mjög framarlega í vinnuumhverfismálum, hafa brugðið á það ráð að óska eftir að skipaðir séu tveir vinnuverndarfulltrúar nemenda í hverjum skóla frá og með 7. bekk og eiga nemendur að tilnefna þá. Tilkynna verður hverjir vinnuverndarfulltrúarnir eru og eiga nemendur greiðan aðgang að þeim með sínar ábendingar. Þeir vinna með öryggistrúnaðarmanni eða öryggisverði skólans og fara reglulega um skólann og gera úttekt á umhverfinu og öryggi þess. Enn fremur fá vinnuverndarfulltrúar nemenda að vita um öll breytingaáform í skólanum og mega gera athugasemdir við þau. Í ljós hefur komið að hugðarefni nemenda og starfsfólks fara saman þannig að það sem skiptir nemendum máli í þeirra vinnuumhverfi hefur einnig áhrif á vinnuumhverfi starfsfólks.

Ef vel á að vera ættu nemendur að fá að skoða vinnuumhverfi sitt árlega. Gera mætti úr þessu fjölbætt hópverkfni þar sem margar námsgreinar ynnu saman. Rannsókn nemenda þarf ekki að vera flókin og það má laga listann að aldri og getu hópsins hverju sinni. Eftirfarandi lista má hafa í huga þegar farið er á stúfana:

- Er loftið gott í kennslustofunni?
- Er hitastigið í kennslustofunni þægilegt?
- Er hávaði í kennslustofunni? Eru margir nemendur í stofunni? Er hávaði þegar stólar og borð eru færð til? Er hávaði í loftræstingu?
- Eru klósettin hrein?
- Eru öll tækin í íþróttasalnum örugg og rétt samsett?
- Kanntu vel á þau tæki sem þú notar í smíðastofunni? Ertu örugg(ur) þar?
- Eru hættuleg efni í efnafræðistofunni sem þarf að ganga vel frá?
- Er vinnuástaða þín í lagi? Passa borðið og stóllinn fyrir þig?
- Er hávaði í matsalnum? Hversu mikill frá 1-10? Væri hægt að skipuleggja matartíma öðruvísi til að minnka hávaða??
- Er skólalóðin söltuð eða settur á hana sandur í hálfu?
- Ertu örugg(ur) alls staðar í skólanum?
- Líður þér vel í skólanum?
- Tekur skólinn á átökum og deilum?
- Er virk eineltisáætlun í skólanum?
- Eru öll tækin á skólalóðinni í lagi?
- Eru gluggar skólans í lagi?
- Veistu hvað þú átt að gera ef kviknar í?



Listann má nýta að vild og honum má breyta og við hann bæta.

Nemendur hafa sterkar skoðanir á því sem betur má fara og hvað þarf að vera í lagi. Umboðsmaður barna í Svíþjóð gerði könnun meðal nemenda í Svíþjóð og spurði um margt í vinnuumhverfinu. Í ljós kom að nemendum þykir mikilvægast að skólinn:

- ... hafi virka eineltisstefnu sem má treysta á að virki
- ... bjóði upp á góðan og næringarríkan mat

- ... hugi að því að hafa rólegt andrúmsloft, nemendum er illa við stress
- ... passi að fullorðnir séu sýnilegir og hjálpsamir
- ... hlusti á nemendur
- ... sé þrífalegur

Ljóst er að nemendur eru sérfræðingar í vinnuumhverfi sínu og vita hvað þeir vilja enda dvelja þeir langdvölum á staðnum. Margt af því sem nemendur benda á er á valdi stjórnenda en almennar umgengnisreglur eru alls staðar og þær virðum við.

Byggt á:

Lindell, Johanna og Karin Nilsson. 2015. Arbetsmiljö, så funkar det. Arena skol-information. <http://arbetslivskoll.se/wp-content/uploads/sites/4/2017/03/arbetsmiljo-20.pdf>
Arbetsmiljön i skolan. Arbetsmiljöverket. <https://www.av.se/globalassets/filer/publikationer/broschyrer/arbetsmiljon-i-skolan-broschyr-adi565.pdf>



NÚ Í JANÚAR

Education Show

Byrjað er að bóka í ferðina á Education Show í London, á heimasíðu Fararsniðs ehf.

<https://fararsnid.is/syningar/the-education-show/>

Sýningin er frá 23. - 27. janúar 2019.

Gist er á Melia White House Hotel í "executive" herbergjum, sama dagskrá og áður. Möguleiki á skólaheimsóknnum.

Einnig getur Fararsnið séð um ferðir fyrir kennarahópa í skólaheimsóknir til Evrópu og Vesturheims".

Fararsnið ehf. - Lundur 17, 200 Kópavogi
jonkarl@fararsnid.is

Þörf á vitundarvakningu og beinum aðgerðum

Sigrún Birna Björnsdóttir

sérfræðingur í vinnuumhverfismálum hjá KÍ

Vinnuslysum kennara í leik- og grunnskólum fjölgaði á árunum 2008-2017 samkvæmt gögnum sem Vinnueftirlit ríkisins tók saman fyrir Kennarasamband Íslands. Algengust eru fallslys á jafnsléttu yfir vetrarmánuðina en einnig má sjá aukningu annars konar slysa í gögnum. Í ljós kemur einnig að tilkynningaskyldu er ábótavant og talið líklegt að enn eigi eftir að tilkynna slys frá 2017.

Gögn grunnskólans sýna að þörf er á vitundarvakningu og beinum aðgerðum í fallvörnum. Það merkir að stjórnendur verða að vera vakandi fyrir fallhættu, sérstaklega þegar frost er í kortunum. Aukning vinnuslysa kennara á árunum 2008-2017 er ljós þar sem tilkynningar fara frá 44 þegar þær eru fæstar og upp í 181 tilkynningu árið 2015 þegar þær eru flestar á þessu tímabili. Á sama tíma fjölga tilkynningum um fallslys úr 17 þegar þær eru fæstar og upp í 72 þegar þær eru flestar árið 2015. Þessum tilkynningum fjölga áberandi mikið köldustu mánuði ársins. Eins og mynd 1 ber með sér hafa enn ekki borist tilkynningar um öll vinnuslys árið 2017. Stjórnendum ber skylda til að tilkynna um vinnuslys en einnig að huga að fallvörnum enda er það beinn fjárhagslegur ávinningur fyrir skóla að halda starfsfólki sínu heilu.

Orsakir vinnuslysa á árunum 2016-17 eru margvíslegar en 118 þeirra sem tilkynnt voru reyndust fallslys á jafnsléttu (sjá mynd 2) og eiga 44 þeirra uppruna sinn vegna snjós og hálfu á leið úr og í vinnu eða í starfi. Annars konar slys verða við samgang við menn í leik og starfi, vegna hindrana í gangvegi eða bleytu á gólfi en öll flokkast þau til fallslysa á jafnsléttu og má koma í veg fyrir þau með árvekni.


Að sama skapi virðist slysum ekki fjölga jafnt og þétt í leikskólum en þeim fjölga þó einstök ár. Þannig má nefna að árin 2010, 2014 og 2016 fjölgaði tilkynningum um vinnuslys úr 50-60 talsins í 70 tilkynningar. Um leið fjölgaði beinbrotum umtalsvert. Árin 2010 og 2016 skera sig úr en þá bárust 36 tilkynningar um fallslys á jafnsléttu, þar af 14 beinbrot. Þegar skoðaðar eru tegundir fallslysa á árunum 2016-2017 má sjá að flest, eða 22 talsins, eiga sér stað vegna snjós eða hálfu, ýmist á leið í eða úr vinnu eða í starfi.

Ljóst er að aukning vinnuslysa skrifast einkum á andvaraleysi fyrir veðrabrigðum. Forvarnir ættu að vera fremur auðveldar þar sem sumar þessara orsaka blasa við, einkum nú þegar þær hafa verið dregnar fram í dagsljósið. Aukin meðvitund fyrir þeim fjárhagslega ávinningi sem það hefur í för með sér að halda starfsfólki heilu og hamingjusömu ætti að hvetja stjórnendur til að huga betur að þessum málum og upplýsa sitt fólk um mikilvægi þeirra.


Brýnt er að skólastjórnendur láti vita af vinnuslysi innan við sólarhring frá því að það verður svo vettvangsrannsókn geti farið fram. Hægt er að skila rafrænni tilkynningu á síðu Vinnueftirlits ríkisins www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd/oryggi/vinnuslys. Einnig er mikilvægt að stjórnendur haldi nákvæma atvikaskráningu allra óhappa og atvika sem eiga sér stað svo læra megi af reynslunni. Þannig verðum við öll reynslunni ríkari.

Vinnuslys í grunnskólum 2008-2017


Tilkynningar um vinnuslys berast seint, slys 2016 og sérstaklega 2017 eru fleiri.



Fallslys á jafnsléttu í grunnskólum 2016-2017, orsök slyss



Fallslys á jafnsléttu hjá leikskólum 2016-2017, orsök slyss



Svona verður námsefni til

Harpa Pálmadóttir og Auður Bára Ólafsdóttir
ritstjórar hjá Menntamálastofnun

Fyrr hvað skyldu tölurnar 560.000, 40.000, 183, 25-40 standa? Árlega dreifir Menntamálastofnun um 560.000 námsbókum til ríflega 40.000 nemenda í 183 grunnskóla landsins. Fjöldi nýrra útgefna titla er að jafnaði 25-40 á ári hverju. Það er jú eitt af mörgum hlutverkum Menntamálastofnunar að sjá grunnskólanemendum fyrir vönduðum og fjölbreyttum námsgögnum.

Hvað á að semja?

Margir koma að ákvörðun um útgáfu á nýju námsefni. Ritstjórar á miðlunarsviði Menntamálastofnunar sjá um að kanna þörfina og eftirspurn eftir nýju námsefni, t.d. með greiningarvinnu faghópa og -félaga, kónunum meðal kennara og annars skólafólks eða viðtölum við nemendur og kennara. Heimsóknir í skólana eru sérlega gagnlegar í þessu samhengi til að ræða við nemendur og kennara um inntak og útlit námsefnis; hvað sé gott og hvað megi gera betur.

Námsefni er samið með hliðsjón af áherslum og viðmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla, auk þess er tekið mið af ábendingum og kröfum sem koma fram í gátlista Menntamálastofnunar. Áhersla er á að námsefnið hæfi aldri og þroska nemenda, tali með beinum og/eða óbeinum hætti fyrir mannréttindum og jafnrétti, sé laust við hvers konar fordóma og mismuni ekki kynjum eða þjóðfélagsþópum svo fáein atriði séu nefnd. Auk þess koma fram kröfur sem snerta kennslufræðilegar áherslur, framsetningu og málfr. Því er að mörgu að hyggja við gerð námsefnis.

En hvernig verður námsefni til?

Þegar ákvörðun um útgáfu námsefnis liggur fyrir fær ritstjóri höfund í verkið. Við val á höfundi leitar ritstjóri eftir

ábendingum frá fagfélögum kennara í einstökum greinum, menntastofnunum og sérfræðingum sem þekkjá vel til á því námssviði sem um ræðir. Höfundur vinnur síðan eftir verklýsingu þar sem tilgreind eru markmið, áherslur og inntak þess námsefnis sem um ræðir. Handrit fer gjarnan nokkrar ferðir á milli höfundar og ritstjóra áður en það er sent í faglegan yfirllestur og að lokum í málfræðilestur. Rík áhersla er lögð á að teikningar og ljósmyndir prýði námsefnið og styðji við textann og því eru ritstjórar í miklum tengslum við myndskreyta. Þegar hvort tveggja er tilbúið – texti og myndir – er handritið sent í hönnun og umbrot eða forritun sé um stafrænt námsefni að ræða. Hönnunar- og umbrotsferli krefst náinnar samvinnu ritstjóra, höfunda, hönnuða, prentsmiða og eftir atvikum forritara. Mikil samvinna felst í þessu ferli en hún er nauðsynleg til að útkoman verði eins og best verður á kosið, þ.e. gæðanámsefni.

Hvað er bókablikk?


Tvisvar á ári, að vori og að hausti, stendur Menntamálastofnun fyrir útgáfudegi námsefnis. Um er að ræða nokkurs konar uppskeruhátíð miðlunarsviðs, þar sem höfundar, myndskreytar, kennarar, skólastjórnendur og aðrir áhugasamir um námsefni koma saman og kynna sér allt það nýjasta í námsefnisútgáfu Menntamálastofnunar. Þar gefst gestum tækifæri til að glugga í nýútgefið námsefni, spjalla saman og hitta aðra sem deila með þeim ástríðunni fyrir faglegu skólastarfi. Í aðdraganda útgáfudags er væntanlegt námsefni kynnt á vefsíðu Menntamálastofnunar undir yfirskriftinni Bókablikk. Þar má sjá umfjöllun og sýnishorn úr efninu.

Útgáfudagarnir hafa verið vel sóttir. Fyrir Menntamálastofnun er ómetanlegt að fá tækifæri til að taka á móti öllu því góða fólki sem sýnir okkar starfi áhuga. Við þökkum öllum fyrir komuna sem litu inn á síðasta útgáfudegi.



Íslenska Geimurinn | Hrafninn

Geimurinn er ný bók í lestrarbókaflokknum Heimur í hendi og Hrafninn í flokknum Milli himins og jarðar. Við gerð þeirra var leitast við að höfða til áhugamála og hugðarefna nemenda á yngsta, mið- og unglingsstigi. Efnistöð voru ákveðin eftir samtöl við bókasafnskennara og skriflegar kannanir meðal nemenda sem voru spurðir hvað þá langaði helst að fræðast og lesa um.



Danska Tak

Allt námsefni í flokknum Tak er komið út. Um er að ræða fjölbreytta texta mismunandi að lengd og þyngd, ýmiss konar verkefni og hlustunarefni. Flétt að er saman færniþáttum og reynt að höfða til sem flestra nemenda.



Stærðfræði Yngsta stig

Dúndurstrákurinn, Ljósín í blokkinni, Safnið mitt og Stuð á stærðfræðisýningu eru lestrarbækur með stærðfræðitengdum viðfangsefnum. Þau eru samlagning, frádráttur, sætisgildi og form. Bækurnar nýtast nemendum í lestrarnámi og kennurum við stærðfræðikennslu.

Aðsend grein

Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands



Gæðastjórnunarkerfi fyrir menntastofnanir

ISO 21001:2018

Staðlar eru í grunninn viðmið um bestu framkvæmd (e. best practices) verkefna sem sérfræðingar á tilteknu sviði hafa sammælast um. Staðlar auðveldla stjórnendum skipulagsheilda að varða leiðina að bestu stjórnarháttum, viðmiðum og aðferðum þeirra bestu á viðkomandi sviði.

ISO 21001:2018 er alþjóðlegur staðall sem gefinn var út fyrr á árinu. Heiti hans á ensku er „Educational organizations – Management systems for educational organizations – Requirements with guidance for use.“ Hann er skrifaður af tækninefnd innan ISO sem skipuð er fulltrúum 41 þjóðar undir forystu Kóreu. Staðallinn er byggður upp eins og aðrir gæðastjórnunarstaðlar og lýtur að altækri gæðastjórnun í menntastofnunum. Í honum er lögð sérstök áhersla á nemendur og aðra haghafa, þátttöku hlutaðeigandi, ferla, úrbætur, ákvarðanir byggðar á gögnum, samfélagslega ábyrgð, siðferðileg viðmið, upplýsingaöryggi og margt fleira.

ISO 21001:2018 skilgreinir hlutverk stjórnenda, auðveldar þeim að viðhalda áherslu á þörfum nemenda og greina áhættu og möguleika í skólasterfinu. Einnig gefur hann leiðbeiningar um það hvernig stefna er þróuð og mótuð og um áætlanagerð. Í honum eru sömuleiðis leiðbeiningar um samskipti við birgja og þjónustuveitendur utan stofnunar. Þá gera gæðastjórnunarkerfi eins og ISO 21001:2018 ráð fyrir reglubundnu árangursmati og endurskoðun á ferlum í þeim tilgangi að leita stöðugt tækifæra til úrbóta. Staðallinn hefur að geyma viðauka sem varða



Í staðlinum er lögð sérstök áhersla á nemendur og aðra haghafa, þátttöku hlutaðeigandi, ferla, úrbætur, ákvarðanir byggðar á gögnum, samfélagslega ábyrgð, siðferðileg viðmið, upplýsingaöryggi og margt fleira.

Frekari upplýsingar fást hjá Staðlaráði Íslands eða á www.stadlar.is.

sérstaklega menntastofnanir fyrir allra yngstu nemendurna, skilgreiningu haghafa og samskipti við þá, skilgreiningu á ávinningi af upptöku staðalsins, skilgreiningar á ferlum, mælingum og verkfærum sem notuð eru til mats og mælinga við stjórn menntastofnana og upplýsingar um ýmsa þætti er varða heilsu og öryggi nemenda, kennara og annars starfsfólks.

Staðallinn er því ómetanlegur leiðarvísir um viðmið þeirra bestu varðandi upptöku gæðastjórnunarkerfis innan menntastofnunarinnar og hagnýtar leiðbeiningar um fjölmarga stjórnþætti menntastofnana. Engin krafa er gerð um vottun staðalsins, heldur er hann eingöngu hugsaður sem gagnlegt viðmið um stjórnhætti þeirra bestu. Með góðri ráðgjöf um innleiðingu er upptaka hans því með öllu á ábyrgð skipulagsheildanna sjálfra. Gæðastjórnun eins og sú sem hér um ræðir á við um allar stærðir og gerðir skipulagsheilda. Stærð skiptir því ekki máli þegar kemur að því að taka upp gæðakerfi, endurskoða stjórn- og starfshætti og sækjast eftir að starfa eins og þeir sem bestir eru.

Staðallinn gagnast þeim sem vilja koma á altækri gæða- og árangursstjórnun innan menntastofnunar. Innleiðing slíks staðals krefst ráðgjafar og beinnar aðkomu starfsmanna og haghafa. Kostnaður við innleiðingu gæðakerfa skilar sér margfalt til baka, bæði hvað varðar rekstrar-kostnað, aukið hagræði og skipulag þar sem komið er í veg fyrir mistök og nýting á starfsfólki og öðrum aðföngum batnar. Ávinningur af upptöku slíks kerfis er því verulegur, bæði á efnahagslegu sviði og öðrum.



Tölvutek færði skólanum 25 fartölvur að gjöf

Allir nemendur Þelamerkurskóla hafa nú aðgang að fartölvu.

Starfsmenn Tölvuteks heimsóttu Þelamerkurskóla og færðu nemendum og kennurum 25 fartölvur að gjöf.

Þelamerkurskóli hlaut í haust verðskuld- aða fartölvugjöf eða 25 fartölvur frá Tölvuteki. Tölvutek auglýsti síðasta vor eftir skólum til að taka við slíkri tölvugjöf og skráðu yfir 50 skólar sig til leiks. Í rökstuðningi Tölvuteks fyrir valinu kom meðal annars fram að Ingileif Ástvaldsdóttir, skólastjóri og umsóknaraðili Þelamerkurskóla, hafi farið á Boot Camp með „Edtech Team“ í notkun verkfæra Google í skólastarfi. Því sem hún lærði þar hefur verið miðlað til annarra kennara í skólanum og líka á bloggi hennar www.barabyrja.is en það er vinsælt meðal kennara víðs vegar um landið. Þelamerkurskóli stóð fyrir Google for Education námskeiði fyrir sína kennara auk þess sem þangað var boðið 20 kennurum úr nálægum skólum. Í innleiðingarferli Google for Education hafa kennarar í Þelamerkurskóla hist reglulega til að ræða saman um hvað þeir hafa verið að gera með Chromebook tölvunum og Google for Education umhverfinu og deila upplýsingum sín á milli.

Nú þegar hafa kennarar Þelamerkurskóla nýtt sér vefþjálfun Google til að öðlast fyrstu viðurkenninguna sem „Google Certified Educator“ og nokkrir þeirra hafa þegar fengið hana. Markmiðið er að allir kennarar skólans þjálfist í notkun verkfæra Google for Education og nýti þau með nemendum.

Síðsumars fóru fulltrúar frá Tölvutek norður til að afhenda tölvurnar og fengu í leiðinni kynningu á skólanum. Ingileif segir þessa gjöf hafa mikla þýðingu fyrir nemendur og kennara skólans. Gjöfin hefur gert þann draum að veruleika að allir nemendur skólans, frá 1.-10. bekk, hafi aðgang að fartölvu. Gjöfin gefur því öllum nemendum skólans jafna möguleika á að nýta verkfæri Google í skólastarfi (G Suite for Education) í námi sínu. Reynslan sýnir að aukid aðgengi að tækjum er forsenda þess að innleiðing á notkun slíkra verkfæra verði árangursrík. Við afhendinguna kom fram að nemendur og kennarar skólans munu gera sitt besta til að nýta tölvurnar sem best og miðla til annarra reynslu sinni af notkun þeirra og Google umhverfisins í skólanum.

Skólavefurinn.is kynnir

Hvar eru löndin í heimsálfunum?

Evrópa Suður-Asía Ameríka
Eyjaálf Norður-Ameríka
Afríka

NÝTT

Aðsend grein

Ólafur Stefánsson



Hugmyndafræði KeyWe

I

sex ár fáum við að rannsaka veruleikann á eigin forsendum. Í sex ár er veruleikinn ímyndunaraflíð. Síðan byrjum við í grunnskóla og við kynnumst alls kyns raunvísindalega réttum svörum. Magn

þessara réttu svara eykst hratt og stöðugt með hverju árinu sem líður. Afleiðing: Persónulega rannsóknin og túlkunin gleymist. Ég, barnið, skipti ekki lengur máli í stóra samhenginu. Veruleikinn breytist í alvarleika, aðgreining og samkeppni hefst, ímyndunaraflíð dofna. Trúin á töfra leiksins dofna. Tíðni hláturs minnkar og vafinn og oft leiðinn eykst. Ómeðvituð, óumflýjanleg og ósýnileg afleiðing þess síðastnefnda er að barnið leitar orsaka leiðans hjá öðrum en sjálfu sér. Við, áður börn, nú fullorðin, þjálfumst í að gefa öðrum vald yfir gleði okkar. Við afhendum öðrum töfrasprotann okkar. Tilfinningasjálfsábyrgðin þroskast aldrei. Þekkjum ekki einu sinni hugtakið.

Leiðin gegn þessum ósýnilega ræningja skýrtrar og kröftugar sjálfsmyndar er að byrja að meta og viðurkenna ímyndunarafl nemenda sem þekkingu. Við fullorðna fólkið erum ómeðvitaðir hliðverðir alvarleikans. Við vorum dáleidd og kunnum ekkert annað en að gera það sama við næstu kynslóðir. Við hin fullorðnu þurfum að rekja til baka hugmyndir okkar og skilyrta tengingar. Ímyndunaraflíð er eini gríðastaður hjarta barnsins innan menntastofnunarinnar. Í túlkun þess liggja öll okkar svör. Öll. Við verðum að finna jafnvægi; leiðir til að leyfa

raunvísindakennsluáferðum að dansa MED ímyndunaraflinu. Ekki kæfa það.

Hvað varðar spurninguna um mikilvægustu starfseiginleika framtíðarinnar þá tikkar notkun á KeyWe, til þjálfunar þeirra eiginleika, í mörg box - sérstaklega varðandi samvinnuhæfileika, sköpunargáfu, tilfinningagreind og gagnrýna og sveigjanlega hugsun.



Við fullorðna fólkið erum ómeðvitaðir hliðverðir alvarleikans. Við vorum dáleidd og kunnum ekkert annað en að gera það sama við næstu kynslóðir.

Hvað er KeyWe?

KeyWe er forrit og nokkurs konar hugmyndahvetjandi stafræn glósubók. Forritið er netsíða þar sem hægt er að tengja saman nemendur, kennara, skóla og svo allt skólasamfélagið. Í forritinu eru búnir til kubbar og í þeim er hægt að geyma hvers konar stafrænt efni. Við hvern kubb er hægt að tengja svokölluð hugtögg sem eru nokkurs konar merkimiðar sem búa til tengingar á milli verkefna. Forritið virkar í hvaða nettengda tæki sem er.

Hvernig styður KeyWe við eigin hugmyndafræði?

Forritið eykur sjálfstæði nemenda og gefur þeim tækifæri á að túlka að eigin vild þar sem túlkun hvers og eins er sótt og virt. Nemendur fá tækifæri til að hugsa „út fyrir kassann“, lesa á milli lína og setja mark sitt á það sem þau eru að skoða/læra hverju sinni. Hugtöggin tengja saman líka atburði/atvik/myndir og kubbarnir verða gagnabanki til framtíðar. Nemendur hafa tækifæri til að glósa/geyma/tengja með skapandi hætti. Auðvelt að vista hvers konar efni á KeyWe svo sem myndbönd, myndir, texta og vefsíður.

KeyWe er gott tæki til að að halda utan um margs konar verkefni. Það nýtist bæði kennurum og nemendum til að víkka sjóndeildarhring sinn. Besta leiðin til að nálgast nemanda og bæta við þekkingu hans er að vita hvar hann stendur og hvað hann veit nú þegar. KeyWe gefur kennurum ákveðnar vísbendingar um það og um áhugasvið nemenda. Það er þægileg leið til að halda utan um verkefni sem ná yfir lengri tíma og bætist sífellt í, t.d. heimalestur. Kennarar geta auðveldlega deilt verkefnum sínum með öðrum kennurum.

Ávinningur þess að vinna með KeyWe

Flestir skólar eru farnir að nýta snjalltæki/tölvur í námi og kennslu. Með þeim má efla ábyrgð nemenda á eigin námi og tækin auðvelda nemendum að gera fjölbreytt verkefni og hvetja til sjálfstæðra vinnubragða. Þeir hafa í höndunum tæki og tól sem gera þeim kleift að efla sig að vild í því sem vekur áhuga þeirra.

Nemendur hafa aðgang að kubbum sínum þrátt fyrir að þeir flytjist á milli skólastiga eða ljúki námi. Þeir geta deilt verkefnum sínum með hverjum sem er og unnið saman í verkefnum.


Nemendur nota sjónminni sitt sem hjálpar þeim að halda utan um þælingar sínar, nám og upplifun og tengingar.

Kennarar eiga auðvelt með halda utan um verkefnisgerð, þau verkefni sem þeir eiga nú þegar og þau verkefni sem enn eru í vinnslu nemenda. Eins geta þeir spjallað við nemendur á meðan þeir eru að vinna í kubbum sínum. Kennarar geta mælt skapandi hugsun nemenda í rauntíma með því að fylgjast með frumleika hugtagganna. KeyWe er kjörin leið til að kanna áhugasvið og þankagang nemenda og laga verkefni að nemendahópnum.

Nú þegar hefur myndast ágætis gagnabanki fyrir kennara, bæði til að nota beint og laga að sínum nemendum. Það ýtir undir þátttöku kennara í lærdómssamfélaginu. Kennara skortir tíma til að sinna öllum sínum verkefnum en með því að vera þátttakendur í lærdómssamfélaginu styðja þeir hvern annan og lærdómssamfélagið ýtir undir frekari þróun í átt að breyttum þörfum í nútímasamfélagi.

Líf nemenda dagsins í dag fer að stórum hluta fram í netheimum

og á samfélagsmiðlum. KeyWe er einmitt þar. Í raun er greiðasta leiðin að félagsheimi nemenda í gegnum stafræna miðla þar sem nemendur kannast við það umhverfi og eiga auðvelt með að aðlagast því. KeyWe býður upp á þann heim, stað til að geyma allt stafrænt sem nemendur vilja eiga auk þess að gefa kennurum vísbendingar um hvar best er að nálgast nemandann. Nauðsynlegt er að skólinn bregðist við því og aðlagi kennsluhætti sína að stafrænu umhverfi til þess að höfða sem best til nemenda sinna.



Nýtt á Íslandi

Perlur sem ekki þarf að strauja, einungis sprauta vatni yfir og perlurnar límast saman.

Varmás - Skólavörur
Markholt 2, Mosfellsbæ
sími 566-8144

Vekjum athygli á því sem vel er gert

Í

myndin af gamla geðilla kennaranum með flösum er lífseig og því miður er hún enn oft dregin upp í fjölmiðlum. Við erum sjaldnast í vinnunni og

ef við erum þar gerum við mest lítið nema búa okkur undir líf á himinháum eftirlaunum ef við nýtum ekki tímann til að koma okkur fyrir í veikindaorlofi. Síðustu mánuði hef ég verið svo heppin að kynnst íslensku skólafólki frá ýmsum hlíðum. Þau kynni hafa verið vægast sagt gefandi og enn hef ég ekki hitt þennan gamla geðilla heldur hef ég kynnst frábæru fagfólki í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum sem leggur sig allt fram um að búa nemendur sína undir líf og starf. En lífið er auðvitað ekki einungis eftir að skólagöngunni lýkur heldur blómstar lífið einnig í skólunum.

Skólafólki til fyrirmyndar

Í sumarbyrjun fékk ég tækifæri til að eyða degi í leikskóla í höfuðborginni. Áður en ég kom í heimsókn var mér sagt að skólafólkið væri orðið fremur laust í reipunum, þar sem börn væru farin að fara í sumarleyfi og einhver þegar útskrifuð og hætt í leikskólanum, og útivera væri því í veigamiklu hlutverki. Þennan dag var einmitt hjóladagur og börnin höfðu fengið að koma með hjól í skólann eða gátu fengið lánuð. Skólafólkið sem ég kynntist þennan dag var stórkostlegt. Í upphafi dags, meðan börnin tindust í skólann, léku þau sér með kubba eða plötur sem höfðu hin ýmsu form, sumir voru þríhyrdir, aðrir ferhyrdir o.s. frv. og á örfáum mínútum sá ég fjögurra ára börn tileinka sér mörg hugtök og leita svara við áhugaverðum spurningum. Næst á dagskránni var hjólaferð þar sem hver aldurshópur fór fyrirfram ákveðna leið sem var sniðin að þörfum hvers og eins. Hópurinn sem ég fylgdi hjólaði skemmtilega hjólastíga á nærliggjandi leikvöll. Á leiðinni var tækifærið notað og þeim sagt frá því sem fyrir þá, fánur og flóru. Strax á leiðinni var ljóst að eitt leiktækið, aparólan, væri langvinsælast og því reyndi það á lítil börn að passa að allir fengu bunu í henni, það þurfti að



Anna María Gunnarsdóttir
varaformaður
KÍ

bíða, gæta þess að allir fengu sína bunu og þar fram eftir götunum.

Þessi dagur var ævintýri líkastur. Við tók nesti, heimferð, hádegismatur, garðrækt, bók-lestur, önnur hjólaferð, frjáls leikur og svo mætti lengi telja. Allan daginn voru kennararnir vaknir og sofnir yfir börnunum og hver mínúta var nýtt til náms en samt alltaf á forsendum barnanna.

Skólafólkið sem ég kynntist þennan dag var algerlega til fyrirmyndar og sömu sögu er að segja af öðru skólafólki sem ég hef kynnt síðan í vor. Kennarar í tónlistarskólum búa við þann veruleika að þeirra vinnudagur hefst seinni partinn og þeir kenna gjarnan í mörgum skólum en samt er þess gætt að hver nemandi blómstri þar á sínum forsendum. Grunnskólarnir státa af fjölbreyttu starfi og margt frábært er í gangi.

Nýsköpun og fagmennska

Grósku í skólafólki má sjá víða. Á samfélagsmiðlasíðum má sjá viðburði tengda kennslu á nærri hverjum degi og alls kyns hópar og síður sem fjalla um nýsköpun í kennslu, kennsluáferðir, lærdómssamfélög og menntun. Í hópnum Glaðir og kátir kennarar á Facebook má fylgjast með mikilli nýsköpun, hugmyndaauðgi og fagmennsku. Kennarar vekja athygli á málþingum, miðla kennslufni og vekja athygli á

því sem vel gefst. Alls kyns faghópar og faggreinafélög eru skapandi og kennarar keppast við að bæta hæfni sína. Ekki er svo langt síðan að eitt elsta og öflugasta faggreinafélag kennara, Samtök móðurmálskennara, hélt upp á fjórutíu ára afmæli sitt með málþingi. Málþingið var haldið á laugardegi en það kom ekki í veg fyrir að tugir móðurmálskennara af öllum skólastigum væru tilbúnir að eyða frídegnum sínum til að fjalla um íslenskukennslu og hitta samverkafólk úr öðrum skólum.

Ög þetta er ekkert einsdæmi. Sem dæmi má nefna tvö verkefni. Í Samspili 2018, starfsþróunarverkefni á netinu sem er í þann veginn að fara í gang, blandast saman fræðsla og samnýting þekkingar. Í verkefni sem hlotið hefur heitið Mennta- búiðir koma kennarar saman og miðla eigin þekkingu og reynslu og læra hver af öðrum.

Síðustu mánuði hefur mikið verið rætt um skort á kennurum og dókk mynd dregin upp af framtíðinni. Þegar um- ræðunni er sífellt beint að álagi, slæmum launum og lélegri vinnuástöðu er hætta á að skólafólki sé talað niður og í því felst viss hætta. Miklu skiptir að vekja athygli á fagmennsku stéttarinnar. Skólafólk vítt og breitt af landinu sameinar sífellt krafta sína í þágu menntunar barna og unglinga. Íslenskir kennarar eru vel menntaðir og mörg afbragðsgóð verkefni eru í gangi. Vekjum því athygli á því sem vel er gert og tölum fyrir menntun barna og unglinga.

Aðsend grein

Hildur Þórarinsdóttir lögmaður



Aukin réttindi fyrir börn

Ný lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga tóku gildi hér á landi í júlí

á þessu ári en með þeim var leidd í íslenskan rétt persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins. Þótt margt í nýju lögunum sé óbreytt frá eldri löggjöf innihalda þau ýmsar nýjar reglur. Má þar t.d. nefna aukin réttindi fyrir einstaklinga, þ.m.t. börn. Helstu breytingar sem tengjast skólasterfi tengjast m.a. svokallaðri ábyrgðarskyldu sem felur í sér að skólar eru ábyrgir fyrir því að farið sé að meginreglum um persónuvernd og þurfa auk þess að geta sýnt fram á það. Einnig þarf að liggja fyrir skrá yfir vinnslustarfsemi, auk þess sem skylt er að tilkynna Persónuvernd um öryggisbrest. Einnig ber öllum stjórnvöldum, þ.m.t. öllum skólum, að tilnefna persónuverndarfulltrúa en samnýting þeirra er reyndar möguleg. Þá eru nýmæli í lögunum varðandi sektarheimildir Persónuverndar. Undanfarið hafa Persónuvernd, Heimili og skóli og SAFT unnið að fræðslufni fyrir grunnskóla landsins um

persónuvernd í íslensku skólasamfélagi sem verður vel kynnt auk þess sem boðið verður upp á fræðslu um persónuvernd fyrir skólastjórnendur, kennara og foreldra í vetur.

Þarf að vanda til verka

Gríðarlega umfangsmikil söfnun upplýsinga á sér stað í skólum landsins. Því skiptir afar miklu máli að vandað sé til verka við slíkar skráningar, ekki síst í ljósi þess að um er að ræða upplýsingar sem fylgja barninu alla tíð. Áður en persónuupplýsingar um nemendur eru skráðar í rafrænt upplýsingakerfi, t.d. Mentor eða Innu, verður alltaf að gæta þess að heimild sé til að skrá upplýsingarnar samkvæmt persónuverndarlögum. Oftast hvílir lagaskylda á viðkomandi skóla að skrá ýmsar upplýsingar í slík upplýsingakerfi, og svo lengi sem skráningin er innan þeirra marka og í samræmi við verklagsreglur, sem nauðsynlegt er að skólar setji sér, er hún heimil. Auk þess verður öll skráning að samrýmast grunnkröfum persónuverndarlaganna. Skólastjórnendur bera ábyrgð á því að vinnsla persónuupplýsinga um nemendur séu í samræmi við lög.

Réttur á einkalífi


Réttur barna til friðhelgis einkalífs er tryggður í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og því mjög mikilvægt að foreldrar og aðrir sem annast börn séu meðvitaðir um réttindi barna til persónuverndar. Miðlun persónuupplýsinga um börn í gegnum samfélagsmiðla telst vera vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögum. Því er mikilvægt að afla samþykkis barna áður en rætt er um þau þar eða birtar af þeim myndir, að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska. Bent hefur verið á að brýnt sé að hafa í huga að allt sem birt er á Netinu má finna síðar og getur haft áhrif á líf barns með ýmsum ófyrirséðum hætti. Börn eiga rétt á sínu einkalífi og um leið að geta ákveðið hvaða upplýsingum um sig þau vilja deila og með hverjum.

Auknar kröfur til samþykkis


Nýju lögin kveða líka á um auknar kröfur til samþykkis. Samþykki þarf þannig að vera upplýst, óþvingað og ótvírætt. Það þýðir að sá sem er spurður verður að vita nákvæmlega hvað hann er að samþykkja og samþykkið verður að vera veitt af fúsum og frjálsum vilja. Auk þess þarf það að fela í sér sérstaka aðgerð eða yfirlýsingu, sem þýðir til dæmis að ekki er hægt að líta á þögn sem samþykki. Þá er samþykki foreldris eða forsjáraðila nauðsynlegt fyrir börn yngri en 18 ára.

Réttur barna til friðhelgis einkalífs er tryggður í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og því mjög mikilvægt að foreldrar og aðrir sem annast börn séu meðvitaðir um réttindi barna til persónuverndar.

Krossgáta



▶ LAUSN SÍÐUSTU GÁTU



Lárétt

- ▶ **1.** Ljóð sem hefur línurnar „Drottinn minn gefi dauðum ró, og hinum líkn er lífa.“ (9)
- ▶ **5.** Breskt leikskáld, fæddur í Tékkóslóvakíu sem samdi m.a. „Rosencrantz and Guildenstern Are Dead“ og „Shakespeare in Love“. (3,8)
- ▶ **11.** Planta sem er betur þekkt sem estragon eða tarragon. (10)
- ▶ **12.** Uppfylling í Reykjavík kennd við borgarstjóra Reykjavíkur á þeim tíma sem hún var gerð. (8)
- ▶ **14.** Forn tungumál sem bókin Rigveda var skrifuð á. (8)
- ▶ **15.** Outlook er frægasta dæmið um þetta. (10)
- ▶ **16.** Ísraelskur herforingi, systursonur Davíðs. (4)
- ▶ **17.** Forn þjóðflokkur sem bjó á Pýreneaskaganum. (6)
- ▶ **20.** Stofnun sem annast dreifingu á rafmagni. (8)
- ▶ **23.** Hinn fullkomni riddari, sonur Lancelots. (7)
- ▶ **25.** „Stanslaust stuð að _____“. (6)
- ▶ **29.** Skýið saman sett úr silki-gljáandi rákum hátt í gufuhvolfinu. (9)
- ▶ **30.** Fjallið sem Svanur á Svanshóli gekk í eftir dauða sinn. (9)
- ▶ **31.** Persóna úr Spaugstofunni sem er leikin í stíl þöglu myndanna. (4)
- ▶ **32.** Annað heiti soppmosa. (10)
- ▶ **33.** Jolly _____, heiti sjóræningafána á ensku. (5)
- ▶ **34.** Heiti grískis bókstafs sem líkist T. (3)
- ▶ **36.** Hljóðkerfislega breytingin sem veldur því að a verður ö eða u á undan u. (1-11)
- ▶ **37.** Hávaxið gras sem vex í votlendi, með stíft strá sem ber tíu blóm. (10)
- ▶ **40.** Stílblagð sem felst í því að nota vægara orð en raunhæft er. (11)
- ▶ **42.** Danskur erkibiskup, vinur Valdimars mikla. (7)
- ▶ **43.** Staður sem framleiðir orku. (7)
- ▶ **44.** Þriðja stærsta ríki Afríku. (5)
- ▶ **45.** Myndræn framsetning á ferli falls. (7)
- ▶ **46.** Íslensk hljómsveit sem spilaði þjóðlagatónlist á áttunda áratugnum. (7)

Lóðrétt

- ▶ **1.** Borgríki á eyju við Malakkaskaga. (8)
- ▶ **2.** Titus _____, rómverskur sagnaritari. (6)
- ▶ **3.** Persóna sem leikarinn David Schwimmer gerði fræga í sjónvarpsþáttum. (4)
- ▶ **4.** Ávextir Olea europaea. (6)
- ▶ **6.** Höfundur „Ævintýra Hoffmanns“. (9)
- ▶ **7.** Áströlsk eyja. (8)
- ▶ **8.** Annar sonur Príams konungs, sá sem stal Helenu. (5)
- ▶ **9.** Stórveldi þar sem Níveve var höfuðborg. (7)
- ▶ **10.** Gömul evrópsk mynt úr gulli. (5)
- ▶ **11.** Þegar Jesús dó þá rifnaði _____ musterisins. (8)
- ▶ **13.** _____ Campbell, fræg fyrirsæta. (5)
- ▶ **18.** Bygging á Ísafirði þar sem nú er menningarmiðstöð. (15)
- ▶ **19.** Það að hita hluti með rafmagni þannig að þeir bráðni saman (7)
- ▶ **21.** Stórt útivistarsvæði í Reykjavík. (13)
- ▶ **22.** Staður þar sem Hinrik fimmti Englandskonungur vann stórsigur. (9)
- ▶ **24.** Heimsþing kirkjudeilda. (11)
- ▶ **26.** Vinkona Péturs Pan. (12)
- ▶ **27.** Fjöldi í dúsíni. (4)
- ▶ **28.** Forfeður fugla (með gr.). (12)
- ▶ **31.** Annað heiti köfnunarefnis. (5)
- ▶ **34.** Algeng fiskönd hér á landi, staðfugl (með gr.). (9)
- ▶ **35.** Tónskáld sem samdi „Rakarann frá Sevilla“. (7)
- ▶ **38.** Tónverk í þremur eða fjórum hlutum, byrjar oft á allegro og á eftir kemur hægur kafla. (6)
- ▶ **39.** Svæði milli fóta og mjóalleggja. (6)
- ▶ **40.** Silkilíki, gljáandi á réttunni en matt á röngunni. (5)
- ▶ **41.** Latneskt heiti yfir sveppi (ft). (5)



LSR

Lífeyrisréttindin þín

Þekkir þú réttindi þín hjá **LSR**?

- Ellilífeyrir ævilangt
- Örorkulífeyrir komi til tekjutaps vegna sjúkdóms eða slyss
- Maka- og barnalífeyrir
- Viðbótarlífeyrissparnaður

Vertu velkomin(n) í ráðgjöf
um lífeyrismál.



LSR

Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is

Apple iPad

STYÐUR NÚNA APPLE PENCIL



Apple iPad

Apple iPad Pro

Epli veur athygli á að hægt er að fá niðurgreidd námskeið fyrir kennara þegar keyptir eru 25 iPadar eða fleiri. Reyntslumiklir kennarar kenna námskeiðin en þeir hafa allir fengið vottun frá Apple.

Námskeiðin eru af margvíslegum toga og snerta á öllu því sem viðkemur notkun iPada í skólastarfi á öllum skólastigum. Lögð er áhersla á að kennarar öðlist þekkingu sem nýtist vel í starfi.

Dæmi um námskeið:

iPad og lykilhæfni
iPad í vísindum
iPad í tungumálum
iPad í samþættu námi
iPad grunnur (læra og miðla)

iPad sem margmiðlunartæki
iPad og podcasting/hljóðfrásögn
iPad á yngsta stigi
iPad og forritun
iPad - Að kenna með iPad

Laugavegi 182 og Smáralind
Sími 512 1300 · epli.is

EPLI